



EYFIRÐINGAR Í EINA SÆNG?

**MAT Á SAMEININGU SVEITARFÉLAGA Í
EYJAFIRÐI Í EITT**

Grétar Þór Eypórsson
Jón Þorvaldur Heiðarsson
Hjalti Jóhannesson

**UNNIÐ FYRIR STÝRIHÓP UM SAMEINGU
SVEITARFÉLAGA VIÐ EYJAFJÖRÐ**

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	1
1.1. EFNISTÖK	2
1.2. UPPBYGGING SKÝRSLUNNAR.....	2
1.3. RANNSÓKNARTEYMIÐ	3
2. GÖGN OG AÐFERÐIR.....	4
3. BAKGRUNNUR	6
3.1. EYJAFJÖRÐUR Í HNOTSKURN	8
3.1.1 Íbúar og lýðfræði.....	9
3.1.2 Samgöngur	12
3.1.3 Breytingar á mörkum sveitarfélaga.....	12
3.1.4 Atvinnulíf.....	14
4. ÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGANNA	18
4.1 NÚVERANDI ÞJÓNUSTA Í EINSTÖKUM MÁLAFLOKKUM.....	18
4.1.1 Félagsþjónusta	18
4.1.2 Heilbrigðismál.....	21
4.1.3 Fræðslumál.....	22
4.1.4 Menningarmál	28
4.1.5 Æskulýðs- og íþróttamál	31
4.1.6 Brunamál og almannavarnir	33
4.1.7 Hreinlætismál	34
4.1.8 Skipulags- og byggingarmál.....	35
4.1.9 Umferðar- og samgöngumál	39
4.1.10 Umhverfismál	40
4.1.11 Atvinnumál	41
4.1.12 Hafnir og veitur (B-hluta fyrirtæki)	42
4.1.13 Stjórnsýsla sveitarfélaganna og sameiginlegir rekstrarþættir.....	45
4.2. ÞJÓNUSTA Í SAMEINUÐU SVEITARFÉLAGI.....	46
4.2.1 Félagsþjónusta	46
4.2.2 Fræðslumál.....	48
4.2.3 Menningarmál	50
4.2.4 Æskulýðs- og íþróttamál	52
4.2.5 Brunamál og almannavarnir	53
4.2.6 Hreinlætismál	54
4.2.7 Skipulags- og byggingarmál.....	55
4.2.8 Umferðar- og samgöngumál	58

4.2.9	Umhverfismál	59
4.2.10	Atvinnumál	60
4.2.11	Hafnir og veitur (B-hluta fyrirtæki)	60
4.2.12	Stjórnsýsla sveitarfélaganna og sameiginlegir rekstrarþættir.....	62
4.3.	ÁHRIF Í EINSTÖKUM SVEITARFÉLÖGUM	64
4.3.1	Akureyri.....	64
4.3.2	Arnarneshreppur	65
4.3.3	Dalvíkurbyggð.....	66
4.3.4	Eyjafjarðarsveit.....	67
4.3.5	Grímseyjarhreppur.....	68
4.3.6	Grytubakkahreppur	70
4.3.7	Hörgárbyggð	71
4.3.8	Ólafsfjörður.....	72
4.3.9	Siglufjörður	74
4.3.10	Svalbarðsstrandarhreppur	75
5.	STJÓRNKERFI SVEITARFÉLAGANNA VIÐ EYJAFJÖRD	77
5.1	STAÐA.....	77
5.1.1.	Sveitarstjórnir og nefndir	77
5.2.	STJÓRNKERFIÐ Í NÝJU SVEITARFÉLAGI	79
5.2.1.	Sveitarstjórnir og nefndir	79
5.2.2.	Stjórnsýsla	82
6.	REKSTUR OG FJÁRMÁL	87
6.1	TEKJUR.....	87
6.1.1	Útsvar	88
6.1.2.	Fasteignaskattur.....	89
6.1.3	Framlög úr jöfnunarsjóði.....	90
6.1.4	Skattaígildi	90
6.2	ÚTGJÖLD	91
6.2.1	Sameiginlegur kostnaður.....	92
6.2.2	Brunamál og almannavarnir	94
6.2.3	Umferðar- og samgöngumál	95
6.2.4	Fræðslu- og uppeldismál.....	96
6.2.5.	Aðrir málaflókkar.....	97
6.2.6	Útgjöld stórra og lítilla sveitarfélaga	101
6.2.7	Útgjöld vegna nefndarsetu	101
6.3.	FJÁRHAGSSTAÐA SVEITARFÉLAGANNA	102
6.3.1.	Eignir og skuldir.....	103

6.3.2	Handbært fé frá rekstri.....	104
6.4.	REKSTUR OG FJÁRMÁL Í SAMEINUÐU SVEITARFÉLAGI	105
6.4.1	Tekjur	105
6.4.2	Gjöld.....	106
7.	HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG NOKKRAR HUGLEIÐINGAR	109
7.1	ÞJÓNUSTA.....	109
7.2	STJÓRNKERFI.....	111
7.3.	REKSTUR OG FJÁRMÁL	114
7.4.	LOKAORÐ	114
	HEIMILDIR.....	118
	VIÐAUKI 1.....	122
	VIÐAUKI 2.....	123
	VIÐAUKI 3.....	124

Myndaskrá

MYND 1	SAMEININGARSVÆÐID.....	9
MYND 2	HLUTFALLSLEG BREYTING ÍBÚAFJÖLDA 1991-2003.....	11
MYND 3	MANNFJÖLDINN Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU 1. DES. 2003 EFTIR KYNI OG ALDRI	11
MYND 4	ÞRÍR GEIRAR ATVINNULÍFSINS ÁRIÐ 2002, ÁRSVERK.....	16
MYND 5	ATVINNULEYSI, HLUTFALL AF MANNFJÖLDA 16-70 ÁRA 1. DES. 2003...	16
MYND 6	MAT ÍBÚA Í SVEITARFÉLÖGUNUM Á FÉLAGSÞJÓNUSTU	21
MYND 7	MAT ÍBÚA Í SVEITARFÉLÖGUNUM Á HEILSUGÆSLU	22
MYND 8	FJÖLDI HEILSDAGSÍGILDA Í LEIKSKÓLUM SVEITARFÉLAGSINS SEM HLUTFALL AF FJÖLDA BARNNA 2JA-5 ÁRA	24
MYND 9	MAT ÍBÚA Í SVEITARFÉLÖGUNUM Á LEIKSKÓLA	24
MYND 10	NEMENDAFJÖLDI Í SKÓLUM Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU 2001-2003.....	25
MYND 11	REKSTRARKOSTNAÐUR GRUNNSKÓLA Á SVÆÐINU ÞÚS KR. PR. NEMENDA ÁRIÐ 2003	26
MYND 12	MAT ÍBÚA Í SVEITARFÉLÖGUNUM Á GRUNNSKÓLA	27
MYND 13	MAT ÍBÚA Á ÞJÓNUSTU Í MENNINGARMÁLUM Í SVEITARFÉLÖGUNUM....	29
MYND 14	MAT ÍBÚA Á ÆSKULÝÐS- OG ÍBRÓTTAMÁLUM Í SVEITARFÉLÖGUNUM ...	31
MYND 15	SÓKN ÍBÚA Í ÞJÓNUSTU ÞVERT Á SVEITARFÉLAGAMÖRK.....	33
MYND 16	MAT ÍBÚA Á SORPHREINSUN OG -EYÐINGU Í SVEITARFÉLÖGUNUM.....	34
MYND 17	MAT ÍBÚA Á BYGGINGAREFTIRLITI Í SVEITARFÉLÖGUNUM	36
MYND 18	MAT ÍBÚA Á SKIPULAGSMÁLUM Í SVEITARFÉLÖGUNUM	37
MYND 19	STAÐA AÐALSKIPULAGS Á MIÐ-NORÐURLANDI ÁRIÐ 2004.....	38
MYND 20	MAT ÍBÚA Á UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁLUM Í SVEITARFÉLÖGUNUM	40
MYND 21	MAT ÍBÚA Á HITAVEITUMÁLUM Í SVEITARFÉLÖGUNUM.....	43
MYND 22	MAT ÍBÚA Á VATNSVEITUMÁLUM Í SVEITARFÉLÖGUNUM.....	44
MYND 23	MAT ÍBÚA Á FRÁVEITUMÁLUM Í SVEITARFÉLÖGUNUM	45
MYND 24	NÚVERANDI MEÐALFERÐATÍMI TIL SKRIFSTOFU SVEITARFÉLAGS, EFTIR SVEITARFÉLÖGUM.	83
MYND 25	ÁSÆTTANLEGUR MEÐALFERÐATÍMI TIL SKRIFSTOFU SVEITARFÉLAGS, EFTIR SVEITARFÉLÖGUM.....	83
MYND 26	TEKJUR SVEITARFÉLAGANNA ÁRIÐ 2003.....	87
MYND 27	ÚTSVARSTEKJUR ÁRIN 2002 OG 2003.....	88
MYND 28	FASTEIGNASKATTUR ÁRIN 2002 OG 2003	89
MYND 29	FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS ÁRIN 2002 OG 2003	90
MYND 30	SKATTAÍGILDI ÁRIN 2002 OG 2003	91

MYND 31	REKSTUR MÁLAFLOKKA ÁRÍÐ 2003.....	92
MYND 32	SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR Á ÍBÚA ÁRÍÐ 2003	94
MYND 33	KOSTNAÐUR VEGNA BRUNAMÁLA OG ALMANNAVARNNA ÁRÍÐ 2003	95
MYND 34	KOSTNAÐUR VEGNA UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁLA ÁRÍÐ 2003	96
MYND 35	KOSTNAÐUR VEGNA FRÆÐSLU- OG UPELDISMÁLA Á ÍBÚA ÁRÍÐ 2003..	96
MYND 36	KOSTNAÐUR VEGNA ÆSKULÝÐS- OG ÍÞRÓTTAMÁLA OG FÉLAGSÞJÓNUSTU ÁRÍÐ 2003	97
MYND 37	KOSTNAÐUR VEGNA MENNINGARMÁLA OG UMHVERFISMÁLA ÁRÍÐ 2003	98
MYND 38	KOSTNAÐUR VEGNA HREINLÆTISMÁLA OG VEGNA SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁLA ÁRÍÐ 2003	98
MYND 39	KOSTNAÐUR VEGNA ATVINNUMÁLA OG HEILBRIGÐISMÁLA ÁRÍÐ 2003.	99
MYND 40	FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGANNA ÁRÍÐ 2003	99
MYND 41	FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA OG KOSTNAÐUR VEGNA ÓVENJULEGRA LIÐA ÁRÍÐ 2003	100
MYND 42	SAMANBURÐUR Á KOSTNAÐI VIÐ REKSTUR MÁLAFLOKKA Í STÓRUM OG LITLUM SVEITARFÉLÖGUM ÁRÍÐ 2003	101
MYND 43	EIGNIR OG SKULDIR SVEITARFÉLAGANNA ÁRÍÐ 2003	103
MYND 44	SKULDBINDINGAR SVEITARFÉLAGANNA ÁRÍÐ 2003	104
MYND 45	HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI ÁRÍÐ 2003	104
MYND 46	MÖGULEIKAR SVARENDA Á AÐ Hafa ÁHRIF Á GANG MÁLA Í SVEITARSTJÓRN	111
MYND 47	ÁHERSLUR ÍBÚA SVEITARFÉLÆGA Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU Á SKATTA, ÞJÓNUSTU OG LÝÐRÆÐI	113

Töfluskrá

TAFLA 1	ÍBÚAFJÖLDI OG STÆRÐ SVEITARFÉLAGA Á EYJAFJARÐARSVÆÐINU.....	10
TAFLA 2	BREYTINGAR Á STÆRDARRÖÐ SEX MANNFREKUSTU ATVINNUGREINA Í EYJAFIRÐI 1998-2003	15
TAFLA 3	LEIKSKÓLAGJÖLD Í SVEITARFÉLÖGUNUM.....	23
TAFLA 4	FJÖLDI KJÖRINNA SVEITARSTJÓRNARMANNA Í SVEITARFÉLÖGUNUM VIÐ EYJAFJÖRÐ	77
TAFLA 5	KJÖRNIR FULLTRÚAR Í SVEITARFÉLÖGUNUM VIÐ EYJAFJÖRÐ EFTIR SVEITARFÉLÖGUM OG FLOKKUM.	78
TAFLA 6	KJÖRNIR FULLTRÚAR Í EINU SVEITARFÉLAGI VIÐ EYJAFJÖRÐ.....	79
TAFLA 7	ÚTSVARSPRÓSENTA SVEITARFÉLAGA ÁRIÐ 2003	88
TAFLA 8	ÁLAGNINGARPRÓSENTA FASTEIGNASKATTS ÁRIÐ 2003	89
TAFLA 9	KOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGA VEGNA MEÐFERÐAR SVEITARSTJÓRNARMÁLA ÁRIÐ 2003.....	93
TAFLA 10	KOSTNAÐUR VIÐ SKRIFSTOFUHALD SVEITARFÉLAGANNA ÁRIÐ 2003	93
TAFLA 11	FJÁRMAGN TIL REKSTURS SLÖKKVILÐA ÁRIÐ 2003.....	94
TAFLA 12	FRAMLÖG TIL SAMGÖNGUMÁLA ÁRIÐ 2003	95
TAFLA 13	ÚTGJÖLD UMFRAM TEKJUR Á ÍBÚA Í MÁLAFLOKKUM ÁRIÐ 2003	100
TAFLA 14	GREIÐSLUR TIL NEFNDA ÁRIÐ 2003.....	102
TAFLA 15	GREIÐSLUR FYRIR NEFNDARLAUN HÉRAÐSNEFNDAR ÁRIÐ 2003	102
TAFLA 16	BREYTINGAR Á KOSTNAÐI VIÐ SVEITARSTJÓRN, BÆJARRÁÐ OG ENDURSKOÐUN.....	106
TAFLA 17	HVERSU MIKLA SAMLEIÐ EIGA ÍBÚAR EINSTAKRA SVEITARFÉLAGA VIÐ ÍBÚA ANNARRA SVEITARFÉLAGA Í EYJAFIRÐI?	116

1. Inngangur

Í ágústmánuði árið 2003 var skipuð verkefnisstjórn til að hafa yfirumsjón með verkefni sem kallast *Átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins* og skyldi hún leggja fram tillögur um breytingar á verkaskiptingu hins opinbera, eins og það var kallað. Tillögur hennar voru lagðar fyrir ríkisstjórn í apríl 2004. Í desember 2003 skipaði félagsmálaráðherra sérstaka sameiningarnefnd sem skyldi leggja fram tillögur um breytingar á sveitarfélagaskipan með hliðsjón af breytingum á verkaskiptingu hins opinbera, og með það að markmiði að hvert sveitarfélag myndi heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði. Haustið 2004 voru tillögur hennar kynntar. Gerðar eru tillögur um sameiningu sveitarfélaga á starfssvæðum allra landshlutasamtaka og er lagt til að kosið verði um sameiningu sveitarfélaga í 80 sveitarfélögum þann 23. apríl árið 2005.

Í tillögugerð nefndarinnar varðandi Eyjafjarðarsvæðið segir svo:

Í ljósi þeirrar vinnu sem nú er í gangi um könnun á kostum sameiningar Eyjafjarðarsvæðisins alls ásamt Siglufirði og Ólafsfirði, mun sameiningarnefnd ekki gera tillögu um breytingar á sveitarfélagaskipan í Eyjafirði að svo stöddu, heldur bíða niðurstöðu þeirrar vinnu og leggja fram tillögu í kjölfarið.

Endanleg tillaga nefndarinnar bíður því þeirrar athugunar á áhrifum sameiningar alls Eyjafjarðar, sem kynnt verður í þessari skýrslu. Það er *Stýrihópur um sameiningu sveitarfélaga við Eyjafjörð* sem hefur fengið Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri til þessa verks.

Rétt er að geta þess hér í byrjun að það teymi sem vinnur að þessari athugun leggur áherslu á að skoðuð séu áhrif þess að sameina öll sveitarfélögin 10 við Eyjafjörð í eitt – hvort heldur sem þau geta talist jákvæð eða neikvæð frá ólíkum sjónarhornum. Athugunin snýst ekki eingöngu um að athuga **kosti** þess að sameina, eins og skrifað er í tillögum Sameiningarnefndar. Það er að okkar hyggju of þröng nálgun við þetta viðfangsefni. Þess vegna mun orðanotkunin *mat á áhrifum* verða tíðkuð í þessari skýrslu.

Loks er rétt að geta hér í byrjun einnar mikilvægrar grundvallarforsendu þessa verkefnis. Hugmyndin um að sameina öll sveitarfélög í Eyjafirði byggir á þeirri forsendu að göng verði grafin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Héðinsfjörð. Slíkt er grundvallarforsenda þess að

Siglufjörður verði hluti af Eyjafjarðarsvæðinu og því er gengið útfrá því í þessari athugun að Héðinsfjarðargöngin séu til staðar.

1.1. Efnistöð

Samkvæmt verklýsingu þeirri sem liggur til grundvallar samkomulaginu um verkefnið eru eftirfarandi þættir til athugunar:

- Þjónusta
 - Athuguð verða áhrif sameiningar í öllum helstu mála-flokkum í starfsemi sveitarfélaganna og reynt verður að draga upp af því mynd hvernig þjónusta og þjónustustig breytist.
- Stjórnkerfi
 - Athuguð verða áhrif á stjórnsýslukerfi, þ.e. umfang, staðsetningu og dreifingu á stjórnsýslu.
 - Athuguð verða áhrif á hið pólitíska landslag.
 - Athuguðu verða áhrif á lýðræði, einkanlega hvernig breytingarnar kunna að hafa áhrif á tengsl íbúanna við bæði fulltrúa sína og við stjórnkerfi sveitarfélagsins.
- Rekstrar- og fjármál
 - Athuguð verða áhrif á bæði tekjur og gjöld, sem og fjárhag.
 - Þetta tengist að verulegu leyti því hvaða möguleikar eru til hagræðingar í þjónustu og í stjórnkerfi.

Á grundvelli athugunar á ofangreindum þáttum leggja síðan höfundar heildstætt mat á áhrif þess að sameina öll sveitarfélögin 10 í eitt.

1.2. Uppbygging skýrslunnar

Skýrslunni er skipt í sjö kafla og að auki er að finna þrjá kafla með viðaukum.

Í öðrum kafla er gerð grein fyrir aðferðafræði og gagnaöflun.

Í þriðja kafla er gefið stuttlegt yfirlit yfir Eyjafjarðarsvæðið, staðhætti, íbúafróun og atvinnulíf, auk þess sem stiklað er á stóru um hvert og eitt sveitarfélaganna 10.

Í fjórða kafla er stöðu þjónustu í öllum málaflokkum lýst eins og hún er í hverju og einu sveitarfélagi. Þá er dregin upp mynd af því hvernig þjónusta gæti orðið í nýju sveitarfélagi, auk þess sem farið er yfir væntar breytingar á þjónustuumfangi og þjónustustigi í hverju og einu af núverandi sveitarfélögum.

Í fimmta kafla er fjallað um stjórnkerfi. Farið er yfir núverandi stöðu í sveitarstjórnnum, s.s. pólitískt landslag, fulltrúalýðræðið og nefndakerfið. Þá er gerð grein fyrir stöðu, umfangi og fyrirkomulagi í stjórnsýslu. Metin eru áhrif breytingar á alla þessa þætti og settar fram hugmyndir um nýskipan í sveitarstjórn, nefndum og í fyrirkomulagi og staðsetningu á stjórnsýslu.

Í sjötta kafla er á grundvelli þess mats sem sett er fram í köflum fimm og sex um hagræðingu í þjónustu og stjórnkerfi lagt fram mat og útreikningar á fjárhagslegum afleiðingum þess.

Í sjöunda kafla draga höfundar saman niðurstöðurnar og leggja fram heildstætt mat á áhrifum þess að sameina öll sveitarfélög í Eyjafirði í eitt og að hve miklu leyti líklegt geti talist að íbúar við fjörðinn muni velja slíka leið í kosningum þann 23. apríl 2005.

1.3. Rannsóknarteymið

Athugun þessi er unnin af þriggja manna hópi innan Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Verkefnisstjóri er dr. Grétar Þór Eypórsson stjórnfræðingur og forstöðumaður RHA, en þeir Jón Þorvaldur Heiðarsson M.Sc. hagfræðingur og Hjalti Jóhannesson MA landfræðingur hafa unnið verulegan hluta verksins.

2. Gögn og aðferðir

Í þessari athugun eru notaðar þrjár megin aðferðir við gagna og upplýsingaöflun.

- Í fyrsta lagi, viðhorfskönnun meðal íbúa allra sveitarfélaganna.
- Í öðru lagi, viðtöl við sveitarstjórnarmenn og embættismenn úr öllum sveitarfélögum, auk nokkurra sérfróðra manna sem taldir voru geta veitt mikilvægar upplýsingar.
- Í þriðja lagi, söfnun gagna um sveitarfélögin og ýmsa þætti tengda sögu þeirra og starfsemi.
- Í fjórða lagi, ársreikninga sveitarfélaganna og ýmis önnur opinber gögn.

Viðhorfskönnun. Skoðanakönnun var gerð úr lagskiptu úrtaki íbúa í öllum sveitarfélögum í Eyjafirði á tímabilinu 1. – 24. október 2004. Var úrtakið úr minni sveitarfélögum stækkað til þess að auka marktækni. Könnunin var símakönnun. Alls fengust úr henni 712 svör, en endanlegt úrtak voru 970 manns. Skiptust svarendur með eftirfarandi hætti.

Siglufjörður	47
Akureyri	337
Ólafsfjarðarbær	45
Dalvíkurbyggð	52
Grimseyjarhreppur	26
Arnarneshreppur	29
Eyjafjarðarsveit	45
Hörgárbyggð	46
Svalbarðsstrandarhreppur	43
Grýtubakkahreppur	42

Svörun var mjög í samræmi við hlutfallslega innbyrðis skiptingu íbúa á svæðinu og því ekki um neina kerfisbundna skekkju að ræða í því tilliti.

Viðtöl. Viðtöl til öflunar upplýsinga og um ýmis viðhorf voru tekin við sveitarstjórnarmenn og embættismenn í öllum sveitarfélögum, mismunandi marga eftir stærð þeirra og umfangi starfsemi. Þá var rætt við framkvæmdastjóra bæði Héraðsnefndar Eyjafjarðar og Eypings. Þá var rætt við nokkra lykilaðila innan sveitarfélagageirans. Nánar er vísað til nafnalista í viðauka. Alls var hér um að ræða 43 einstaklinga.

Önnur gögn. Að öðru leyti var gögnum til þessarar athugunar safnað frá sveitarfélögunum með símtölum, með gögnum frá þeim, auk árskýrslna og annarra opinberra gagna s.s. ársreikningum þeirra, auk samantekta úr Árbók sveitarfélaga.

3. Bakgrunnur

Á Eyjafjarðarsvæðinu eru núna 10 sveitarfélög sem flest rammast inn af Vaðlaheiði til austurs og Tröllaskaga til vesturs. Þau eru þegar talið er frá austri til vesturs: Grímseyjarhreppur, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Eyjafjarðarsveit, Akureyrarbær, Hörgárbyggð, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Ólafsfjarðarbær og Siglufjarðarkaupstaður. Síðast nefnda sveitarfélagið hefur sýnt mikinn áhuga á samstarfi og sameiningu þar sem jarðgöng um Héðinsfjörð munu í raun færa Siglufjörð inn á Eyjafjarðarsvæðið.

Árið 1993 var gert átak í sameiningu sveitarfélaga og voru svokallaðar umdæmanefndir starfandi í öllum landshlutum. Þessar nefndir gerðu, hver í sínu umdæmi, tillögu um ný mörk sveitarfélaga sem kosið skyldi um í almennum kosningum 20. nóvember það ár. Umdæmanefnd Eypings gerði tillögu um að 15 sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu yrðu sameinuð í eitt. Þessi sameiningartillaga var sú róttækasta á landinu ef miðað er við fjölda sveitarfélaga sem lagt var til að sameinuðust¹. Tillagan var samþykkt í fjórum sveitarfélögum af 15, þ.e. Akureyri, Arnarneshreppi, Árskógsstrandarhreppi og Hrísey².

Það næsta sem gerðist í sameiningarmálum á svæðinu var sameining Árskógsstrandarhrepps, Dalvíkur og Svarfaðardalshrepps í Dalvíkurbyggð sem tók gildi eftir sveitarstjórnarkosningar 1998. Um áramótin 2000/2001 gekk síðan í gildi sameining Hörgárbyggðar, þ.e. þriggja hreppa norðan Akureyrar; Glæsibæjarhrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps. Síðasta sameiningin varð sumarið 2004 er Akureyrarbær og Hríseyjarhreppur sameinuðust.

Hálshreppur var í umtalsverðu samstarfi við sveitarfélögin í Eyjafirði og var eitt þeirra 15 sveitarfélaga sem gerð var tillaga um að sameina árið 1993. Hálshreppur sameinaðist hins vegar grönnum sínum í austri; Ljósa- vatnshreppi, Bárðdælahreppi og Reykdælahreppi. Sameining þessara sveitarfélaga í Þingeyjarsveit tók gildi 9. júní 2002.

Á kjörtímabilinu 1998-2002 var að frumkvæði bæjarstjórnar Akureyrar hafin umræða um það hvort vilji sveitarstjórna á svæðinu stæði til þess að

¹ Umdæmanefndirnar lögðu til að sveitarfélögum fækkaði úr 196 í 43, sjá Sveitarstjórnarmál 4. tbl. 1993

² Sjá töflu um niðurstöðu kosninganna í viðauka.

sameina sveitarfélögin í eitt líkt og reynt hafði verið 1993. Bókun bæjarráðs Akureyrar 18. febrúar 1999 vegna þessa máls var svohljóðandi ³:

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn Akureyrar samþykki eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Akureyrar óskar eftir viðræðum við sveitarstjórnir á Eyjafjarðarsvæðinu um sameiningu í eitt sveitarfélag.

Bæjarstjórn Akureyrar fer þess á leit við aðrar sveitarstjórnir á svæðinu að þær skipi fulltrúa sína til viðræðna svo hægt sé að ganga úr skugga um vilja sveitarfélaganna til sameiningar.

Sveitarfélögin voru, sem vænta mátti, mjög misjafnlega viljug til að hefja viðræður um þessi mál. Haldinn var fundur 11 sveitarfélaga á svæðinu um málið 21. júní 1999 og í framhaldinu óskaði bæjarráð Akureyrar þann 8. júlí 1999 eftir því við sveitarfélög sem áttu fulltrúa á fundinum að þau tilnefndu fulltrúa í samstarfsnefnd til þess að vinna að athugun á sameiningu þessara sveitarfélaga í samræmi við VIII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 48/1998.

Níu sveitarfélög samþykktu að skipa fulltrúa í samráðsnefndina ⁴ og hélt hún sinn fyrsta fund í janúar 2000. Í fundargerð frá síðasta fundi samráðsnefndarinnar í janúar 2001 kemur fram að í nafni hennar hafi verið sent út bréf þar sem óskað var eftir afstöðu þeirra til áframhaldandi vinnu hennar. Skemmst er frá því að segja að svör a.m.k. fjögurra af níu sveitarfélögum voru talin það neikvæð til sameiningar allra sveitarfélaganna að ekki var talin ástæða til að halda störfum nefndarinnar áfram og umboð hennar var því fallið niður.

Í framhaldi af þessari niðurstöðu samþykkti bæjarráð Akureyrar á fundi sínum 1. febrúar 2001 tillögu um að taka allt samstarf sveitarfélaga á svæðinu til endurskoðunar sbr. eftirfarandi bókun:

Tillaga um nefndarskipun.

Bæjarráð samþykkir að skipa 5 manna nefnd bæjarfulltrúa sem hafi eftirfarandi verkefni:

Nefndarmönnum er ætlað að fjalla um og meta áhrif af þátttöku bæjarins í samstarfsverkefnum með öðrum sveitarfélögum. Nefndinni er ætlað að leggja mat á þann ávinning sem samstarfið kann að hafa í för með sér fyrir bæjarbúa og ennfremur ber nefndinni að meta

³ Sjá fundargerðir Akureyrarbæjar á vefnum www.akureyri.is

⁴ Þessi sveitarfélög voru Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Hríseyjarhreppur, Akureyrarbær, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Ólafsfjarðarbær, Siglufjörður og Arnarneshreppur.

fjárhagslegar forsendur fyrir þátttöku bæjarsjóðs Akureyrar í þeim verkefnum sem hér um ræðir.

Markmiðið með þeirri vinnu sem hér er lagt af stað með er það að bæjarstjórn Akureyrar geti á grundvelli vinnu nefndarinnar metið að nýju og í heild sinni þátttöku Akureyrarbæjar í einstökum byggðasamlögum eða öðrum samningsbundnum verkefnum sveitarfélaga sem Akureyrarbær á aðild að.

Nefndinni er ætlað að skila tillögum sínum til bæjarráðs fyrir lok mars 2001. Fjárveiting til þessa verkefnis er allt að kr. 500.000. Færast greiðslur fyrir nefndarstörf á lið 01-103 Ýmsar nefndir, en annar kostnaður sem af starfi nefndarinnar gæti leitt færist á lið 15-609 Ýmiss kostnaður.

Tilnefningu í nefndina er vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Í framhaldi af þessu urðu m.a. nokkrar breytingar á gjaldtöku fyrir samningsbundin verkefni sveitarfélaga sem Akureyrarbær á aðild að.

Á árinu 2002 hófust að frumkvæði Siglfirðinga viðræður milli sveitarstjórnarmanna á Akureyri og Siglufirði um ýmis sameiginleg mál, m.a. mögulega sameiningu sveitarfélaganna og í árslok 2002 óskuðu Siglfirðingar eftir því að Ólafsfjörður og Dalvíkurbyggð tækju einnig þátt í þessum viðræðum. Viðræður sveitarfélaganna héldu áfram en ljóst var að hugur Ólafsfirðinga stóð fremur til sameiningar þriggja sveitarfélaga, þ.e. Dalvíkurbyggðar, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Segja má að Siglfirðingarnir hafi dregið vagninn í þessari vinnu.

Sá stýrihópur sem nú vinnur að gerð tillögu um sameiningu sveitarfélaga í Eyjafirði var skipaður í framhaldi af erindi dags. 22. janúar 2004 frá félagsmálaráðuneytinu, þar sem óskað er eftir samstarfi um vinnslu tillagna um sameiningarkosti sveitarfélaga.

3.1. Eyjafjörður í hnotskurn

Sú ósk kom fram í stýrihópi um sameiningu sveitarfélaganna að umfangi lýsingar á svæðinu yrði stillt í hóf. Hér er tekið mið af þeirri ósk en samt sem áður gera höfundar ráð fyrir því að almenningur muni m.a. hafa þessa greinargerð til skoðunar þegar að því kemur að gera upp hug sinn til sameiningar. Því er ekki alveg hægt að sneiða hjá þessum þætti.

3.1.1 Íbúar og lýðfræði

Á Eyjafjarðarsvæðinu býr stærstur hluti íbúa Norðurlands eystra, eða um 23.000 manns í 10 sveitarfélögum með alls 13 byggðakjarna⁵. Eyjafjörður er þéttbýlasta svæði landsins utan höfuðborgarsvæðisins og um 70% íbúa svæðisins búa á Akureyri.



Mynd 1 Sameiningarsvæðið Kort: Félagsmálaráðuneytið


⁵ Þar af eru sex sem teljast þéttbýli skv. skilgreiningu um lágmarksíbúafjölda, 200 manns.

Þetta hlutfall hefur verið að hækka á undanförunum árum þar sem íbúum Akureyrar hefur fjölgað meðan íbúum annarra sveitarfélaga sem heildar hefur fækkað (sjá Tafla 1). Á Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvík, búa samtals um 20% íbúanna. Smærri byggðakjarnar í Eyjafirði eru Grenivík, Svalbarðseyri, Árskógsströnd, Hauganes, Reykárhverfi, Grímsey og Hrísey. Eyjafjarðarsveit, Arnarneshreppur og Hörgárbyggð eru að mestu dreifbýlissveitarfélög. Í töflunni kemur einnig fram stærð hvers sveitarfélags fyrir sig sem raunar segir ekki mikið til um landrými fyrir skipulagða byggð eða landbúnað. Fjalllendi og eyðibýggðir eru stór hluti þessa landsvæðis.

Tafla 1 Íbúafjöldi og stærð sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu.

	Íbúafjöldi 1.12.2003	Km ²
Siglufjarðarkaupstaður	1.438	155
Akureyrarkaupstaður	16.228	133
Ólafsfjarðarbær	994	209
Dalvíkurbyggð	2.025	598
Grímseyjarhreppur	93	5
Arnarneshreppur	188	89
Eyjafjarðarsveit	958	1.775
Hörgárbyggð	371	805
Svalbarðsstrandarhreppur	376	55
Grýtubakkahreppur	396	431
Alls	23.067	4.255


Á undanförunum árum hefur íbúum fjölgað hægt á svæðinu sem heild. Þó hefur fjölgað talsvert á Akureyri en utan Akureyrar hefur í flestum tilvikum fækkað eða íbúafjöldinn staðið nokkurn veginn í stað. Þessa þróun má sjá á myndinni að neðan.



Mynd 2 Hlutfallsleg breyting íbúafjölda 1991-2003

Heimild: Hagstofa Íslands

Mannföldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. desember 2003



Mynd 3 Mannföldinn á Eyjafjarðarsvæðinu 1. des. 2003 eftir kyni og aldri

Heimild: Hagstofa Íslands

Myndin af ofan sýnir mannfjöldatré af Eyjafjarðarsvæðinu 1. desember 2003. Þarna má m.a. sjá að nokkuð færri eru í árgöngunum 25-35 ára miðað við landið í heild og sérstaklega höfuðborgarsvæði, en fólki á

Þessum aldri flytur mikið búferlaflutningum⁶. Nokkur fækkun er í yngstu árgöngunum. Þarna er um almenna þróun að ræða, færri börn í hverri fjölskyldu. Þegar skoðuð er staðan í einstökum sveitarfélögum kemur fram nokkur mismunur enda hefur íbúapróunin verið mismunandi. Þetta hefur m.a. áhrif á rekstur þjónustu sveitarfélaganna s.s. grunnskólans.

3.1.2 *Samgöngur*

Svæðið býr hvað samgöngur og vegalengdir varðar við afar heppilegar aðstæður til þess að mynda heildstætt sveitarfélag. Akureyri, þjónustumiðstöð svæðisins er staðsett mjög miðsvæðis. Þangað er innan við 30 mínútna akstursfjarlægð fyrir um það bil 90% íbúanna. Lengsta akstursfjarlægð til Akureyrar frá öðrum stöðum innan svæðisins verður frá Siglufirði eða á bilinu 50-60 mínútur⁷. Flogið er milli Akureyrar og Grímseyjar 3 sinnum í viku á veturna og 3-6 sinnum í viku á sumrin og tekur hver ferð um 25 mínútur.

Vegakerfið innan Eyjafjarðar verður að teljast nokkuð gott á íslenskan mælikvarða. Þó er eftir að bæta vegi víða til sveita eins og innst í Eyjafirði og í Hörgárdal. Allir aðalvegir í Eyjafirði eru með bundnu slitlagi og almennt góðir. Samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðarinnar eru flestir vegir í Eyjafirði mokaðir daglega. Snjóflóðahætta er á hluta vegarins milli Ólafsfjarðarganga og Dalvíkur. Ferjan Sævar siglir milli Hríseyjar og Árskógssands á klukkutíma fresti á sumrin og tveggja tíma fresti á veturna. Tekur hver ferð 15 mínútur. Ferjan Sæfari siglir milli Hríseyjar, Dalvíkur og Grímseyjar. Siglt er 3 daga í viku milli Dalvíkur og Grímseyjar og tekur hver ferð 4 klukkustundir. Tvo daga í viku er siglt milli Dalvíkur og Hríseyjar. Nánast allir vöruflutningur milli svæða innan Eyjafjarðar fara þó fram landleiðis.

3.1.3 *Breytingar á mörkum sveitarfélaga*

Á fyrri hluta 20. aldarinnar einkenndust breytingar á stjórnsýslumörkum sveitarfélaga að miklu leyti af uppskiptingu sveitarfélaga. Þéttbýlisþróunin, t.d. á Akureyri og Dalvík olli því að sérstök sveitarfélög urðu til þar og nálægt dreifbýli hélt áfram í sinni stjórnsýslueiningu. Hagsmunir dreifbýlis virðast hafa verið álitnir það frábrugðnir að þeir hafi ekki

⁶ Sjá í viðauka mannfjöldatré fyrir landið sem heild og höfuðborgarsvæðið.

⁷ Um 75 km vegalengd þar sem hluti leiðarinnar er með lægri hámarkshraða, um 18 km í jarðgöngum auk aksturs um þéttbýli á Ólafsfirði og Dalvík.

rúmast innan sömu stjórnsýslueiningar fyrr en hreyfing í þá átt verður í lok aldarinnar. Það sem er einnig athyglisvert við þessa þróun er að á 19. og fyrri hluta 20. aldar voru mörk sveitarfélaga oft færð til m.a. vegna byggðapróunar án þess að til sameiningar kæmi. Undir lok 20. aldar verður hreyfing til sameiningar sveitarfélaga, en aldrei er um það að ræða að legu sveitarfélagamarka sé breytt⁸.

Akureyrarbær var upphaflega stofnaður sem sjálfstætt sveitarfélag út úr Hrafnagilshreppi árið 1862 en hafði fengið kaupstaðarréttindi árið 1786. Mörkum þessara sveitarfélaga var aftur breytt árið 1895, 1909 og 1920 enda var Akureyri í miklum vexti á þessum tíma. Í árslok 1954 var breytt mörkum Akureyrar og Glæsibæjarhrepps og taldist þá Glerárhverfi til Akureyrar. Síðasta breyting sveitarfélagamarkanna var sameining við Hríseyjarhrepp sumarið 2004. Á undanförunum árum hefur verið talsvert um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í stakstæðum einbýlishúsum eða nokkrum saman rétt utan bæjarmarka Akureyrar. Þannig má segja að þéttbýlismyndun á Akureyri hafi í raun átt sér að hluta til stað utan sveitarfélagamarkanna í þeim þremur sveitarfélögum sem eru næst Akureyri enda má sjá að þróun íbúafjölda fylgist talsvert að.

Arnarneshreppi var árið 1911 skipt í Arnarneshrepp og Árskógshrepp og árið 1916 var mörkum Arnarneshrepps og Skriðuhrepps einnig breytt.

Mörk núverandi *Dalvíkurbyggðar* hafa breyst mikið. Árið 1945 klofnaði Svarfaðardalshreppur upp í Svarfaðardalshrepp og Dalvíkurhrepp. Árið 1974 verður Dalvíkurhreppur kaupstaður. Árskógshreppur varð til árið 1911 og árið 1930 klofnaði Hríseyjarhreppur út úr Árskógshreppi.

Eyjafjarðarsveit varð til við sameiningu Hrafnagilshrepps, Saurbæjarhrepps og Öngulsstaðahrepps árið 1991. Öngulsstaðahreppur stækkaði lítillega inn í Svalbarðsstrandarhrepp 1851 þegar bæirnir Syðir- og Ytri-Varðgjá voru lagðir undir hann. Þá breyttust hreppamörk Hrafnagilshrepps nokkrum sinnum í lok 19. og byrjun 20. aldar samhliða vexti Akureyrar.

Grimseyjarhreppur og *Grytubakkahreppur* eiga það sammerkt að staða sveitarfélaganna og mörk hafa verið óbreytt um langan tíma.

⁸ Umfjöllun um breytingar á sveitarfélagamörkum byggir einkum á Lýður Björnsson (2001) og Nefnd um skiptingu landsins í sveitarfélög (1991).

Hörgárbyggð varð til við sameiningu þriggja hreppa norðan Akureyrar 2001, þ.e. Glæsibæjarhrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps. Mörkum Skriðuhrepps og Arnarneshrepps var breytt árið 1916. Glæsibæjarhreppur minnkaði árið 1954 við það að Glerárþorp og nokkur býli norðan Akureyrar voru lögð undir Akureyri.

Ólafsfjarðarhreppur fær kaupstaðarréttindi árið 1944 og verður eftir það Ólafsfjarðarkaupstaður.

Siglufjarðarkaupstaður fékk kaupstaðarréttindi árið 1918 en hét áður Hvanneyrarhreppur.

Mörkum *Svalbarðsstrandarhrepps* og *Öngulsstaðahrepps* var breytt lítillega árið 1851 með því að bæirnir Syðir- og Ytri-Varðgjá voru lagðir undir þann síðarnefnda.

3.1.4 *Atvinnulíf*

Þegar skoðuð er samsetning atvinnulífsins í stórum dráttum, þ.e. fjöldi ársverka í þremur megin geirum atvinnulífsins á Eyjafjarðarsvæðinu⁹, kemur í ljós að hún er mjög áþekkt og landsmeðaltal. Vægi þjónustugreina hefur verið að aukast á undanförunum árum á kostnað úrvinnslugreina. Nokkur stöðugleiki er í frumvinnslugreinum.

Þegar skoðað er hvernig þróun í einstökum atvinnugreinum á tímabilinu 1998-2003 kemur í ljós að mesta raunfjölgun ársverka á Eyjafjarðarsvæðinu er í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð og því næst fræðslustarfsemi. Aðrar greinar þar sem einnig varð talsverð fjölgun starfa voru fiskveiðar, heilbrigðis- og félagsþjónusta, fiskveiðar og hótél- og veitingahúsarekstur. Mest hlutfallslega fjölgun starfa varð í efnaiðnaði (92%) sem kemur á óvart miðað við að iðnaður hefur átt undir högg að sækja á svæðinu. Þarna kemur líklega til breytt eignarhald á fyrirtækjum í þessum iðnaði ásamt samruna og tilfærslu starfsemi enda átti þessi fjölgun sér stað að mestu á einu ári.

Fækkun ársverka á tímabilinu 1998-2003 varð langmest í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði, sennilega samsöfnuð hagræðing í nokkrum fjölda fyrirtækja í greininni. Þá varð einnig áframhaldandi samdráttur í textíl- og fataiðnaði og talsverð fækkun ársverka í landbúnaði. Mestu hlutfallslegu

⁹ Frumvinnsla (sjávarútvegur og landbúnaður), úrvinnsla (iðnaður) og þjónustugreinar. Siglufjörður er ekki meðtalinn í þessum gögnum.

fækkun ársverka má sjá í margskonar iðnaði, þannig eru þær sjö atvinnugreinar sem hlutfallslega fækkaði mest allt iðnaður.


Breytingar á tímabilinu hafa valdið því að röð sex mannfrekustu atvinnugreinanna hefur breyst nokkuð eins og taflan hér að neðan sýnir. Það sem er mest áberandi er að fræðslustarfsemi er orðin þriðja mannfrekasta atvinnugreinin í stað matvæla- og drykkjarvöruíðnaðar. Þarna má sjá áhrif Háskólans á Akureyri og annarra fjölmennra menntastofnana s.s. MA og VMA. Athyglisvert er að það sem flokkast undir opinbera stjórnsýslu og almannatryggingar hefur verið í rólegum vexti og má í því sambandi benda á að sýnt hefur verið fram á að hlutfall starfa í opinberum rekstri eru færri á Eyjafjarðarsvæðinu en búast mætti við miðað við íbúafjölda svæðisins og aðra starfsemi (Hjördís Sigursteinsdóttir, 2002 og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, 2004).

Tafla 2 Breytingar á stærðarröð sex mannfrekustu atvinnugreina í Eyjafirði 1998-2003

	1998	2003
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	1	1
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	2	2
Matvæla- og drykkjarvöruíðnaður	3	4
Opinber stjórnsýsla og almannatryggingar	4	5
Fræðslustarfsemi	5	3
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	6	6

Heimild: Staðgreiðsluskrá Hagstofu Íslands


Þessar sex atvinnugreinar eru með 58% ársverkanna og hefur það ekkert breyst milli árána 1998 og 2003.



Mynd 4 Þrjú geirar atvinnulífsins árið 2002, ársverk

Heimild: Hagstofa Íslands

Fjöldi atvinnulausra í Eyjafirði var að meðaltali um 340 á tímabilinu júlí 2003 - júní 2004. Þegar þetta er sett í samhengi við íbúafjölda 16-70 ára er atvinnuleysið að meðaltali 2,3% á þessu tímabili samanborið við 2,6% á landinu í heild¹⁰.



Mynd 5 Atvinnuleysi, hlutfall af mannfjölda 16-70 ára 1. des. 2003

Heimild: Vinnumálastofnun og Hagstofa Íslands

¹⁰ Ath. að hér er atvinnuleysi sett í hlutfall við mannfjölda og því er þetta hlutfall heldur lægra en þegar tekið er hlutfall af mannafla.

Atvinnuleysi var á þessu tímabili nokkuð mismunandi milli sveitarfélaga og fór fremur hækkandi. Ekkert atvinnuleysi var skráð í Grímsey á tímabilinu en hitt eysamfélagið, Hrísey, var með mesta atvinnuleysið af einstökum sveitarfélögum. Þá var atvinnuleysi yfir meðaltali á Akureyri og Ólafsfirði. Árstíðasveifla er minni í landbúnaðarhreppunum en þar sem sjávarútvegur hefur meira vægi.

4. Þjónusta sveitarfélaganna

Samkvæmt lögum veita sveitarfélögin íbúum sínum ýmsa þjónustu. Mismunandi er hvernig sveitarfélögin í Eyjafirði standa að þessari þjónustu. Sumt er unnið í samstarfi við önnur sveitarfélög í firðinum en annað sjá sveitarfélögin um sjálf ein og sér.

Þessi hluti skýrslunnar er þannig uppbyggður að í kafla 4.1. er þjónusta sveitarfélaganna lýst eftir málaflökkum eins og hún var árið 2003. Í kafla 4.2. er að finna mat á því hvernig einstakir málaflokkar í þjónustu sveitarfélaganna gætu tekið breytingum við sameiningu þeirra allra. Þannig er byggt á þeirri stöðulýsingu sem er að finna í kafla 4.1. Loks er að finna í kafla 4.3. mat á því hvernig þjónusta gæti breyst eftir einstökum sveitarfélögum. Reynt er að horfa á þá hluti út frá hagsmunum íbúa hvers sveitarfélags fyrir sig.

Þegar talað er um landbúnaðarhreppana er átt við eftirfarandi sveitarfélög: Grýtubakkahrepp, Svalbarðsstrandahrepp, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð og Arnarneshrepp.

4.1 Núverandi þjónusta í einstökum málaflökkum

Í þessum kafla er ástand þjónustu metið eins og það var árið 2003. Starfseminni er skipt eftir málaflökkum eins og gert er í bókhaldi sveitarfélaganna. Stuðst er við ritið „Leiðbeiningar um flokkun og greiningu í bókhaldi sveitarfélaga” sem Samband íslenskra sveitarfélaga setti saman í desember 2001. Númer við viðkomandi þjónustuflokk eru viðkomandi bókhaldslyklar.

4.1.1 Félagsþjónusta

Sameiginlegur kostnaður málaflöksins (02-0). Öll sveitarfélögin eru með nefnd eða ráð sem hefur yfirstjórn á þessum málaflökki. Í þessum nefndum er greitt fyrir nefndarsetu. Í minnstu hreppunum, svo sem Arnarneshreppi og Grímseyjarhreppi, starfa slíkar nefndir lítið sem ekkert en hreppsnefndin kemur beint að málaflökknum. Auk kostnaðar við nefndarsetu er hér um að ræða kostnað vegna launatengdra gjalda, ferða-kostnaður nefndarmanna og fleira. Akureyrarbær hefur sviðsstjóra félagssviðs en Dalvíkurbyggð og Ólafsfjarðarbær hafa sameiginlegan félagsmálastjóra samkvæmt samningi. Sá félagsmálastjóri er jafnframt

sviðsstjóri hjá Dalvíkurbyggð. Siglufjarðarkaupstaður hefur félagsmálastjóra.

Félagsleg aðstoð (02-1). Hér er um að ræða félagslega aðstoð til íbúa sem ekki eru aldraðir, fatlaðir eða börn. Á Akureyri er þörf á þessari aðstoð metin hjá Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar. Landbúnaðarhrepparnir kaupa þetta mat af Fjölskyldudeildinni skv. samningi þannig að íbúar þeirra eru eins metnir og íbúar Akureyrar. Dalvíkurbyggð og Ólafsfjörður hafa með sér samstarf um félagsþjónustu og skiptast á vinnuafli sérfræðinga. Siglufjörður rekur þjónustu á eign vegum. Hvert sveitarfélag fyrir sig sér um fjárhagsaðstoð til sinna íbúa sem þess þurfa. Sama gildir um niðurgreiðslu á húsnæði og húsaleigubætur.

Þjónusta við börn og unglinga (barnavernd) (02-3). Landbúnaðarhrepparnir auk Akureyrarbæjar starfrækja sameiginlega barnaverndarnefnd. Þeir sérfræðingar sem vinna að barnaverndarmálum undir stjórn nefndarinnar hafa verið vistaðir hjá Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar. Hvert sveitarfélag hefur síðan greitt fyrir nauðsynleg úrræði fyrir sína skjólstæðinga. Siglufjarðarkaupstaður, Ólafsfjarðarbær og Dalvíkurbyggð starfrækja sameiginlega barnaverndarnefnd. Ólafsfjarðarbær og Dalvíkurbyggð vinna saman að sérfræðivinnunni en greiða útgjöld vegna sinna íbúa. Siglufjarðarkaupstaður er með sína eigin þjónustu.

Þjónusta við aldraða (02-4). Landbúnaðarhrepparnir fyrir utan Grýtubakkahrepp kaupa aðgang að stofnanþjónustu fyrir aldraða hjá Akureyrarbæ samkvæmt samningi. Grýtubakkahreppur hefur annan samning af sama meiddi við Akureyrarbæ. Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandahreppur hafa samvinnu í tómstundastarfi aldraðra. Öll sveitarfélögin veita fé til aldaðra. Öll sveitarfélögin sjá sjálf um heimaþjónustu við aldraða, fatlaða og þá sem þarfnast slíkrar þjónustu. Þróunin hefur verið sú að sveitarfélögin hafa greitt meira til hjúkrunar- og dvalarheimila en ætlunin var í upphafi. Ástæðan er sú að sveitarfélögunum finnst ríkið ekki hafa staðið við sinn hlut.

Þjónusta við fatlaða (02-5). Fatlaðir þarfnast ýmiss konar og mismunandi þjónustu. Sveitarfélög eiga að sjá um eftirfarandi þætti: Liðveislu, ferliþjónustu og heimaþjónustu. Ríkið er ábyrgt fyrir öðrum þáttum. Á Akureyri heyra málefni fatlaðra undir Fjölskyldudeild. Fjölskyldudeild og Búsetudeild Akureyrarbæjar sjá um þjónustu við fatlaða á Akureyri. Önnur sveitarfélög í Eyjafirði sjá sjálf um þessa lögbundnu þjónustu sveitarfélaganna án samvinnu sín á milli. Raunar virðast ekki vera nein

útgjöld til þessara mála árið 2003 hjá mörgum sveitarfélögum nema til heimaþjónustu. Vekur það spurningar um hvort fatlaðir einstaklingar velji sér ekki einfaldlega búsetu þar sem fyrir er þjónusta á þessu sviði.


Akureyrarbær hefur tekið að sér alla þjónustu við fatlaða í Eyjafirði sem ríkið á að annast. Þetta var gert með sérstökum tímabundnum samningi sem byggir á lögum um reynslusveitarfélög. Akureyrarbær fær greidda eina heildarupphæð á ári frá ríkinu fyrir að yfirtaka þessa þjónustu og hefur þá bærinn sömu skyldur við alla íbúa Eyjafjarðar. Akureyrarbær hefur ekki eingöngu notað sína sérfræðinga í þessari þjónustu. Hann hefur til að mynda keypt þjónustu af félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar og Ólafsfjarðarbæjar til að þjóna fötludum í þessum sveitarfélögum. Siglufjarðarkaupstaður er líka búinn að yfirtaka skyldur ríkisins með hliðstæðum samningi og er með starfsfólk til að sinna þeim málum.

Ýmiss félagsþjónusta (02-6). Akureyrarbær er með áfengis- og vímuvarnarnefnd og forvarnarfulltrúa. Jafnframt er Akureyri með jafnréttis og fjölskyldunefnd og jafnréttisfulltrúa. Einungis eru framlög til forvarnarmála hjá tveimur öðrum sveitarfélögum, Dalvíkurbyggð og Ólafsfjarðarbæ. Engin útgjöld er sérmerkt jafnréttismálum nema hjá Akureyrarbæ. Það þýðir þó ekki að þeim sé alls ekki sinnt í öðrum sveitarfélögum. Félagsmálaráð Dalvíkurbyggðar sér t.d. um jafnréttismál í því sveitarfélagi. Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Arnarneshreppur og Hörgárbyggð veita aukalega pósthjónustu um helgar en ekki er samvinna um það á milli sveitarfélaganna.

Ýmiss lögbundin framlög (02-7). Öll sveitarfélögin greiða lögbundin framlög til Bjargráðasjóðs, Orlofssjóðs húsmæðra, Varasjóðs viðbótarlána og jafnvel fleiri sjóða.

Ýmsir styrkir og framlög (02-8). Sum sveitarfélög studdu samtök eins og kvennaathvarf, SÁÁ, ráðgjafastofu heimilanna og fleiri samtök. Stærri sveitarfélögin styðja mörg slík samtök og Akureyri sennilega flest. Minnstu hrepparnir styðja fá eða ekki nein.

Myndin að neðan sýnir eina af niðurstöðum úr könnun RHA meðal íbúanna á svæðinu. Almennt verður að segja að því marki sem íbúar í einstökum sveitarfélögum leggja mat á þá félagsþjónustu sem sveitarfélög þeirra veita, eru þeir fremur ánægðir með hana.




Mynd 6 Mat íbúa í sveitarfélögunum á félagsþjónustu

Athugasemd: Í könnuninni voru íbúar spurðir um þjónustu sveitarfélagsins með eftirfarandi hætti: Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þjónustu þíns sveitarfélags í eftirtöldum málaflokkum? Síðan voru taldir upp allir þeir málaflokkar sem koma hér á eftir. Í úrvinnslu okkar hefur svörum verið umbreytt í tölugildi þannig að mjög óánægður hefur fengið gildið 1, frekar óánægður gildið 2, frekar ánægður gildið 3 og mjög ánægður gildið 4. Þeim hærra sem gildið er, þeim meiri er því ánægjan með þjónustuna í viðkomandi málaflokki. Niðurstöðurnar í töflunni að ofan eru meðalgildi þessa reiknuð eftir sveitarfélögum. Þessi athugasemd gildir fyrir allar myndir hér á eftir sem sýna viðhorf til þjónustunnar.

Ekki er heldur um að ræða neinn verulegan mun á meðaltalseinkunn á hæsta gildi (Grýtubakkahreppur) og lægsta gildi (Arnarneshreppur), þar er einungis um að ræða mun upp á 14% af spönnun mælikvarðans. Það verður því að álykta að almennt séu íbúar á Eyjafjarðarsvæðinu tiltölulega sáttir við ástand mála þegar litið er til félagsþjónustu.

4.1.2 Heilbrigðismál

Heilsuvernd (03-2). Sveitarfélög greiddu 15% af búnaði og stofnkostnaði við heilsugæslustöðvar. Því hefur nú verið breytt og greiðir ríkið nú 100%. Sú eign sem skapaðist fyrir breytinguna er höfð undir eignasjóði sem á fasteignir sveitarfélagsins. Sveitarsjóður greiðir síðan eignasjóðnum leigu fyrir eignina. Nokkur sveitarfélögunum greiða slíka leigu vegna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.



Mynd 7 Mat íbúa í sveitarfélögunum á heilsugæslu

Niðurstöður úr könnun RHA sýna afar lítinn mun þegar litið er til heilsugæslunnar, ef Grímsey er undanskilin. Þar er augljóslega minni ánægja. Eyjan er jú afskekkt og fámenn, svo að þetta þarf ef til vill ekki að koma svo á óvart.

4.1.3 Fræðslumál

Sameiginlegur kostnaður málaflokksins (04-0). Á vegum Akureyrarbæjar er skóladeild enda rekur sveitarfélagið marga skóla. Jafnframt er Fjölskyldudeildin með sérþjónustu við skólabörn og Akureyrarbær kaupir rágjöf af Skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Landbúnaðarhrepparnir kaupa sérfræðiþjónustu af Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri. Dalvíkurbyggð og Ólafsfjarðarbær reka saman skólaskrifstofu. Siglufjarðarkaupstaður er með 50% stöðugildi við eigin skólaskrifstofu. Öll sveitarfélögin nema tvö eru með skóla- eða fræðslunefnd og greiða fyrir þá nefndarsetu. Í Arnarneshreppi sér hreppsnefndin um fræðslumál og þannig er það líka í Grímsey.

Leikskólar og dagvistun (04-1). Öll sveitarfélögin reka eigin leikskóla nema Arnarneshreppur og Grímsey. Arnarneshreppur greiðir með hverju barni sem fer í leikskóla í öðrum sveitarfélögum. Grýtubakkahreppur hefur sér nefnd fyrir leikskólann en önnur sveitarfélög eru með eina nefnd fyrir öll fræðslumálin. Akureyrarbær rekur 12 leikskóla og greiðir til eins

einkarekins. Dalvíkurbyggð rekur tvo, er með leikskóladeild í Húsa-bakkaskóla og greiðir til eins einkarekins leikskóla. Landbúnaðar-hrepparnir kaupa sérfræðipjónustu fyrir leikskóla af Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar.


Tafla 3 Leikskólagjöld í sveitarfélögum.

	Leikskólagjöld 1. september 2004 8 tímar með mat
Siglufjarðarkaupstaður	23.180
Akureyrarkaupstaður	25.964
Ólafsfjarðarbær	25.784
Dalvíkurbyggð	25.479
Grimseyjarhreppur	Rekur ekki leiksk.
Arnarneshreppur	Rekur ekki leiksk.
Eyjafjarðarsveit	22.707
Hörgárbyggð	25.966
Svalbarðsstrandarhreppur	21.672 án morgunm.
Grýtubakkahreppur	24.966

Eyjafjarðarsveit, Akureyrarbær og Dalvíkurbyggð niðurgreiða dagvistun í heimahúsum. Arnarneshreppur greiðir mæðrum fyrir að vera með börn sín heima eftir 18 mánaða aldur.

Á stærstu þremur þéttbýlisstöðunum, Akureyri, Dalvík og Siglufirði eru útgjöld vegna gæsluvalla. Samdráttur hefur verið í þeirri þjónustu samhliða uppbyggingu leikskólanna.


Myndin hér að neðan sýnir hlutfall heilsdagsígilda í leikskólum af fjölda barna 2ja-5 ára. Í hverju sveitarfélagi fyrir sig er leikskóli nema í Arnarneshreppi og Grimsey. Flest börn úr Arnarneshreppi eru í leikskólanum Álfasteini sem Hörgárbyggð rekur. Í flestum sveitarfélögum er þetta hlutfall hærra en 70% og meðaltal fjarðarins er 75%.



Mynd 8 Fjöldi heilsdagsígilda í leikskólum sveitarfélagsins sem hlutfall af fjölda barna 2ja-5 ára

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Á næstu mynd má sjá mat íbúa á leikskólamáli í sínu sveitarfélagi eins og hún kemur fram í könnun RHA. Þarna er ákveðið samræmi á milli hlutfalls barna í leikskóla og ánægjunnar.




Mynd 9 Mat íbúa í sveitarfélögum á leikskóla

Arnarneshreppur og Grímsey skera sig þarna úr, enda er hvorugt sveitarfélagið með leikskóla á sínum snærum. Arnarneshreppur greiðir reyndar með hverju barni í leikskóla hjá nágrennasveitarfélagi þannig að í raun er verið að veita þessa þjónustu. Samkvæmt viðtali við oddvita

hreppsins er líklegt að rekja megi óánægju með leikskólamálin til staðsetningar leikskólans sem börnin fara til. Hann er staðsettur í Hörgárbyggð, rétt utan bæjarmarka Akureyrar og þurfa foreldrar, t.d. þeir sem vinna á Hjalteyri, að aka langa leið með börn á leikskóla áður en vinnudagur hefst. Mest ánægjan er í Svalbarðsstrandarhreppi þar sem hlutfallslega flest börn eru í leikskóla. Börnin eru hins vegar fá og þjónustan því kostnaðarsöm eða um 1.260 þúsund kr. á heilsdagsígildi. Kostnaður á hvert heilsdagsígildi er minnstur í stærstu leikskólunum á Akureyri eða rúmlega 600 þúsund kr. og meðalkostnaður á Eyjafjarðarsvæðinu var um 690 þúsund kr. árið 2003.

Grunnskólar (04-2). Öll sveitarfélögin reka sinn grunnskóla, einn eða fleiri, nema Hörgárbyggð og Arnarneshreppur sem reka saman Þelamerkurskóla. Dalvíkurbyggð rekur þrjá grunnskóla, þ.e. Árskógsskóla, Dalvíkurskóla og Húsabakkaskóla. Grunnskólinn í Grímsey, Árskógsskóli og Húsabakkaskóli eru með 1.-8. bekk, Barnaskóli Ólafsfjarðar er með 1.-7. bekk og Gagnfræðaskólinn í Ólafsfirði er með 8.-10. bekk. Aðrir skólar eru með 1.-10. bekk. Hlíðaskóli á Akureyri er sérskóli

Myndin hér að neðan sýnir nemendafjölda í grunnskólunum í Eyjafirði árin 2001-2003. Misjafnt er hversu vel skólar eru nýttir enda hefur íbúafróun verið mismunandi eftir svæðum innan Eyjafjarðar og hverfum Akureyrar. Samtals var 3.761 nemandi í skólum svæðisins haustið 2003.




Mynd 10 Nemendafjöldi í skólum á Eyjafjarðarsvæðinu 2001-2003

Heimild: Hagstofa Íslands

Ekki er um samvinnu að ræða í þessum málaflokki milli sveitarfélaga á svæðinu nema að landbúnaðarhrepparnir kaupa sérfræðiþjónustu af Fjöl-skyldudeild Akureyrarbæjar eins og áður var sagt.

Kostnaður við rekstur skólanna er nokkuð misjafn eins og myndin hér að neðan sýnir og byggir á upplýsingum úr Árbók sveitarfélaga 2004. Stærð skólanna og rekstrarkostnaður á nemanda fylgist nokkuð að. Það er þó nýting kennslukrafta sem skiptir mestu máli, þ.e. að bekkjarstærðir séu af hæfilegri stærð. Þannig eru skólar með 200, 400 nemendur o.s.frv. hagstæðir að því gefnu að stærð árganga sé nokkuð jöfn. Þá eru skólar afar mismunandi að skipulagi. Þéttbýlisskólar eru með heimangöngu að jafnaði og skólaakstur er með ýmsu fyrirkomulagi í dreifbýlinu. Þá getur verið um að ræða ýmsar tekjur sem skólar eru að fá, s.s. vegna mótuneytis eða útleigu húsnæðis. Þá er innri leiga skólanna misjafnlega há eftir því hvort um er að ræða gamalt húsnæði eða nýtt. Þjónusta skólanna er misjafnleg mikil, þannig er Valsárskóli t.d. með tónlistarkennslu sem er færð sem kostnaður skólans. Þá má ennfremur nefna að misjafnt er með hvaða hætti skólar greiða hlutdeild í yfirstjórn. Þannig þarf að setja fjölda fyrirvara við þann samanburð sem hér er settur fram. Sjá má að miðað við Norðurland eystra sem heild eða landið allt er kostnaður skólanna á svæðinu nokkuð lægri á hvern nemanda.




Mynd 11 Rekstrarkostnaður grunnskóla á svæðinu þús kr. pr. nemanda árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Sjá má að það er talsverður munur eftir því hvort um er að ræða heimangönguskóla eða heimanakstursskóla. Munurinn á milli mesta og minnsta kostnaðar er tæplega 2,5-faldur. Skólarnir á Akureyri kosta minnst á nemanda og af heimanakstursskólunum kostar Grenivíkurskóli minnst.

Myndin hér að neðan sýnir mat íbúa á þjónustu í skólamáli í sínu sveitarfélagi skv. könnun RHA. Þar kemur fram að í flestum sveitarfélögum er ánægja með þjónustuna.

Ánægja með grunnskólana er almennt meiri í landbúnaðarhreppunum en í kaupstöðunum og Grímsey. Ákveðið samræmi er milli kostnaðar á nemanda og ánægju. Þetta kann einnig að segja sína sögu um mismunandi þjónustukröfu eftir gerð samfélagsins. Minnst er ánægjan í Dalvíkurbyggð og Grímseyjarhreppi. Um það leyti sem verið var að gera könnunina var talsverð umræða um framtíð Húsabakkaskóla í Dalvíkurbyggð og kann að vera að það hafi áhrif á afstöðu fólks. Grunnskólinn í Grímsey er fámennastur af almennu grunnskólunum með aðeins 13 nemendur í 1.-8. bekk veturinn 2003-2004. Nemendur í 9. og 10. bekk fara til Akureyrar eða Dalvíkur í nám og gista þar í heimahúsum meðan á námi stendur. Í öllum öðrum sveitarfélögum er annað hvort um heimangöngu barna að ræða eða heimanakstur á hverjum degi. Mögulegt er að þessi aðstöðumunur barna í Grímsey og annars staðar á svæðinu komi þarna fram í svörum íbúanna.



Mynd 12 Mat íbúa í sveitarfélögunum á grunnskóla

Framhaldsskólar (04-4). Sveitarfélögin greiða 40% hlut af byggingarkostnaði við framhaldsskólana MA og VMA. Ríkið greiðir 60%. Þó er hér um svokallaðan normkostnað að ræða. Oftast er byggingarkostnaður hærri en normkostnaður og lendir það á sveitarfélögunum. Þannig greiða sveitarfélögin í raun talsvert herra en 40% af raunverulegum byggingarkostnaði. Þessi eign sveitarfélaganna er sett í eignarsjóð þeirra og þau greiða síðan eignarsjóði leigu fyrir eign sjóðsins í framhaldsskólunum. Siglufjarðarkaupstaður greiðir hins vegar slíka leigu vegna Fjölbrautarskólans á Sauðárkróki. Grýtubakkahreppur veitir íbúum sínum styrk sem eru í framhaldsskólanámi. Siglufjarðarkaupstaður býður nemendum sínum í fjölbrautarskólanum á Sauðárkróki upp á akstur aðra hverja helgi. Eyjafjarðarsveit bauð upp á skólaakstur í framhaldsskóla í tvö ár en hætti því vegna þess að ekki voru nógu margir viljugir til að nýta sér þá þjónustu. Hríseyjarhreppur veitti framhaldsskólanemum sínum frítt ferjukort og Akureyrarbær gekk inn í það fyrirkomulag þegar Hríseyjarhreppur sameinaðist Akureyrarbæ 2004.

Önnur fræðslustarfsemi (04-5). Öll sveitarfélögin bjóða upp á tónlistarnám. Tónlistarskólinn á Akureyri er langstærstur. Hin sveitarfélögin kaupa þó litla þjónustu af honum. Tónlistarskóli Eyjafjarðar er rekinn af Grýtubakkahreppi, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð og Arnarneshreppi. Svalbarðsstrandahreppur býður upp á tónlistarkennslu innan grunnskólans. Dalvíkurbyggð og Ólafsfjarðarbær ráku saman skóla veturinn '03-'04 en því samstarfi var hætt. Siglufjarðarkaupstaður rekur sinn eigin tónlistarskóla.

Menntasmiðja er starfrækt af Akureyrarbæ. Landbúnaðarhrepparnir og Dalvíkurbyggð hafa greitt til hennar með einstökum þátttakendum.


Símeý (Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar) er sjálfseignarstofnun en Héraðsnefnd Eyjafjarðar er aðili að henni.

Flest sveitarfélögin veita fé til Umferðarskólans Ungir vegfarendur.

4.1.4 *Menningarmál*

Í könnum RHA meðal íbúa kemur fram nokkur munur á mati þeirra á þjónustu í menningarmálum á Eyjafjarðarsvæðinu. Eyjafjarðarsveit sker sig talsvert úr með mestu ánægjuna. Þar hefur verið lögð áhersla á þennan þátt og félagsheimilin markvisst notuð til að veita þjónustu á þessum sviðum. Akureyri fylgir í kjölfarið og kemur ekki á óvart með hliðsjón af þeirri fjölbreytni sem þar er til staðar. Ekki er síðan mikill munur á milli

einstakrar sveitarfélaga. Höfundar hafa ekki skýringar á útkomu Ólafsfjarðar og Arnarneshrepps sem reka lestina.



Mynd 13 Mat íbúa á þjónustu í menningarmálum í sveitarfélögunum

Sameiginlegur kostnaður málaflokksins (05-0). Akureyrarbær er með menningarfulltrúa og menningarnefnd. Eyjafjarðarsveit og Ólafsfjörður eru með menningarnefnd en önnur sveitarfélög eru ekki með útgjöld vegna nefndarsetu í menningarnefndum. Í Dalvíkurbyggð heyrir málaflokkurinn undir íþróttá-, æskulýðs- og menningarráð og á Siglufirði undir skóla- og menningarnefnd.

Bókasöfn (05-2). Öll sveitarfélögin hafa sér bókasafn nema Arnarneshreppur sem gaf þelamerkurskóla sitt. Bókasöfnin eru sum rekin með skólabókasafni í minni sveitarfélögunum. Bókasafn Akureyringa er Amtbókasafnið og heyrir það undir menningarmálanefnd Akureyrarbæjar. Öll sveitarfélögin taka jafnframt smávægilegan þátt í því í gegnum Héraðsnefnd nema Siglufjörður.

Önnur söfn (05-3). Öll sveitarfélögin standa að Minjasafninu á Akureyri í gegnum Héraðsnefndina nema Ólafsfjörður og Siglufjörður. Öll sveitarfélögin standa einnig að Héraðsskjalasafninu á Akureyri nema Dalvíkurbyggð og Siglufjörður. Safnið heyrir undir menningarmálanefnd Akureyrarbæjar og framlag annarra sveitarfélaga kemur í gegnum Héraðsnefnd. Í Dalvíkurbyggð er annað héraðsskjalasafn. Bókasafnið á Siglufirði gegnir jafnframt hlutverki sem skjalasafn fyrir Siglufjörð.

Ýmis önnur söfn eru á svæðinu. Grýtubakkahreppur hefur styrkt gerð beitningarsafns. Í hreppnum er einnig Laufás, en gamli bærinn þar er hluti af Minjasafninu. Eyjafjarðarsveit rekur Smámunasafn í Sólgarði. Dalvíkurbyggð leggur til húsnæði fyrir Hvol-byggðasafn en Minjasafnið greiðir reksturinn. Ólafsfjarðarbær styrkir eigið náttúrugripasafn. Siglufjarðarkaupstaður á Síldarminjasafnið og veitir áhugamannafélagi styrki til að reka það. Akureyrarbær á Náttúrugripasafn í kössum og starfrækir Davíðshús og Sigurhæðir auk þess að veita framlög til annarra safna svo sem Flugminjasafns og Iðnminjasafns. Öll sveitarfélögin, nema Siglufjörður, auk sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum standa að kennslugagnasafni við HA.

Byggðasaga (05-4). Akureyrarbær og Dalvíkurbyggð leggja fé í þennan flokk. Féð fór í ritun sögu Akureyrar og fornleifaskráningu í Dalvíkurbyggð. Eyjafjarðarsveit styrkir Sögufélag Eyjafjarðar vegna útgáfu bæja- og ábúendatals.

Listir (05-5). Lítið fé fer til þessa flokks hjá sveitarfélögunum nema hjá Akureyrarbæ. Bærinn stendur á bak við listasafn, símfóníuhljómsveit Norðurlands, listamiðstöð, lista- og menningarsjóð og fleira. Akureyrarbær fær framlag frá ríkinu til menningarmála sem aðallega er hugsaður fyrir LA, símfóníuhljómsveitina og Listasafnið. Má telja líklegt að ríkið líti á þennan styrk sem stuðning við listastarfsemi fyrir Eyfirðinga, og í raun landsmenn alla, þó hann fari í gegnum Akureyrarbæ. Siglufjarðarkaupstaður veitti lítils háttar fé til listaverka/listviðburða. Dalvíkurbyggð hefur keypt skólatónleika af Símfóníuhljómsveit Norðurlands.


Menningarhús – félagsheimili (05-6). Öll sveitarfélögin hafa eitt eða fleiri félagsheimili eða menningarhús nema Siglufjarðarkaupstaður, Svalbarðsstrandarhreppur og Arnarneshreppur. Eyjafjarðarsveit hefur sérhæft eitt félagsheimila sinna, Laugaborg, sem tónlistarhús. Í sumum tilfellum er samkomuhúsin jafnframt íþróttahús eins og í Dalvíkurbyggð. Þá er rétt að nefna að skólar eru gjarnan notaðir sem menningar- eða samkomuhús, dæmi um slíkt er Valsárskóli.

Hátíðarhöld (05-7). Sveitarfélögin Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Ólafsfjarðarbær og Siglufjarðarkaupstaður veittu fé til hátíðarhalda (m.a. Fiskidagurinn mikli og Síldarævintýri). Eyjafjarðarsveit styrkir handverkshátíð á Hrafnagili.

Ýmsir styrkir og framlög (05-8). Hér eru framlög til leikfélaga sennilega stærst. A.m.k. 6 leikfélög eru í Eyjafirði og er Leikfélag Akureyrar langfjárfrekast af þeim, fékk 77,6 milljónir árið 2003 og fær til þess styrk frá ríkinu (sjá 05-5). Öll sveitarfélögin styðja við leikfélög nema Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur. Flest sveitarfélögin styrkja kóra og aðra lista- eða menningarstarfsemi. Að minnsta kosti Akureyrarbær og Ólafsfjarðarbær styrkja sínar kirkjur.

4.1.5 Æskulýðs- og íþróttamál

Í könnun RHA meðal íbúa kemur fram mat þeirra á þjónustu í málaflokknum. Ánægja með æskulýðs- og íþróttamál er almennt nokkur og lítill munur milli sveitarfélaga. Grímsey sker sig þó úr þarna og virðist þessum málum vera eitthvað áfátt þar að mati íbúanna, þar er t.d. ekki íþróttahús.



Mynd 14 Mat íbúa á æskulýðs- og íþróttamálum í sveitarfélögum

Sameiginlegur kostnaður málaflokksins (06-0). Öll stærstu sveitarfélögin í Eyjafirði, Eyjafjarðarsveit, Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Ólafsfjarðarbær og Siglufjarðarkaupstaður eru með æskulýðs- og íþróttanefnd eða ráð. Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð og Ólafsfjarðarbær eru með æskulýðsfulltrúa á launum.

Leikvellir (06-1). Stærstu sveitarfélögin leggja eitthvert fé í leikvelli. Einn starfsmaður hjá framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar (sem heyrir

undir framkvæmdadeild sem heyrir undir tækni- og umhverfissvið) sér um leikvelli.

Æskulýðsmál (06-2). Öll sveitarfélögin nema Grímsey reka vinnuskóla á sumrin fyrir unglunga. Engin samvinna er á milli sveitarfélaganna á þessu sviði. Siglufjarðarkaupstaður starfrækir skólagarða.

Félagsmiðstöðvar (06-3). Flest sveitarfélögin starfrækja félagsmiðstöðvar sem oft eru í tengslum við grunnskólann. Í landbúnaðarhreppunum eru félagsmiðstöðvar jafnan mjög samtvinnnaðar skólastarfi og skólaakstri. Án þess væri varla grundvöllur fyrir þeim. Akureyrarbær rekur auk þess Unglingamiðstöðina Húsið og Punktinn. Punkturinn er fyrir alla aldursflokka þó aldraðir hafi nýtt sér hann mest. Eldri nemendur á Grenivík, Stórutjörnum, Þelamörk og í Valsárskóla halda sameiginleg böll nokkrum sinnum yfir veturinn.


Íþróttahús og sundlaugar (06-5). Öll sveitarfélögin reka sundlaug (eða sundlaugar) og öll nema Grímsey reka íþróttahús. Ekki er samvinna um rekstur þessara mannvirkja á milli sveitarfélaga nema Arnarneshreppur og Hörgárbyggð reka saman Íþróttamiðstöðina á Þelamörk. Akureyrarbær rekur auk þess Bogann (knattspyrna og frjálsar íþróttir) og Skautahöllina. Varðandi notendur þessara mannvirkja utan skólatíma þá skipta sveitarfélagamörk engu máli. Einstaklingar og hópar frá Akureyri leigja sér t.d. tíma í stórum stíl á Þelamörk og Hrafnagili. Íþróttafélög í Dalvíkurbyggð leigja tíma á Þelamörk og í Boganum. Fleiri nágranna-sveitarfélög leigja tíma í Boganum.

Íþróttasvæði (06-6). Skíðasvæði eru starfrækt á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði. Einnig verja flest sveitarfélögin fé til annarra íþróttasvæða svo sem íþróttavalla, golfvalla og reiðvalla. Bæði með beinum hætti og með því að veita félögum styrk til að sjá um íþróttasvæðin. Engin samvinna er milli sveitarfélaganna varðandi rekstur skíðasvæðanna né annarra íþróttasvæða nema að Hörgárbyggð og Arnarneshreppur reka saman lítinn íþróttavöll við Þelamerkurskóla.

Ýmsir styrkir og framlög (06-8). Öll sveitarfélögin styrkja íþróttafélög innan síns sveitarfélags. Sveitarfélögin eru hins vegar í fimm mismunandi íþróttahéruðum. Siglufjörður, Ólafsfjörður og Akureyri eru öll sérstök íþróttahéruð. Grýtubakkahreppur er innan HSP. Restin er hins vegar eitt íþróttahérað og þar starfar Ungmennasamband Eyjafjarðar. Öll sveitarfélögin í íþróttahéraði UMSE styrkja UMSE í gegnum Héraðsnefnd

Eyjafjarðar. Grýtubakkahreppur styrkir HSP endrum og eins þegar héraðssambandið man að hreppurinn tilheyrir HSP.

Í könnun RHA var spurt um sókn íbúa í þjónustu annarra sveitarfélaga á svæðinu og má sjá niðurstöðuna á myndinni hér að neðan. Í ljós kom að langflestir sem svöruðu þessu játandi eru að nota íþróttamannvirki annars sveitarfélags. Algengasta dæmið um þetta er mikil notkun Akureyringa á sundlaug og íþróttahúsi við Þelamerkurskóla.



Mynd 15 Sókn íbúa í þjónustu þvert á sveitarfélagamörk

4.1.6 Brunamál og almannavarnir

Brunavarnir (07-2). Slökkvilið eru starfrækt á Grenivík, Akureyri, Hrísey, Dalvík, Ólafsfirði, Grímsey og Siglufirði. Svalbarðsstrandarhreppur, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð og Arnarneshreppur kaupa slökkviliðsþjónustu af Akureyrarbæ samkvæmt samningi. Eyjafjarðarsveit býður upp á þjónustu í heimahúsum (eftirlit með reykskynjurum).


Almannavarnir og öryggismál (07-4). Ólafsfjörður og Siglufjörður hafa sér almannavarnarnefndir. Önnur sveitarfélög í Eyjafirði standa að Almannavarnarnefnd Eyjafjarðar. Nefndin heyrir undir Héraðsnefndina. Fé var varið til sjóvarnargarða árið 2003 í Grýtubakkahreppi og í Dalvíkurbyggð. Á Ólafsfirði var veitt fé til veðurathugana og á Siglufirði var kostnaður við snjóflóðaeftirlit.

Ýmsir styrkir og framlög (07-8). Öll sveitarfélögin styrkja björgunar-sveitir í sínu sveitarfélagi.

4.1.7 Hreinlætismál

Heilbrigðiseftirlit (08-1). Öll sveitarfélögin greiða til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra nema Siglufjörður sem greiðir til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Sorphreinsun og sorpeyðing (08-2). Öll sveitarfélögin sjá um sorphreinsun og gámastöðvar í sínu sveitarfélagi. Oft er samið við einkaaðila um að sjá um þá þjónustu. Varðandi sorpförgun er hins vegar mikil samvinna. Öll sveitarfélögin eru þátttakendur í Sorpsamlagi Eyjafjarðar nema Siglufjörður og Grímsey. Sorpsamlagið sér um að urða sorp Eyfirðinga. Sorp Siglufirðinga fer til Skagafjarðar. Eyjafjarðarsveit og Arnarneshreppur bjóða upp á rotþróartæmingu en innheimta gjöld á móti. Arnarneshreppur býður einnig upp á uppsetningu rotþróa en innheimtir árlegt gjald í staðinn. Um fjórðungur heimila í Eyjafjarðarsveit stunda jarðgerð úr lífrænum heimilisúrgangi. Stærstu bæirnir, þ.e. Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Ólafsfjarðarbær og Siglufjarðarkaupstaður verja nokkru fé til gatnahreinsunar.



Mynd 16 Mat íbúa á sorphreinsun og -eyðingu í sveitarfélögum

Þegar litið er til könnunar RHA á mati íbúa á sorphreinsun og -eyðingu, sbr. myndina hér að ofan má sjá að hjá meiri hluta sveitarfélaganna er skoðun íbúanna svipuð. Eitthvað virðist þessum málum vera áfátt í Grímsey. Akureyringar ásamt íbúum Arnarneshrepps og Svalbarðsstrandarhrepps virðast einnig vera eitthvað minna sáttir en íbúar annarra

sveitarfélaga en Grímseyjarhrepps. Hér er mjög líklega um viðbrögð við staðsetningu urðunarstaðar fyrir sorp að ræða hvað Akureyringa varðar. Íbúar Arnarneshrepps eru líklega óánægðir með að umræða um nýjan urðunarstað, sem myndi leysa af hólmi Glerárdal ofan Akureyrar, beinist að landsvæði sunnan Hjalteyrar. Á Svalbarðsströnd er líklega um ákveðna óánægju með sorphreinsun að ræða.

Meindýraeyðing og dýraeftirlit (08-5). Flest sveitarfélögin hafa lítills háttar útgjöld til þessara mála. Dýraeftirlit er þó oft rekið með hagnaði. Einn starfsmaður hjá framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar (sem heyrir undir framkvæmdadeild sem heyrir undir tækni- og umhverfissvið) er í meindýraeyðingu. Annar er í jarðeigna- og búfjárefniriti.


4.1.8 *Skipulags- og byggingarmál*

Umfang og eðli þessa málaflokks er afar mismunandi eftir stærð sveitarfélaga, þéttbýlisstigi og hraða uppbyggingar og/eða endurnýjun byggðarinnar. Þetta veldur því að allur samanburður verður ákaflega erfiður.

Sameiginlegur kostnaður málaflokksins (09-0) og Byggingareftirlit (09-5). Hér er erfitt að draga línur á milli ýmiss konar starfsemi. Landbúnaðarhrepparnir standa að Byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðarsvæðis sem er eitt stöðugildi. Í Eyjafjarðarsveit og Hörgárbyggð er jafnframt skipulagsnefnd. Í Dalvíkurbyggð er umhverfisráð og þar er jafnframt rekin tæknideild. Ólafsfjarðarbær hefur byggingarnefnd en kaupir þjónustu af tæknideild Dalvíkurbyggðar. Siglufjörður hefur Tækni- og umhverfisnefnd og rekur jafnframt tæknideild. Þar eru tvö störf og byggingarfulltrúi er annað starfið. Akureyrarbær er með umhverfisráð¹¹ og sameiginlega skrifstofu skipulagsmála og byggingarfulltrúa. Jafnframt er Akureyrarbær með skrifstofu lóðaskráningar.

Á myndinni hér að neðan má sjá mat íbúa á byggingareftirlit skv. könnun RHA. Ekki er mikill munur milli meiri hluta sveitarfélaganna að þessu leyti. Þá má sjá að það fer ekki eftir því hversu umfangsmikil þjónustan er á sviðinu hver ánægja íbúanna er. Þannig trónir Grýtubakkahreppur á toppnum með mestu ánægjuna meðan Akureyri, sem er með viðamestu þjónustuna á þessu sviði, er í 3ja neðsta sæti.

¹¹ Umhverfisráð fer með verkefni sem skipulags- og bygginganefndir sveitarfélagsins fóru með áður.



Mynd 17 Mat íbúa á byggingareftirliti í sveitarfélögunum

Áberandi er að lítill munur er á milli sveitarfélaganna almennt, fyrir utan þau þrjú neðstu. Hluti af skýringunni er væntanlega að landbúnaðarhrepparnir eru með sameiginlegan byggingafulltrúa og því í raun sömu þjónustuna í stórum dráttum.

Byggingaeftirlit er þess eðlis að ef það er virkt er hugsanlegt að ánægja íbúanna minnki. Þetta má rökstyðja með því að ákveðnar hömlur eru settar á framkvæmdagleði fólks og hlíta þarf ákveðnum reglum um gerð og frágang mannvirkja og um samskipti við nágranna.


Mælingar, skráning og kortagerð (09-1). Akureyri var eina sveitarfélagið sem bersýnilega bar kostnað af þessum málum 2003. Útgjöld hinna sveitarfélaganna eru líklega undir öðrum lyklum eða hverfandi lítil þetta árið.

Skipulagsmál (09-2). Öll sveitarfélögin eru þátttakendur að svæðisskipulagi Eyjafjarðar og auk þess gamli Hálshreppur. Svæðisskipulagið heyrir undir Héraðsnefnd Eyjafjarðar. Fyrst var gert svæðisskipulag Eyjafjarðar árið 1987. Árið 2002 var staðfest nógildandi svæðisskipulag 1998-2018.

Hvert sveitarfélag fyrir sig sér um gerð aðalskipulags og deiliskipulags í samræmi við skipulags- og byggingarlög. Flest sveitarfélögin hafa af því nokkurn kostnað og er hann að mestu aðkeypt sérfræðiþjónusta. Akureyrarbær er með tvo starfsmenn sem starfa að skipulagsmálum og

kaupa jafnframt þjónustu af verkfræði- og arkitektastofum. Öll sveitarfélögin þurfa af og til að kaupa eignir til niðurrifs eða brottflutnings vegna skipulags og stærri sveitarfélögin þurfa að gera slíkt árlega.

Þegar skoðuð er niðurstaða könnunar RHA um ánægju fólks með skipulagsmál kemur í ljós að það er, líkt og í byggingaeftirlitinu að ánægjan er almennt ekki mikil. Grýtubakkahreppur er enn með mestu ánægjuna og því næst Grímsey og Eyjafjarðarsveit. Akureyringar eru hins vegar greinilega með minnstu ánægjuna í þessum málaflokki.




Mynd 18 Mat íbúa á skipulagsmálum í sveitarfélögunum

Mikil uppbygging hefur verið á Akureyri á undanförunum árum og samhliða hefur verið mikil umræða um skipulagsmál. Eðli þeirrar umræðu sem á sér stað um skipulagsmál er gjörólík í stærra þéttbýli sem er í uppbyggingarfasa eða í minna þéttbýli eða dreifbýli þar sem lítil sem engin uppbygging á sér stað og menn sigla lygnan sjó í þessum efnum. Á Akureyri hefur m.a. verið tekist á um margvísleg skipulagsmál, s.s. þéttingu byggðar, þróun miðbæjarins, legu umferðarmannvirkja, íþróttamannvirkja og fleira. Samskonar uppbygging er ekki fyrir hendi í öðrum sveitarfélögum á svæðinu.

Í þremur nágrannasveitarfélögum Akureyrar er þó um nokkra uppbyggingu íbúðarhúsnæðis að ræða. Í Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhreppi er einkum um að ræða uppbyggingu húsa með stórum lóðum,

stakstæðum eða í þyrpingum nokkur saman, rétt utan bæjarmarka Akureyrar. Líta má á þetta sem eins konar valkost við það að búa á Akureyri en njóta samt kosta þéttbýlisins. Þrátt fyrir að þróunin í þessum tveimur sveitarfélögum virðist vera áþekkt er talsvert meiri ánægja meðal íbúanna með skipulagsmál í Eyjafjarðarsveit heldur en í Svalbarðsstrandarhreppi. Þetta kann að stafa af því að endurskoðun aðalskipulags í Svalbarðsstrandarhreppi hefur gengið hægar fyrir sig en menn höfðu vænst. Sú uppbygging sem á sér stað í Hörgárbyggð er einkum í litlum þéttbýliskjarna rétt við bæjarmörk Akureyrar sem hefur yfir sér svipað yfirbragð og úthverfi Akureyrar hinum megin bæjarmarkanna.



Mynd 19 Staða aðalskipulags á Mið-Norðurlandi árið 2004

Heimild: Skipulagsstofnun

Lóðir og lendur (09-7). Í skipulagsvinnu þarf að gera ráð fyrir að kaupa þurfi upp eignir til að skapa svigrúm fyrir skipulag sveitarfélagsins og þróun byggðarinnar. Akureyri var eina sveitarfélagið sem keypti lóðir og lendur árið 2003.


4.1.9 Umferðar- og samgöngumál

Hér er um að ræða þann málaflokk sem varðar uppbyggingu og rekstur vega- og gatnakerfis sem er í verkahring sveitarfélaga að sjá um. Einnig er um að ræða almenningsamgöngur eða aðra flutninga sem sveitarfélögin reka eða taka þátt í að reka. Nokkuð algengt er að almenningur geri lítinn greinarmun á hlutverki sveitarfélaga í þessum málaflokki, hlutverki ríkisins, þ.e. Vegagerðarinnar eða jafnvel einkaaðila s.s. sérleyfishafa. Þetta getur endurspeglast í viðhorfum almennings til þjónustunnar.

Sameiginlegur kostnaður málaflokksins (10-0), Gatnakerfi (10-2), Viðhald og rekstur gatnakerfis (10-3), Reiðvegir (10-4), Umferðaröryggismál (10-5), og Snjómokstur og hálkueyðing (10-6). Öll sveitarfélögin sinna ofantöldum málum eins og við á. Engin samvinna er á milli þeirra á þessu sviði. Akureyrarbær er með framkvæmdadeild sem m.a. sér um gatnagerð og útboð henni tengd. Í Arnarneshreppi er starfandi reiðveganefnd.

Samgöngumál (10-7). Grýtubakkahreppur niðurgreiðir vöruflutninga á milli Grenivíkur og Akureyrar. Dalvíkurbyggð niðurgreiðir fólksflutninga á milli Dalvíkur og Akureyrar. Ólafsfjörður gerir slíkt hið sama. Akureyrarbær rekur Strætisvagna Akureyrar (SVA). Hríseyjarhreppur niðurgreiddi helming ferjugjalds fyrir Hríseyinga sem sóttu vinnu upp á land. Akureyrarbær hélt þeim niðurgreiðslum áfram. Í könnun RHA á ánægju íbúanna með þjónustu í umferðar- og samgöngumálum kom fram sú niðurstaða sem sjá má á myndinni að neðan. Grímseyingar eru ánægðastir með þjónustuna og þá Grýtubakkahreppur, litlu sem engu munar síðan á hinum sveitarfélögunum þar til röðin kemur að Siglfirðingum. Þeir eru afar óánægðir.

Þetta má túlka á þann veg að íbúar eru að gefa þessum málaflokki einkunn almennt, án tillits til þess hvort um er að ræða verkefni sveitarfélaganna eða ríkisins. Það getur varla verið nein önnur ástæða fyrir því hversu Siglfirðingar gefa umferðar- og samgöngumálum mun lægri einkunn en íbúar annarra sveitarfélaga að þeir búa í einangruðu byggðarlagi og skortir vegtengingar til nágrannabyggðarlaganna. Þá er einnig afar líklegt að verið sé að lýsa óánægju með frestun jarðganganna.



Mynd 20 Mat íbúa á umferðar- og samgöngumálum í sveitarfélögum

Hvað varðar hinn endann eru það enn á ný íbúar Grýtubakkahrepps sem er ánægðir og má vera að ástæðan sé, auk almennrar ánægju með þjónustu, nýgerð brú á veginn til Grenivíkur og reglubundnir flutningar milli Akureyrar og Grenivíkur. Í Grímsey er nýlokið við að gera nýjan flugvöll, mun stærri og öruggari en þann gamla og getur t.d. Fokker 50 lent á vellinum. Hafnarmál og siglingar til Grímseyjar virðast einnig vera í ásættanlegum farvegi að mati eyjarskeggja.

4.1.10 Umhverfismál

Þessi málaflokkur tekur til þátta svo sem umhirðu opinna svæða, skrudgarða og meindýraeyðingar. Ekki var spurt um þjónustu í þessum málaflokki í könnun RHA meðal íbúa.

Sameiginlegur kostnaður málaflokksins (11-0). Eyjafjarðarsveit hefur umhverfisnefnd og Ólafsfjörður hefur umhverfismálanefnd¹². Siglufjörður og Dalvíkurbyggð eru með garðyrkjustjóra og taka þátt í staðardagskrá 21. Á Akureyri er verkefnisstjóri sem sér um umhirðu á grænum svæðum bæjarins. Þessi verkefnisstjóri heyrir undir Framkvæmdadeild sem er undir Tækni- og umhverfissviði. Jafnframt er starfandi Náttúruverndarnefnd hjá Akureyrarbæ. Landbúnaðarhrepparnir

¹² Þrátt fyrir að nafnið geti bent til annars hafa þessar nefndir annað verksvið en umhverfisráð, s.s. á Akureyri og Dalvík.

eru með Náttúruverndarnefnd sem er vistuð hjá Héraðsnefndinni. Jafnframt er vistuð hjá Héraðsnefndinni Gróðurverndarnefnd og er Eyjafjörður allur starfsvið hennar.

Almenningsgarðar (11-2), Útivistarsvæði (11-3), Opin svæði (11-4), Umhverfi gatna og torg (11-5), Skreytingar (11-6), Minka- og refaeyðing (11-7) og Ýmsir styrkir og framlög (11-8). Öll sinna sveitarfélögin ofantöldum málum eftir þörfum. Mesti kostnaðurinn var vegna sláttar. Hjá Akureyrarbæ var varið um 25 milljónum kr. í Lystigarðinn og 12 milljónum í útivistarsvæðið í Kjarnaskógi. Til er sameiginleg nefnd Eyjafjarðarsveitar og Akureyrarbæjar sem heitir Óshólmanefnd. Fjallar hún um málefni óshólma Eyjafjarðarár. Að öðru leyti er lítil sem engin samvinna á milli sveitarfélaga í þessum málaflokki.

4.1.11 *Atvinnumál*

Sameiginlegur kostnaður málaflokksins (13-0). Öll greiða sveitarfélögin til Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar (AFE) nema Grímseyjarhreppur og Siglufjarðarkaupstaður sem tekur þátt í rekstri Iðnþróunarfélags Norðurlands vestra. Atvinnumálanefndir eru í Eyjafjarðarsveit, Arnarneshreppi og Ólafsfjarðarbæ. Hjá Siglufjarðarkaupstað er atvinnumálafulltrúi í hlutastarfi (á móti starfi ferðamálafulltrúa). Í Dalvíkurbyggð var svipuð staða en henni var breytt 2004. Átak var í atvinnusköpun á Dalvík og Ólafsfirði árið 2003. Akureyrarbær var með átaksverkefni í atvinnu- málum fyrir skólafólk. Akureyrarbær var ennfremur með markaðs- og kynningarátak.

Landbúnaður (13-2). Öll sveitarfélögin veita fé til fleiri eða færri hefðbundinna útgjaldaliða í þessum flokki. Það eru fjallskil, fjárveiki- varnir, afréttargirðingar, forðagæsla og búfjárefirlit.

Iðnaður (13-4). Ekkert sveitarfélag veitti fé til iðnaðar nema ef telja mætti styrk Eyjafjarðarsveitar til handverkssýningar til þessa málaflokks.

Fiskeldi og útgerð (13-5). Engir styrkir voru hér nema í Grýtubakkahreppi en þar veitti hreppurinn styrk fyrir fiskvigtun.

Ferðamál (13-6). Grýtubakkahreppur, Eyjafjarðarsveit, Akureyrarbær, Hörgárbyggð, Dalvíkurbyggð, Ólafsfjarðarbær og Siglufjarðarkaupstaður greiða til Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi. Hin sveitarfélögin taka ekki þátt í skrifstofunni. Grýtubakkahreppur stendur fyrir þjónustu í Fjörðum (almenningssalerni og fl.). Dalvíkurbyggð og Siglufjörður voru

með ferðamálafulltrúa í hlutastarfi eins og áður sagði. Akureyrarbær stóð fyrir gerð Akureyrarkorts. Mörg sveitarfélaganna reka tjaldsvæði. Árið 2004 var stofnuð Upplýsingamiðstöð á Akureyri sem Akureyrarbær og Héraðsnefndin stóðu að ásamt fleirum.

4.1.12 *Hafnir og veitur (B-hluta fyrirtæki)*

B-hluta fyrirtæki eru þau fyrirtæki sveitarfélaga sem fá sérstakar tekjur sem eiga að standa undir rekstrinum. Hér er um að ræða hafnarsjóði, vatnsveitu, rafveitu, hitaveitu, fráveitu, sorphirðu, íbúðarhúsnæðileiguhúsnæði, dvalar- og hjúkrunarheimili, bílastæðasjóði og fleira. Ef B-hluta fyrirtækin standa ekki undir eigin rekstri þarf sveitarsjóður að greiða mismuninn með beinu fjárframlagi til B-hluta fyrirtækisins. Þróunin hefur verið sú að sífellt fleiri verkefni eru í B-hluta fyrirtækjum.


Hafnarsjóðir. Á svæðinu eru þrjár stofnanir sem reka hafnir. Hafnarsamlag Norðurlands er starfrækt af Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandahreppi, Akureyrarbæ, Hörgárbyggð, Grímseyjarhreppi og Arnarneshreppi. Hafnarsamlag Eyjafjarðar er rekið af Dalvíkurbyggð, Ólafsfjarðarbæ og áður Hríseyjarhreppi. Siglufjarðarkaupstaður stendur einn að baki Hafnarsjóðs Siglufjarðar. Ekki voru nein framlög úr aðalsjóðum til hafnarsamlaga árið 2003.

Orku- og vatnsveitur. Á svæðinu eru tvær veitustofnanir sem dreifa rafmagni. Norðurorka (sem er í eigu Akureyrarbæjar) dreifir rafmagni á Akureyri. RARIK dreifir rafmagni til allra annarra.

Á svæðinu eru nokkrar hitaveitur. Norðurorka dreifir heitu vatni á Akureyri, Svalbarðsstrandahreppi að hluta, Eyjafjarðarsveit, Arnarneshreppi og Hörgárbyggð að hluta. Hitaveita Dalvíkur dreifir heitu vatni í Dalvíkurbyggð (tvö veitukerfi). Hitaveita Ólafsfjarðar dreifir heitu vatni í Ólafsfirði og RARIK á og rekur hitaveituna á Siglufirði. Má því segja að Grenivík og Grímsey séu eina þéttbýlið í Eyjafirði sem ekki er með hitaveitu.

Á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði, Siglufirði, Grenivík og stærstum hluta Svalbarðsstrandahrepps eru vatnsveitur í eigu viðkomandi sveitarfélags. Langflestir sveitabær hafa einkaveitu og einnig er nokkuð um að stofnuð séu félög nokkurra húsa eða bæja um vatnsveitu, s.s. í Eyjafjarðarsveit.


Ánægja íbúa með þessi mál er áberandi mismikil skv. könnun RHA. Þarna virðist vera gott samræmi á milli stöðu mála í sveitarfélögunum og ánægjunnar.



Mynd 21 Mat íbúa á hitaveitumálum í sveitarfélögunum

Þau tvö sveitarfélög sem ekki hafa hitaveitu, Grímsey og Grýtubakkahreppur koma þarna áberandi verst út. Á hinn bóginn er ánægjan mest í Arnarneshreppi og Svalbarðsstrandarhreppi en þessi tvö sveitarfélög eru nýlega gengin inn í Norðurorku hf. Þannig kemur ánægjan fram vegna breytingarinnar þrátt fyrir að þjónustustigið sé sambærilegt og annarsstaðar á svæði Norðurorku.

Þegar litið til vatnsveitumála er litlu minni munur milli sveitarfélaga hvað viðhorf til þjónustunnar varðar. Viðhorfin snúast þó dálítið við miðað við hitaveituna. Grímseyingar eru þannig ánægðastir með vatnsveitu og íbúar Svalbarðsstrandarhrepps óánægðastir. Umræður eru í gangi um að Norðurorka komi einnig að vatnsveitumálum síðarnefnda sveitarfélagsins í framtíðinni.




Mynd 22 Mat íbúa á vatnsveitumálum í sveitarfélögum

Fráveitur. Þrátt fyrir að vera sett hér inn sem B-hluta fyrirtæki er fráveitan það ekki allstaðar. Á öllum þéttbýlisstöðum í firðinum eru fráveitukerfi. Í dreifbýlinu hefur verið gert átak í að koma upp rotþróum fyrir eitt eða fleiri heimili. Eyjafjarðarsveit og Arnarneshreppur sjá um rotþróatæmingu fyrir sína íbúa og er gjaldtaka fyrir það miðuð við að hún standi undir útgjöldum í framtíðinni. Kröfur um fráveitu hafa verið að aukast á undanförunum árum og eru sveitarfélögin komin mislangt í því að leysa þessi mál í samræmi við þessar kröfur.

Árið 2003 veitti bæjarsjóður Siglufjarðarkaupstaðar 17 milljónum inn í fráveitustofnun bæjarins.

Í könnun RHA meðal íbúa á þjónustu sveitarfélaganna kemur í ljós að í meiri hluta sveitarfélaganna eru íbúar nokkuð ánægðir með fráveitumál. Líklega er það svo, að ef ekkert sérstakt er í umræðunni og engin vandamál í nánasta umhverfi íbúanna í þessum málaflokki, að flestir láti sig þessi mál lítið varða. Fjögur sveitarfélög skera sig þó þarna úr en það eru Ólafsfjörður, Grímsey, Siglufjörður og Dalvík. Þessi niðurstaða kann að benda til þess að átaks sé þörf í þessum sveitarfélögum umfram önnur. Dalvíkurbyggð og Siglufjarðarkaupstaður munu vera með áætlun um aðgerðir í fráveitumálum en ekki er vitað til þess að sama gildi um Ólafsfjörð og Grímsey.



Mynd 23 Mat íbúa á fráveitumálum í sveitarfélögunum

Aðgerðir í fráveitumálum eru oft mjög kostnaðarsamar og hafa sum sveitarfélög varið háum fjárhæðum til þessa málaflokks nú þegar til að koma til móts við þær kröfur sem gerðar eru. Eyjafjarðarsvæðið er mikið matvælaframleiðslusvæði og er þess vegna ekki óeðlilegt að uppfylltar séu a.m.k. lágmarkskröfur í þessum efnum. Ljóst er að komi til sameiningar þá eru sveitarfélög að leggja til misjafnlega miklar eignir í formi þeirra fjárfestinga sem þegar hefur verið lagt út fyrir.

4.1.13 Stjórnsýsla sveitarfélaganna og sameiginlegir rekstrarþættir

Í þessum kafla er fyrst og fremst fjallað um stjórnsýslu sveitarfélaganna, þ.e. skrifstofu sveitarfélagsins og aðra starfsemi sem tengist yfirstjórn þess og sameiginlegum kostnaði.

Meðferð sveitarstjórnarmála (21-0). Sveitarfélögin öll bera kostnað vegna launa til sveitarstjórnarmanna og bæjarráðsmanna. Ennfremur allan kostnað við ferðir þeirra, námskeiðsgjöld og fleira. Töluverður kostnaður er einnig fólgin í endurskoðun ár hvert.

Kosningar (21-1). Öll sveitarfélögin urðu fyrir kostnaði vegna alþingis-kosninga 2003, en allar kosningar eru á verksviði sveitarfélaganna. Í hverju sveitarfélagi er skipuð kjörnefnd í þessum tilgangi.

Sameining sveitarfélaga (21-2). Ekkert sveitarfélaganna bókaði kostnað vegna vinnu við þetta árið 2003.

Ónotað húsnæði (21-3). Ekkert sveitarfélaganna færði gjöld undir þessum lykli.

Skrifstofur sveitarfélagsins (21-4). Öll sveitarfélögin eru með skrifstofu nema Arnarneshreppur og Grímseyjarhreppur. Þar eru oddvitarnir með sína vinnuáðstöðu heima hjá sér. Öll sveitarfélögin eru einnig með sveitarstjóra nema tvö þau minnstu, Arnarneshreppur og Grímseyjarhreppur. Stærri sveitarfélögin eru með bókara, fjármálastjóra, bæjarritara og fleiri embætti. Akureyrarbær er auðvitað með langstærstu skrifstofuna. Henni er skipt í skrifstofu þjónustusviðs og fjármálasviðs. Akureyrarbær er jafnframt með bæjarlögmann.

Risna, móttökur og kynningarmál (21-5). Hjá stærri sveitarfélögunum er nokkur kostnaður í þessu fölginn. Risna og móttökur eru meira áberandi hjá stærri sveitarfélögunum. Öll eru sveitarfélögin með heimasíðu nema Svalbarðsstrandarhreppur, Arnarneshreppur og Grímseyjarhreppur. Sum sveitarfélaganna gefa út fréttabréf svo sem Eyjafjarðarsveit og Arnarneshreppur.

Starfsmannakostnaður (21-6). Öll sveitarfélögin hafa einhvern kostnað við starfsmenn sína. Hér eru lífeyrisskuldbindingar bókaðar. Öll greiða sveitarfélögin framlög til launanefndar sveitarfélaga. Sum greiða fyrir árshátíðir starfsmanna sinna.

Samstarf sveitarfélaga (21-7). Öll taka sveitarfélögin þátt í rekstri Eyþings og Héraðsnefndar Eyjafjarðar. Stærri sveitarfélögin bera einnig lítils háttar kostnað vegna vinarbæjasamskipta.

4.2. Þjónusta í sameinuðu sveitarfélagi

Í þessum undirkafla verður farið yfir það hvaða áhrif sameining sveitarfélaganna myndi hafa í einstökum þjónustu- og málaflokkum.

4.2.1 Félagsþjónusta

Félagsleg aðstoð. Fjárhagsaðstoð og önnur aðstoð við íbúa hins sameinaða sveitarfélags yrði samræmd yfir allt svæðið. Landbúnaðarhrepparnir hafa keypt sérfræðiþjónustu af Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar. Allir notendur félagsþjónustu Akureyrar og landbúnaðarhreppana eru því metnir með sama hætti. Þetta minnkar einnig líkurnar á því að í litlu hreppunum leynist félagsleg vandamál sem ekki hafi verið tekið á hingað til en stökkvi fram í dagsljósið við sameiningu. Þess vegna eru

minni líkur á að félagsleg aðstoð aukist á þessu svæði við sameiningu en slíkt hefur stundum verið reynslan í öðrum sameiningum fámenns dreifbýlis við fjölmennari þéttbýlisstaði (Grétar Þór Eyþórsson og Hjalti Jóhannesson, 2002:260).

Hvað félagsþjónustu varðar þarf við sameiningu að samræma þrjú þjónustusvæði: Akureyri og landbúnaðarhreppana, Dalvík og Ólafsfjörð og síðan Siglufjörð. Líklegt er að þörf verði á að einhver hluti þeirra sérfræðinga sem starfa muni á vegum sameinaðs sveitarfélags að félagslegri aðstoð verði staðsettir á Dalvík, Ólafsfirði eða Siglufirði. Til að samræma þjónustuna fyrir alla íbúa sveitarfélagsins þyrftu þessir sérfræðingar að vera undir sömu yfirstjórn og teymið á Akureyri. Afgreiðsla fjárhagsaðstoðar yrði eins fyrir alla, en nú þarf hvert sveitarfélag fyrir sig að greiða fjárhagsaðstoð til sinna íbúa þó aðrir meti þörfina. Afgreiðsla fjárhagsaðstoðar yrði því einfaldari í sameinuðu sveitarfélagi. Líklegt er að með einu stóru þjónustusvæði verði tækifæri til meiri sérhæfingar og fagmennsku en í minni kerfum. Siglufjörður er nú minnsta þjónustusvæðið og líklegt er að breytingin verði hvað mest þar við sameiningu.

Hvert sveitarfélag hefur séð um heimaþjónustu fyrir sína íbúa. Nágrannahreppar Akureyrar hafa þó keypt mat af Akureyrarbæ fyrir sína skjólstæðinga að undangengnu mati á þjónustuþörf. Í sameinuðu sveitarfélagi yrði þessi þjónusta einnig samræmd. Þó er talið útilokað að þessari þjónustu yrði sinnt frá einum stað. Líklegt er að samið yrði við ýmsa aðila á ýmsum stöðum um matargerð og heimilishjálp. Sama gildi um liðveislu.

Börn og unglingar. Ein barnaverndarnefnd yrði fyrir allt sameinaða sveitarfélagið en þær eru nú tvær. Í barnaverndarmálum er ekki gott að of mikil nálægð sé á milli skjólstæðinganna og þeirra sem hrinda úrræðunum í framkvæmd. Það er kostur við sameiningu að þessi fjarlægð eykst enn frekar og gefur kost á enn meiri fagmennsku. Þeir sérfræðingar sem sjá um þessi mál eru í mörgum tilfellum þeir sömu og meta félagslega aðstoð.

Aldraðir. Þjónusta við aldraða yrði samræmd. Sú þjónusta er aðallega fólgin í áðurnefndri heimaþjónustu og síðan tómsundastarfi. Mjög erfitt er að gera sér grein fyrir hvernig málefni aldraðra munu þróast í nýju sveitarfélagi. Einnig er erfitt að spá um hvernig þróun þessa málaflokks verður almennt á Íslandi. Sumir telja að stefna beri að því að aldraðir geti haldið áfram að búa heima hjá sér en fái enn öflugri heimaþjónustu í stað

Þess að öldruðum sé safnað saman á stofnanir. Líklegt má þó telja að áframhaldandi þróun verði í þá átt að öldruðum verði gert kleift að búa áfram í sinni heimabyggð eða á þeim stað sem þeir helst kjósa.

Fatlaðir. Sveitarfélög eiga samkvæmt lögum að sjá um liðveislu, heimaþjónustu og ferlimál fyrir fatlaða. Þessi þjónusta yrði samræmd en séð yrði um hana á mismunandi stöðum eins og áður var nefnt. Þjónusta ríkisins vegna þessa málaflokks hefur verið í höndum tveggja sveitarfélaga á svæðinu sem tilraunaverkefni. Siglufjarðarkaupstaður hefur séð um Siglufjörð og Akureyrarbær hefur séð um allan Eyjafjörð. Ef sameinað sveitarfélag héldi áfram að taka þessa þjónustu að sér fyrir greiðslu frá ríkinu þyrfti að samræma þessi tvö kerfi. Það ætti að vera fremur auðvelt. Jafnframt er líklegt að í sameinuðu sveitarfélagi yrði bætt þjónusta í þessum málum á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði því betri grundvöllur yrði fyrir staðsetningu sérfræðinga á þessu sviði þar eftir tilkomu Siglufjarðar í fjölskylduna.

Annað. Í jafnréttismálum yrði sú breyting í sameinuðu sveitarfélagi að jafnréttisfulltrúi starfaði fyrir allt svæðið en ekki einungis á Akureyri eins og nú er.

Nú sækja ýmis góðgerðasamtök um styrki til sveitarfélaga. Tíu sveitarfélög í Eyjafirði fá því slíkar óskir nú. Tilhneigingin hefur verið að litlu sveitarfélögin hafa veitt færri slíka styrki en stóru sveitarfélögin. Með sameinuðu sveitarfélagi myndi þetta breytast. Aðeins ein umsókn og eitt svar.

Með stærri og öflugri sveitarfélögum á Norðurlandi og Austurlandi er spurning hvort þau gætu betur beitt sér fyrir því að ýmis þjónusta sem sveitarfélög styrkja og nú er sótt til borgarinnar yrði komið upp á svæðinu. Má í því sambandi nefna kvennaathvarf og áfengismeðferð.

Niðurstöður úr könnun RHA gefa til kynna að mat íbúa sé svipað á ástandi í þessum málaflokki. Því er ekki að sjá að sameiningin myndi breyta miklu um viðhorf fólks til þessa málaflokks, hvorki til betra né verra.

4.2.2 *Fræðslumál*

Leikskólar. Ein mesta breytingin sem má sjá fyrir sér í notkun og fyrirkomulagi leikskólamála ef Eyjafjörður verður eitt sveitarfélag, er aukið valfrelsi foreldra um það hvar börn fá leikskólavist. Leikskólavist er

bundin lögheimilissveitarfélagi og þannig er staða mála í Eyjafirði með þeirri undantekningu að Arnarneshreppur greiðir nágrannasveitarfélaginu Hörgárbyggð fyrir að sinna þessari þjónustu. Þar sem Eyjafjarðarsvæðið er að mestu leyti eitt atvinnusvæði og mikið um að fólk sæki vinnu á milli staða, er líklegt að foreldrar kjósi í auknum mæli að fá leikskólavist þar sem þeir stunda vinnu. Eins og fyrirkomulagið er í dag þarf í sumum tilvikum að aka fyrst í öfuga átt frá vinnustað til þess að koma barni á leikskóla. Dæmi um svæði þar sem svona háttar til, miðað við að atvinna sé sótt til Akureyrar, eru sunnanverð Svalbarðsströnd og Grýtubakka-hreppur, svo og Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils. Ef þessar forsendur breytast vegna sameiningar þá mun skapast aukinn sveigjanleiki í vali á leikskólum og forsendur fyrir lengri samverustundum barna og foreldra og því að dagleg vist barna á leikskóla styttest.

Grunnskólar. Gera má ráð fyrir að eftir sameiningu sveitarfélaganna á svæðinu verði starfandi ein fræðslunefnd. Með sameiginlegri fræðslunefnd næst gleggri heildarsýn yfir málaflokkinn sem getur leitt til betra skólustarfs á svæðinu og gerir stjórnun skólamála auðveldari. Slík nefnd skapar betri tækifæri til faglegrar samræmingar í áherslum og markmiðum náms og kennslu í skólunum. Þá verður ákvarðanataka um breytingar á skipulagi skólamála væntanlega auðveldari s.s. hvað varðar skólaakstur og breytt upptökusvæði einstakra skóla.

Reikna má með að öflug skólamálaáskrifstofa verði starfandi á svæðinu og að hún geti veitt skólunum aukna ráðgjöf og margvíslega sérfræðiþjónustu. Rekstrarleg yfirsýn og samræming ætti að aukast með miðlögari fjármálaumsýslu skólanna en nú er.

Breytingar á sveitarfélagamörkum umfram þær sem þegar hafa orðið virðast ekki munu hafa áhrif á fyrirkomulag grunnskólamála á svæðinu á allra næstu árum, þ.e. hvar skólar verða staðsettir, að minnsta kosti ekki miðað við svipaða íbúadreifingu. Þannig breytast t.d. ekki nein mörk sveitarfélaga þar sem mest umræða hefur orðið um hagræðingu í skólamálum á undanförunum misserum, s.s. í Dalvíkurbyggð.

Ákveðnir möguleikar geta þó opnast á hagræðingu í skólamálum þar sem hægt er að breyta upptökusvæðum þeirra. Þetta gæti bæði verið til þess að lágmarka skólaakstur nemenda og einnig til þess að bæta nýtingu skólahúsnæðis og starfskrafta þar sem vegalengdir leyfa slíkt. Til dæmis er grunnskólinn á Ólafsfirði og Siglufirði í samtals fjórum húsum.

Hugsanlegt er að þrjú þessara húsa nægi eftir að Héðinsfjarðargöng verða komin í notkun.

Byggðaðpróun á svæðinu, eða fyrst og fremst mannfjöldaðpróun eftir svæðum mun hafa afgerandi áhrif á fyrirkomulag skólamála.

Þá eru ákveðin tengsl milli skipulagsmála og fyrirkomulags skólamála. Þannig eru gerðar kröfur um nálægð heimilis og skóla í þéttbýli og heimanganga barna tíðkast. Þannig er afar líklegt að ef tekst að stýra þéttbýlispróun inn á þá staði þar sem þéttbýli hefur þegar myndast, aukist líkur á að þar verði áfram starfræktur skóli. Talsverð uppbygging íbúðarhúsa utan þéttbýlis á sér stað í nokkrum sveitarfélögum einkum í grennd Akureyrar s.s. Svalbarðsstrandarhreppi, Eyjafjarðarsveit og Hörgárbyggð. Þessi uppbygging er hins vegar ekki í nágrenni við þá skóla sem þegar eru starfræktir í þessum þremur sveitarfélögum. Í sumum stærri sveitarfélögum er valfrelsi íbúa að aukast um hvert börn þeirra sækja skóla og kann sú stefna að verða algengari í framtíðinni.

Framhaldsskólar. Með sameiningu mun aðeins eitt sveitarfélag eiga þann hluta húsnæðis framhaldsskólanna VMA og MA sem mörg sveitarfélög eiga nú saman. Auk þess myndi hið sameinaða sveitarfélag eignast hlut Siglufjarðarkaupstaðar í Fjölbautarskólanum á Sauðárkróki. Hvort hægt yrði að selja þann hluta er eitthvað sem ekki verður metið hér.

Framhaldsskólanemar sem eiga langt í næsta framhaldsskóla fá nú styrk úr ríkissjóði. Samkvæmt upplýsingum frá LÍN sem sér um þessar greiðslur eru pósthúmer lögð til grundvallar í mati á nemendum þannig að breyting á sveitarfélagamörkum myndi ekki breyta þessum styrkjum á neinn hátt.

Önnur fræðslustarfsemi. Allir íbúar svæðisins munu hafa sama rétt til tónlistarnáms eftir sameiningu en eins og staðan er núna er þjónustan nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum. Sú breyting hefur orðið á undanfarið að sveitarfélög hafa hætt að greiða kostnað vegna nemenda í tónlistarskólum sem eiga lögheimili utan viðkomandi sveitarfélags. Þannig samþykkti skólanefnd Akureyrarbæjar að greiða ekki lengur kostnað þeirra nemenda í Tónlistarskólanum sem ekki eiga lögheimili á Akureyri. Sameining myndi jafna þennan aðstöðumun.

4.2.3 *Meningarmál*

Bókasöfn. Með sameiningu færu öll bókasöfnin á svæðinu undir hið nýja sveitarfélag. Amtbókasafnið á Akureyri yrði langstærst, eins og verið

hefur. Líklegt er að bókasöfn yrðu starfrækt áfram þar sem þau eru nú en spurningin er einungis í hvaða formi. Ein leiðin yrði að öll söfnin haldi áfram að vera sjálfstæðar stofnanir. Önnur leið að þau yrðu starfrækt áfram í svipaðri mynd en undir einni yfirstjórn. Þriðja leiðin að þau yrðu öll sameinuð Amtbókasafninu sem þá hefði útibú á helstu þéttbýlisstöðum.

Önnur söfn. Þrjú héraðsskjalasöfn yrðu í sameinuðu sveitarfélagi ef bókasafn Siglufjarðar er talið með. Héraðsskjalasöfn eru ekki mikið sótt af almenningi þannig að ekki er víst að litið yrði á það sem þjónustuskerðingu þó tvö þessara safna yrðu sameinuð. Telja verður líklegt að í mesta lagi eitt skjalasafn yrði í utanverðum Eyjafirði og þá jafnvel undir sömu stjórn og skjalasafnið á Akureyri. Slíkt gæti verið góður kostur þar sem skjalasöfn hafa tilhneigingu til að bóligna út með tímanum eðli málsins samkvæmt og mun ódýrara húsnæði er í boði við utanverðan Eyjafjörð heldur en á Akureyri. Það mun þrengja að Amtbókasafninu og Héraðsskjalasafninu á Akureyri fyrir eða síðar þó þessar stofnanir séu nú í nýstækkun húsnæði. Í sameinuðu sveitarfélagi væri ekki ósennilegt að létt yrði á safninu á Akureyri með því að flytja einhverja hluta þess til t.d. Dalvíkur. Má þar nefna skjöl sem koma frá Ólafsfirði.

Náttúrugripasöfn yrðu tvö í sameinuðu sveitarfélagi. Annað er á Akureyri og er í húsnæðishraki en hitt er á Ólafsfirði. Ef til vill kæmi til greina að leysa mál safnsins á Akureyri með því að sameina það safninu á Ólafsfirði og setja upp þar. Eða ætti slíkt frekar heima við hliðina á Síldarminjasafninu á Siglufirði?

Minjasafnið yrði í svipaðri stöðu og áður nema nú stæði eitt sveitarfélag að baki því en ekki mörg. Sama má segja um öll önnur söfn á svæðinu, sem eru töluvert mörg, líklegast er að þau yrðu rekin á sama hátt og áður nema stórt sveitarfélag stæði þar að baki. Líklegt er að safn eins og Síldarminjasafnið, sem hefur fengið alþjóða athygli, yrði stolt allra íbúa hins sameinaða sveitarfélags og yrði eflt enn frekar.

Listir. Eðlilegast er að álykta að harla litið breyttist í listalífi Eyjafjarðar þó öll sveitarfélögin sameinuðust. Atvinnuleikhúsið, áhugaleikfélögin, símfóníuhljómsveitin, listasafnið og fleira starfaði með sama hætti og áður nema eitt stórt sveitarfélag stæði að baki. Leikfélag Akureyrar tæki hugsanlega upp annað nafn til að höfða til allra í sameinuðu sveitarfélagi. Við nánari skoðun býður sameining þó upp á ýmsa nýja möguleika.

Atvinnuleikhúsið (nú LA) gæti starfað á fleiri stöðum í sveitarfélaginu en á Akureyri. Það gæti sett upp sýningar, eða tekið þátt í þeim í samstarfi við leikfélögin á staðnum. Afleiðing sameiningar gæti einnig orðið sú að drægi úr frumkvæði áhugaleikfélaganna og annarra áhugamann um listir sem nú starfa innan sérstakra sveitarfélagamarka.

Með sameinuðu stóru sveitarfélagi er ekki ólíklegt að Eyfirðingar hefðu betri þrýstikraft til að ná til sín stærri hluta af þeim miklu fjármunum sem ríkið leggur í listir á ári hverju.

Menningarhús – félagsheimili. Sameinað sveitarfélag myndi eignast félagsheimilin á svæðinu. Líklega yrðu þau nýtt á svipaðan hátt og nú er. Hugsanlegt er að nýtt sveitarfélag beitti sér fyrir því að þessi hús yrðu betur nýtt og fengju sérhæfðara hlutverk. Eftir að Eyjafjarðarsveit varð til sérhæfði sveitarfélagið sín hús. Laugarborg er nú t.d. tónlistarhús. Líklega yrði meiri ásókn í að nota það hús ef það væri í eigu allra Eyfirðinga. Á margan hátt er líka betra að væntanlegt menningarhús verði í eigu og á ábyrgð allra Eyfirðinga en ekki einungis Akureyringa.

4.2.4 *Æskulýðs- og íþróttamál*

Íþróttafélög. Sameining sveitarfélaga ætti ekki að hafa nein bein áhrif á starfsemi eða hag íþróttafélaga. Þau ættu að starfa með sama hætti og áður þó Eyjafjörður yrði eitt sveitarfélag. Í sameinuðu sveitarfélagi yrðu styrkir til íþróttafélaganna eitthvað samræmdir þannig að einhver félög fengju hugsanlega minni styrk en önnur hærri. Líklegt er að sameiningin hafi meiri áhrif á íþróttabandalög og héraðssambönd. Nú eru 5 íþróttahéruð á svæðinu. Grýtubakkahreppur er inni á HSP svæðinu, Akureyri er sérstakt íþróttahérað þar sem ÍBA starfar, Ólafsfjörður einnig og þar starfar UÍÓ, Siglufjörður sömu leiðis og þar starfar ÍBS, restin af Eyjafirði er síðan sérstakt íþróttahérað og þar starfar UMSE. Það er ekkert sem bannar það að þessi íþróttahéruð verði óbreytt þó sveitarfélagamörk hverfi. Samkvæmt upplýsingum frá ÍSÍ leggjast íþróttayfirvöld og ÍSÍ/UMFÍ ekki gegn því að íþróttahéruð séu sameinuð. Fordæmi eru fyrir því svo sem á Vestfjörðum. Það hefur þá kosti að öll íþróttafélög í hinu sameinaða sveitarfélagi mynduðu eitt bandalag. Það þýðir m.a. að hægt yrði að keppa undir merkjum hins nýja bandalags í sumum íþróttagreinum t.d. frjálsum íþróttum. Þar hafa UMSE og UFA keppt saman sem eitt lið í nokkur ár en UFA getur ekki verið aðili að UMSE vegna mismunandi íþróttahéraða. Einnig má nefna að lið í

knattspyrnu kvenna hefur keppt í Íslandsmóttinu undir heitinu Þór/KA/KS. Það hefur líka vissa kosti fyrir sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags að geta ráðfært sig við einn aðila sem kemur fram fyrir hönd allra íþóttafélaganna heldur en marga.

Íþróttamannvirki. Lítil breyting yrði á rekstri íþóttamannvirkja nema nú hefðu öll íþróttafélög sama rétt til að fá tíma í hvaða húsi sem er á öllu svæðinu. Helst er líklegt að einhver breyting yrði á skíðasvæðum. Þau yrðu undir einum hatti og lyftukort giltu jafnt í allar lyftur sveitarfélagsins. Í nýju sveitarfélagi yrði líklega lögð mesta áherslan á bestu skíðasvæðin. Líklega leiddi það til aukinnar áherslu á skíðasvæðið á Siglufirði og hugsanlega minni áherslu á skíðasvæðið á Ólafsfirði. Ef áfram verður hlýtt í veðri er jafnframt hugsanlegt að nýtt sveitarfélag myndi skoða Kaldbak sem mögulegan kost varðandi skíðaiðkun. Svipað fyrirkomulag um eitt kort ætti að geta gilt á sundstöðum svæðisins.

Vinnuskóli. Það myndi einfalda hlutina í vinnuskólum ef sveitarfélögin myndu sameinast. Þá ættu allir unglingar á svæði sama rétt í þeim eignum en nú geta, svo dæmi sé tekið, unglingar í nágrenni Akureyrar ekki unnið í vinnuskólanum á Akureyri nema með sér samningum.

Félagsmiðstöðvar. Ólíklegt er að sameining hafi teljandi áhrif á félagsmiðstöðvar.

4.2.5 *Brunamál og almannavarnir*

Með sameiningu sveitarfélaganna í Eyjafirði er einsýnt að öll slökkvilið svæðisins yrðu sameinuð undir eina stjórn. Slökkviliðin eru nú 7 á eftirtöldum stöðum: Grenivík, Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði, Siglufirði, Hrísey og Grímsey. Þegar meiriháttar brunni verður nú á einum stað þurfa þessi slökkvilið á hvert öðru að halda. Ef það dæmi er tekið að mikill brunni yrði á Ólafsfirði færi slökkviliðið á Dalvík þangað og slökkvibíll frá Akureyri færi jafnvel til Dalvíkur til að vera þar til taks ef eldur kæmi upp á Dalvík á meðan. Slökkviliðin þurfa m.ö.o. að vinna saman og það ætti að vera enn auðveldara að skipuleggja viðbrögð og hrókeringar undir einni yfirstjórn. Það ætti jafnframt að geta leitt til einherrar hagræðingar og eflingar faglegra vinnubragða. Sameinað slökkvilið ætti t.d. geta sérhæft sig betur í viðbrögðum við mengunarslysum.

Með Héðinsfjarðargöngum verður einnig til nýtt landslag í slökkviliðsmálum. Ólafsfjörður verður þá í þeirri stöðu að slökkviliðið á Siglufirði verður í 10-13 mínútna akstursfjarlægð og slökkviliðið á Dalvík í 12-16

mínútna akstursfjarlægð eins og áður. Hins vegar er síður hægt að gera ráð fyrir að för slökkviliðs verði hindrunarlaus til Ólafsfjarðar frá Dalvík, a.m.k. á meðan Múlagöng verða ekki breikkuð. Með þessari stöðu vaknar sú spurning hvort ekki mætti draga úr viðbúnaði slökkviliðs á Ólafsfirði. Samkvæmt samtali við brunamálastjóra er Ólafsfjörður í það mikilli fjarlægð frá Siglufirði að ekki er hægt að leggja þar slökkvilið alveg niður. Hins vegar kynni að nægja að hafa einn vel útbúinn slökkvibíl á Ólafsfirði sem gæti þá komið 10-13 mínútum fyrr á staðinn eftir útkall en slökkviliðið frá Siglufirði. Slökkviliðið frá Dalvík kæmi síðan örfáum mínútum á eftir liðinu frá Siglufirði. Slökkvibílar eru nú þrjár á Ólafsfirði.

Einn aðili sæi um eldvarnareftirlit í sameinuðu sveitarfélagi. Það ætti að gefa möguleika á aukinni sérhæfingu og fagmennsku og kæmi jafnframt í veg fyrir ókosti of mikillar nálægðar slíkrar eftirlitsstarfsemi á minni stöðunum.

Líklegt er að almannavarnarnefndum yrði fækkað á svæðinu í kjölfar sameiningar. Líklegt er að ein almannavarnarnefnd yrði sett yfir allt svæðið eða þær yrðu tvær, önnur fyrir Akureyri og nágrenni en hin fyrir Ólafsfjörð og Siglufjörð. Almannavarnarnefndirnar eru nú þrjár.

4.2.6 *Hreinlætismál*

Heilbrigðiseftirlit. Starf heilbrigðiseftirlits mun að líkindum einfaldast eitthvað við sameiningu allra þessara sveitarfélaga þar sem þeir sem að því starfa myndu heyra undir færri vinnuveitendur en áður. Það er a.m.k. mat þeirra sem við eftirlitið starfa. Ekki verður, að óbreyttum lögum, breyting á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits þar sem starfssvæði þess fylgir gömlu kjördæmamörkunum. Hvað Siglufjörð varðar má telja eðlilegt að bærinn fylgi öðrum hlutum hins sameinaða sveitarfélags þrátt fyrir að gömul kjördæmamörk liggja um nýja sveitarfélagið. Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 er heilbrigðisnefndum heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða.

Sorphreinsun og sorpeyðing. Í þessum málaflokki hafa öll sveitarfélögin að undanskyldum Siglufjarðarkaupstað og Grímseyjarhreppi unnið saman í Sorpeyðingu Eyjafjarðar BS og yrði stærsta breytingin sú að leggja niður byggðasamlagið. Samkvæmt viðtali við framkvæmdastjóra byggðasamlagsins mun það einfalda mjög alla ákvarðanatöku og stjórnun málaflokksins ef byggðasamlagið er lagt niður og sorpeyðingin gerð að

verkefni innan sameinaðs sveitarfélags. Nú þarf t.d. að leggja allar meiri háttar ákvarðanir s.s. breytingar á gjaldskrá fyrir hverja sveitarstjórn fyrir sig.

Hvert sveitarfélag hefur borið ábyrgð á sorphreinsun og víða hafa verktakar annast hana. Lítil breyting virðist sýnileg þarna nema hvað stærra sveitarfélaga stendur að baki og auknar líkur eru á hagkvæmari þjónustu. Þá er líklegt að rekstur gámasvæða verði hagkvæmari þar sem hægt er að hugsa kerfi þeirra sem heild.

Ekki hefur tekist að finna nýjan urðunarstað fyrir sorp í stað Glerárdals ofan Akureyrar, en aðeins er rými á núverandi urðunarstað til næstu 4-5 ára. Þetta tókst heldur ekki að útkljá í vinnu við Svæðisskipulag Eyjafjarðar þannig að verði sveitarfélögin sameinuð mun þetta verkefni bíða úrlausnar hjá nýju sveitarfélagi.

Eins og sjá má að ofan hefur ýmis ákvarðanatöku gengið afar hægt í samstarfinu og því er spáð hér að sameining sveitarfélaganna á starfssvæðinu myndi breyta þar miklu.

Starfsmenn Sorpeyðingar Eyjafjarðar eru í hlutastarfi þar en að öðru leyti starfsmenn hjá Akureyrarbæ. Ekki er ósennilegt að þetta fyrirkomulag virki letjandi á þróun fyrirtækisins þar sem starfsmenn leggja ekki fram starfskrafta sína óskipta í þágu fyrirtækisins. Þeir eru alltaf samtímis að vinna fyrir Akureyrarbæ og þannig að þjóna tveimur herrum hverra hagnir þeirra fara ekki alltaf saman. Við sameiningu sveitarfélaganna yrði sú mikilvæga breyting að starfsmenn á þessu sviði verða ráðnir til sveitarfélagsins.

4.2.7 *Skipulags- og byggingarmál*

Skipulagsmál. Sú veigamikla breyting mun eiga sér stað við sameiningu Eyjafjarðar í eitt sveitarfélag að eitt skipulagsstig fellur niður, þ.e. svæðisskipulag. Í stað þess verður aðalskipulagsstigið umfangsmeira. Aðalskipulagið er kjarninn í íslenska skipulagskerfinu. Raunar tekur svæðisskipulag til færri þátta en aðalskipulag og varðar fyrst og fremst eðlisræna þætti, þ.e. ráðstöfun lands til mismunandi nota.

Þessi breyting hefur í för með sér að stefnumörkun svæðisins alls í skipulagsmálum getur orðið markvissari. Hér er bæði átt við landnotkun og stefnumótun í hinum ýmsu málaflokkum sveitarfélagsins¹³.

Aðgengi að sérhæfðu starfsfólki á sviði skipulags- og byggingarmála verður með svipuðum hætti allsstaðar á svæðinu og aðstæður skapast til þess að styrkja starfsemi á vettvangi skipulagsmála. Viðmælendur í röðum sveitarstjórnarmanna nefndu margir að þessi málaflokkur sé alltaf að verða flóknari og sífellt tímafrekara að leysa viðfangsefni á þessu sviði. Því væri bætt aðgengi að sérhæfðu starfsliði mikill kostur. Könnun meðal íbúa í sveitarfélögum bendir til þess að eitthvað vanti upp á ánægju með skipulagsmál, sérstaklega þó í bæjunum.¹⁴

Til þess að vega upp á móti því hve landmikið sameinaða sveitarfélagið verður er mögulegt að starfsmenn sérhæfi sig að einhverju leyti eftir einstökum hverfum eða svæðum þess.

Viðmælendur í röðum sveitarstjórnarmanna hafa nefnt að í svæðis-skipulagsvinnu þeirri sem nýlega er lokið við í Eyjafirði hafi reynst erfitt að móta stefnu um ýmsa þætti, í raun svo erfitt að því var hreinlega sleppt. Dæmi um þetta munu vera sorpurðun og línulagnir. Þetta voru þættir þar sem mörgum sveitarstjórnarmönnum fannst mikilvægast að slíka vinnu ætti að leiða til lykta. Reynslan af svæðisskipulagsgerðinni bendir því til þess að það form dugi ekki til að leiða til lykta sameiginlega stefnu í ýmsum mikilvægum málum sem sameinað sveitarfélag er betur í stakk búið til að gera.

Uppbygging íbúðarhúsnæðis utan skilgreinds þéttbýlis í nágrenni Akureyrar hefur verið mörgum þyrnir í augum, t.d. á Akureyri og ákveðnar áhyggjur eru meðal íbúa á Svalbarðseyri með þessa þróun. Ástæður sem nefndar hafa verið eru hár kostnaður við að veita þessum íbúum þjónustu, skert umferðaröryggi þar sem margar húsagötur eða lóðir tengjast inn á þjóðveg 1 og að þetta ógni tilveru þjónustu í minna þéttbýli, s.s. skólanum á Svalbarðseyri. Þetta hefur verið búsetuvalkostur sem einkum Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhreppur hafa verið að bjóða upp á og greinilega er talsverð eftirspurn eftir þessu. Erfitt er að spá fyrir

¹³ Sjá rit Skipulagsstofnunar, 2003: Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags – ferli og aðgerðir.

¹⁴ Ánægja með skipulagsmál virðist tengjast stærð sveitarfélaganna. Aðrar rannsóknir sýna svipaðar niðurstöður. Í könnun Gunnars Helga Kristinssonar kemur fram að ánægja með skipulagsmál í Reykjavík er t.d. verulega mikið minni en í öðrum sveitarfélögum (Gunnar Helgi Kristinsson 2001:81).

um það hvort sameining sveitarfélaganna breyti miklu hvað þessa þróun varðar. Þar sem eftirspurnin er jafn mikil og raun ber vitni, er ekki ósennilegt að þrýstingur verði áfram á að þessi valkostur sé í boði og ef það ein af forsendunum fyrir því að íbúafjöldi svæðisins haldi áfram að aukast þá muni þurfa að svara þessari eftirspurn. Hér er fyrst og fremst spurning um hvaða stefnu komandi sveitarstjórnir myndu móta í þessum efnunum.

Sameining Akureyrar við nágrannasveitarfélög eykur landfræðilegt svigrúm langstærsta þéttbýlisins á svæðinu, en Akureyri er ekki landmikið sveitarfélag. Aðeins 19 km² lands eru undir 100 m hæð yfir sjó á ræmu frá Kjarnaskógi í suðri að Lónsá í norðri. Eiginlegt byggingarland er mun minna.

Ætla má að skipulagsmál verði fyrirferðarmeiri í sameinuðu sveitarfélagi, a.m.k. miðað við umfang þessara mála fram að þessu.

Samkvæmt *frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum* er gert ráð fyrir að sveitarfélög hafi stærra hlutverki að gegna í þessum málum. Sveitarfélög eru alla jafna leyfisveitendur vegna framkvæmda. Í frumvarpinu er við það miðað að enginn vafi leiki á um að „leyfisveitandi taki í samræmi við viðeigandi lög ákvörðun um hvort leyfa skuli viðkomandi framkvæmd, þegar fyrir liggur matskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar, og að leyfisveitanda beri að kynna sér matskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar.“ Hér getur augljóslega verið um viðamikil verkefni að ræða.

Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins þurfa íslensk stjórnvöld jafnframt að taka upp svokallað umhverfismat áætlana. Samkvæmt því þarf m.a. að meta áhrif aðalskipulags á umhverfið. Þetta er einnig viðamikið verkefni.

Af ofansögðu má ráða að enn bíða sveitarfélaganna flóknari viðfangsefni á sviði skipulags- og byggingarmála og í reynd er vandséð hvernig lítil og fámenn sveitarfélög sem ekki hafa sérhæft starfsfólk á sínum snærum muni ráða við að leysa þau verkefni sem þeim eru falin á þessu sviði.

Byggingarmál. Það er einkum í landbúnaðarhreppunum þar sem vænta má breytinga á þessu sviði. Þar hefur verið starfandi sameiginlegur

byggingafulltrúi, en með sameiningu sveitarfélaganna myndi hans embætti væntanlega bætast við stærri stofnun á vegum sveitarfélaganna sem annast þessi mál. Gera má ráð fyrir að auðveldara verði að annast þessi mál í stærri stofnun þar sem návígi eftirlitsmannsins og viðskiptavina minnkar, svo og fagleg einangrun.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn á Akureyri, sem jafnframt er deildarstjóri umhverfiseildar, afgreiðir án staðfestingar umhverfisráðs og bæjarstjórnar mál er falla undir IV-kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum og skv. 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003. Jafnframt afgreiðir hann mál sem talin eru upp í 2. gr. með þeim takmörkunum sem fram koma í 3. gr. Þetta felst stuttu máli í því að byggingafulltrúaembættið getur afgreitt endanlega tiltekin erindi sem falla að ákvæðum laga og reglugerða án þess að fyrst þurfi að leggja þau fyrir bygginganefnd. Þessi erindi eru aðeins lögð fram til kynningar hjá bygginganefnd eftirá.

Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir m.a. vegna þess að það flýttir afgreiðslu mála og einfaldar ferlið. Við sameiningu sveitarfélaganna má gera ráð fyrir að sama verklag muni gilda allsstaðar á svæðinu og jafnframt einfaldari afgreiðslu mála til jafns við það sem nú gerist á Akureyri.

4.2.8 *Umferðar- og samgöngumál*

Það er einkum í almenningssamgöngum sem sjá má fram á að forsendur til breytinga geti skapast vegna sameiningarinnar. Möguleikar skapast á að útvíkka strætisvagna Akureyrar þannig að þeir nái til alls Eyjafjarðarsvæðisins. Með þessu móti má auka aðgengi að m.a. áætlunarflugi, framhalds- og háskólamenntun og ýmissi þjónustu og verslun. Einka-bíllinn er allsráðandi í ferðum innan fjarðarins og í raun hafa almenningssamgöngur versnað á undanförunum árum.

Á undanförunum árum hefur á hverju ári verið lögð fram á Alþingi þingsályktunartillaga þess efnis að gera tilraun um almenningssamgöngur innan Eyjafjarðarsvæðisins með tilstyrk ríkisins. Þessi tillaga hefur ekki náð fram að ganga en líkur á því gætu aukist verði sveitarfélögin sameinuð. Ekki er þó hér tekin afstaða til útfærslu hugmyndarinnar, s.s. um aðkomu Byggdastofnunar að þessu máli. Tillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta Byggðastofnun gera tilraun um rekstur almenningsamgöngukerfis í Eyjafirði í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu.

Verkefnið verði tilraunaverkefni til fimm ára og stutt með framlögum úr ríkissjóði.

Helstu röksemdir sem nefndar eru tillögunni til stuðnings eru þessar:

- Byggð á svæðinu styrkist með greiðari samgöngum fyrir alla íbúa.
- Ungmenni sem sækja framhaldsskóla á Akureyri geta fremur búið heima.
- Hagræðing verður í skólaakstri og þjónustu við stofnanir, svo sem Kristnesspítala.
- Ferðamenn eiga auðveldara með að ferðast um svæðið á eigin vegum.
- Aðgerðin er orkusparandi.

Allt bendir til þess að aðgerðin verði kostnaðarlega íþyngjandi fyrir sameinað sveitarfélag en á móti kemur að ýmislegt vinnst í því að auka hreyfanleika íbúanna og aðgengi þeirra að þjónustu. Þá er aðgerðin í anda Staðardagskrár 21 sem sveitarfélögin vinna að og eykur jafnræði íbúanna til að nýta sér sameiginlega þjónustu án tillits til búsetu innan svæðisins.

Að ofansögðu er ætti sameinað sveitarfélag að vera betur í stakk búið til þess að gera alvöru úr því að koma á þessari þjónustu. Þetta getur sjálfsagt aldrei talist arðbært fremur en almenningsamgöngur í þéttbýli, en umhverfislega og þjónustulega¹⁵ er þetta líklega vænleg framkvæmd. Hér þarf að koma til pólitísk ákvörðun sem mun endurspeglar gildismat þeirra sem koma til með að veita sveitarfélaginu forystu. Má hér varpa fram þeirri hugmynd hvort hugmyndir og vinna um eflingu Eyjafjarðar-svæðisins í svokölluðum Vaxtarsamningi gæti beint augum sínum að eflingu þessa í auknum mæli.

Það er enn fremur rétt að það komi fram að bifreiðatryggingar hækka ekki vegna sameiningar. Samkvæmt upplýsingum frá VÍS er skipt upp í áhættuflokka með póstnúmerum.

4.2.9 Umhverfismál

Nú þegar er þjónusta í þessum málaflokki að verulegu leyti boðin út og sinnt af verktökum, s.s. umhirða opinna svæða. Þetta veldur því að breytinga verður minna vart en ef sveitarfélögin eru hvert um sig að sinna þessari þjónustu. Í heildina tekið verður ekki séð að umtalsverðar

¹⁵ Aðgengi að þjónustu sveitarfélagsins sem ekki er veitt á viðkomandi stað, atvinnusókn, sókn í verslun og aðra þjónustu, ferðir í tengslum við áætlunarflug o.s.frv.

breytingar muni eiga sér stað í þessum málaflokki vegna sameiningarinnar einnar og sér.

Ákveðinn snertiflötur er milli Eyjafjarðarsveitar og Akureyrarbæjar sem er umsjón og skipulagsmál á óshólmum Eyjafjarðarar. Með sameiningu má gera ráð fyrir að einfaldara verði að annast þau mál í heild sinni.

4.2.10 *Atvinnumál*

Atvinnumál eru málaflokkur þar sem vænta má aukinnar samhæfingar ef sveitarfélögin sameinast. Einsýnt ætti að vera að Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar breytist í stofnun sveitarfélagsins og eflist jafnframt.

Búast má við að rödd svæðisins út á við verði sterkari. Hér getur verið um að ræða kynningu svæðisins í markaðslegum tilgangi, samninga við fjárfesta, nágrennasveitarfélög eða -svæði eða samninga við ríkisvaldið. Við þessa breytingu má gera ráð fyrir að vinnubrögð breytist á þann hátt að búið verði að jafna skoðanamismun innan svæðisins áður en t.d. er birt út á við stefna svæðisins á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Nærtækt er hér að nefna stóriðju en dæmi eru að það hafi verið notað gegn Eyfirðingum í þeim slag sem staðið hefur um slíka uppbyggingu að þeir hafi ekki getað talað einum rómi og staðið saman um málið.

4.2.11 *Hafnir og veitur (B-hluta fyrirtæki)*

Hafnir. Með sameiningu sveitarfélaganna er ljóst að allar hafnir í eigu þeirra færu undir einn hafnarsjóð. Það eru hafnir sem nú eru innan Hafnarsamlags Eyjafjarðar, Hafnarsamlags Norðurlands og Hafnarsjóðs Siglufjarðarkaupstaðar. Gjaldskrá hafna hefur verið ákveðin af ríkinu en nú stendur fyrir dyrum að þessi gjaldskrá verði gefin frjáls. Líklegt er að einn hafnarsjóður standi sterkar að vígi í samkeppni við aðrar hafnir í landinu heldur en þrír. Þróun siglinga og útgerðar mun líklega hafa meira að segja um þróun hafnamála en stefnumótun sveitarfélaganna. Þessi þróun hefur verið hröð og á vissan hátt óvænt. Eins og í öðrum málaflokkum má þó ganga út frá því að þjónustan verði allsstaðar sambærileg innan svæðisins innan þeirra marka sem aðstæður á hverjum stað leyfa. Gjaldtaka fyrir sambærilega þjónustu ætti allsstaðar að verða sú sama. Með Héðinsfjarðargöngum opnast aðgengi Eyjafjarðar að höfninni á Siglufirði en hún er mun betri en á Ólafsfirði og Dalvík. Í raun er erfitt að sjá einhverja ástæðu til að halda úti höfn á Ólafsfirði ef til sameiningar

kæmi og Héðinsfjarðargöng verða komin í gagnið. Það yrðu einungis 15 km frá Ólafsfirði til hafnarinnar á Siglufirði.

Hitaveitur. Í sameinuðu sveitarfélagi yrðu allar hitaveitur sameinaðar sem nú eru í eigu sveitarfélaganna á svæðinu. Líklega yrði það undir merkjum Norðurorku sem yrði orkufyrirtæki alfarið í eigu nýja sveitarfélagsins. Stærstu hitaveiturnar á svæðinu eru á Akureyri og nágrenni, Ólafsfirði og í Dalvíkurbyggð. Sífellt er í umræðunni að hitaveitan á Ólafsfirði verði seld þannig að ekki er víst að hún verði í eigu Ólafsfirðinga ef til sameiningar kæmi. Hitaveitan á Siglufirði er í eigu RARIK. Hugsanlega væri hægt að kaupa hana af RARIK ef pólitískur vilji væri til þess. Í sameinuðu sveitarfélagi er líklegt að aukinn þungi yrði lagður í hitaveituvæðingu Grenivíkur. Grenivík er nú ásamt Grímsey eina þéttbýlið í firðinum sem ekki er með hitaveitu. Samhliða aðild að Norðurorku batnar aðgengi að þeirri sérfræðilekkingu sem er í fyrirtækinu og allri ákvarðanatöku um framtíðarþróun fyrirtækisins og orkuöflun og –miðlun.

Gjaldtaka mun væntanlega verða með svipuðu sniði allsstaðar í sveitarfélaginu þegar fram líða stundir. Hægt er að hugsa sér að gefa talsverðan aðlögunartíma í þessum efnum en hækkunar gjaldskrár frá því sem nú er myndi einkum gæta á Ólafsfirði og í Dalvíkurbyggð.

Rafveitur. Engar rafveitur eru í eigu sveitarfélaganna nema rafveitan á Akureyri. Allar aðrar rafveitur á svæðinu eru í eigu RARIK. Sama gildir hér og um hitaveitur, hugsanlega yrði hægt að kaupa rafveitur á svæðinu af RARIK ef pólitískur vilji yrði til þess.

Ef sama rafveita mun þjónusta allt sveitarfélagið mun gjaldtaka væntanlega verða með svipuðu sniði allsstaðar í sveitarfélaginu þegar fram líða stundir. Hægt er að hugsa sér að gefa aðlögunartíma í þessum efnum en væntanlega myndi verða lækkun hjá öllum nema Akureyringum.

Vatnsveitur. Í sameinuðu sveitarfélagi tæki Norðurorka væntanlega yfir allar vatnsveitur á svæðinu sem eru í eigu sveitarfélaganna. Nokkrar hræringar hafa verið í vatnsveitumálum í firðinum enda allar gerðir af veitum í rekstri. Allt frá einkaveitum fyrir einstaka bæi upp í vatnsveituna á Akureyri. Líklegt er að meiri festa kæmist á vatnsveitumál í litlum þéttbýlisklössum á svæðinu með sameiningu. Í sameinuðu sveitarfélagi er ekki ólíklegt að vatnsveitur yrðu tengdar meira saman og yki það væntanlega rekstraröryggi ef einstaka vatnsból spilltust. Auðveldara yrði einnig að taka ný vatnsból í rekstur ef á svæðinu er aðeins eitt sveitarfélag.

Hér er því spáð að auknar kröfur muni verða um að sameinað sveitarfélag annist vatnsveitur almennt og að þar verði kallað á aukna þjónustu sem stærri einingar geta best veitt. Nefna má því til stuðnings að þar sem stórar sameiningar hafa orðið hafa kröfur íbúanna um þjónustu oft miðast við það sem best gerðist í sveitarfélaginu fyrir sameiningu (Grétar Þ. Eyþórsson og Hjalti Jóhannesson, 2002). Í öðru lagi eru komnar til strangari kröfur ESB um gæði vatns fyrir búpening, sem margar einkaveitur eiga erfitt með að uppfylla. Í þriðja lagi má ætla að búsetuþróun, t.d. í landbúnaðarhreppunum í nágrenni Akureyrar, hafi þarna áhrif. Líklegt er að fyrrum þéttbýlisbúar sem þar setja sig niður sætti sig ekki við að þurfa að afla sér vatns sjálfir eða stofna til sérstaks félags-skapar um slíkt með nágrönnum til hliðar við sveitarfélagið sjálft.

Með sameiningu myndi Norðurorka verða öflugra fyrirtæki. Það gæti frekar veitt Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja samkeppni á svæðinu en með óbreyttu ástandi. Ekki veitir af, því t.d. OR virðist nú hafa allt landið undir í sínum framtíðaráformum í orkumálum. Miklar hræringar eru í þessum málum nú, aðallega vegna nýrra raforkulaga sem taka gildi um áramótin.

Fráveitur. Fráveitumál og gjaldtaka fyrir þessa þjónustu yrðu samræmd í nýju sveitarfélagi. Íbúar dreifbýlisins myndu eiga kost á rotþróartæmingu fyrir visst árlegt gjald. Hugsanlega einnig að fá aðstoð við uppsetningu rotþróa fyrir annað árlegt gjald. Sveitarfélögin eru misjafnlega stödd hvað það varðar að uppfylla kröfur reglugerðar um skólp og fráveitur. Ætla má að í stóru sveitarfélagi náist t.d. aukið hagræði í þjónustu tengdri uppsetningu og rekstri rotþróa. Hægt verði að ná hagstæðari útboðum um tæmingu og þjónustu við rotþrær. Sérhæfing eyst hjá þeim sem sjá um rekstur þessara mála hjá sveitarfélaginu. Almennt séð er kostnaðarsamt að koma fráveitumálum í gott horf og ef fjárhagsleg hagræðing næst á öðrum sviðum þá aukist líkur á að hægt verði að uppfylla kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaga á þessu sviði.

4.2.12 *Stjórnsýsla sveitarfélaganna og sameiginlegir rekstrarþættir*

Í sameinuðu sveitarfélagi yrði gífurleg breyting í þessum málaflokki. Í stað þess að hafa 10 toppa, ef svo má segja, yrði aðeins einn. Hvað útfærslu stjórnsýslunnar varðar og þann þátt þjónustunnar sem hér fellur undir er vísað til umfjöllunar í 5. kafla hér á eftir.

Sá þáttur í þjónustu sveitarfélaganna sem er mest áberandi, sérstaklega í minni sveitarfélögum og kemur til með að breytast er sjálf sveitarstjórnarskrifstofan. Sú breyting verður án efa mjög erfið í huga margra íbúa þrátt fyrir að hægt sé að binda þannig um hnútana að raunveruleg þjónusta sem þessar skrifstofur eru að veita skerðist ekki.

Meðferð sveitarstjórnarmála (21-0). Í stað þess að á svæðinu séu starfandi 68 sveitarstjórnarmenn í 10 sveitarstjórnum yrði aðeins ein sveitarstjórn (sjá kafla 5.1.1). Hluti þessara sveitarstjórnarmanna mynduðu síðan byggðaráð (sambærilegt við bæjarráð).

Kosningar. Ekki er talið líklegt að kostnaður vegna kosninga breyttist mikið við sameiningu. Einhverjar kjördeildir væri hugsanlegt að sameina.

Skrifstofur sveitarfélagsins. Í sameinuðu sveitarfélagi yrði ein aðal-skrifstofa þar sem sveitarstjóri hefði jafnframt sína aðstöðu. Hugsanlega yrði einhver hluti starfseminnar sem fellur undir skrifstofuna á öðrum stöðum eða þessari starfsemi yrði úthýst. Jafnframt yrðu líklega þjónustufulltrúar á 2-4 stöðum. Skrifstofan yrði eitthvað stærri en núverandi skrifstofa Akureyrarbæjar.

Risna, móttökur og kynningarmál. Ekki er líklegt að kostnaður vegna risnu og móttaka yrði minni í nýju sveitarfélagi. Jafnvel er möguleiki að kostnaðurinn yrði meiri en nú því þessi kostnaður er hlutfallslega meiri í stóru sveitarfélögunum. Ef til sameiningar kæmi þyrfti einungis að halda úti einni heimasíðu í stað þeirra 7 sem nú er haldið úti. Þar myndu sparast fjármunir.

Starfsmannakostnaður yrði líklega í svipað hlutfall af launakostnaði og nú er.

Samstarf sveitarfélaga. Héraðsnefnd yrði lögð niður í sameinuðu sveitafélagi. Allur kostnaður við hana myndi sparast. Hins vegar er ekki eins ljóst hvað yrði um Eyþing. Svo gæti farið að sveitarfélög í Þingeyjarsýslum yrðu sameinuð í stórum stíl þannig að þau verði t.d. ekki fleiri en þrjú. Þessi þrjú sveitarfélög auk nýs sameinaðs sveitarfélags í Eyjafirði þyrftu kannski ekki sérstakan samstarfsvettvang. Það er ekki víst að neinn tilgangur yrði með Eyþingi í núverandi mynd. Þar sem jöfnunarsjóðurinn kostar starfsemi landshlutasamtaka að stærstum hluta er þó líklegt að Eyþing yrði áfram starfandi en í mikið breyttri mynd.

4.3. Áhrif í einstökum sveitarfélögum

Hér er fjallað um helstu breytingar sem sjá má fyrir sér við sameiningu eins og það gæti snúið að einstökum sveitarfélögum og íbúum þar. Reynt er að horfa á þessa þætti út frá hagsmunum íbúa viðkomandi svæðis og út frá hagsmunum heildarinnar eftir því sem við á. Þessi atriði sem koma fram eru ekki endilega í mikilvægisröð. Vera kann að einhver skörun sé á milli umfjöllunar um áhrif á einstaka málaflökka hér að framan. Þannig er bent á að hafa hvort tveggja til hliðsjónar.

4.3.1 Akureyri

Á Akureyri búa rúmlega 16 þúsund manns og því um 70% íbúa alls svæðisins. Sveitarfélagið hefur upp á flesta þá þjónustu að bjóða sem á annað borð er í boði á svæðinu og almennt séð verða minnstar breytingar á högum Akureyringa við það að sameinast öðrum sveitarfélögum í firðinum. Frá sjónarhóli Akureyringa eru kostir við að sameina bæinn öðrum sveitarfélögum í firðinum þó nokkrir.

Ákvarðanataka um málefni sem varða allt Eyjafjarðarsvæðið eða stóra hluta þess verður fljótlegri og markvissari.

Fjármunir og tími sem fer í samstarf og þjónustusamninga við nágranna-sveitarfélög um rekstur þjónustu sparast.

Landrými bæjarins eykst og sá þröngi stakkur sem sveitarfélagamörk sníða honum nú verða ekki hindrandi á þróun þéttbýlisins til framtíðar.

Frá sjónarhóli þeirra sem í bænum búa gæti sameining leitt til betra lausna um staðsetningu sorpurðunar sem nú er á Glerárdal.

Norðurorka verður sterkari í samkeppni við Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja.

Þar sem gjaldskrár kunna að breytast finna Akureyringar væntanlega fyrir minnstum breytingum til eða frá þar sem vægi þeirra í höfðatölu er langmest í nýja sveitarfélaginu.

Fáir annmarkar verða séðir á sameiningu Akureyrar við nágranna-sveitarfélögin, en þó má nefna að fjárhagsstaða Akureyrar er tiltölulega góð. Þá er grunngerð Akureyrar mjög góð í ýmsu tilliti s.s. hvað varðar gatnagerð og veitukerfi og fyrirsjáanlegur kostnaður er við að koma á sambærilegri grunngerð víða annarsstaðar. Þannig kynni jafnvel eitthvað að draga úr framkvæmdum í bænum vegna sameiningar.

Sameining gæti, rétt eins og hjá öðrum leitt til breytinga og tilflutnings á störfum sem nú tilheyra Akureyrarbæ.

4.3.2 *Arnarneshreppur*

Arnarneshreppur liggur skammt norðan Akureyrar og gætir þeirrar nálægðar t.d. í því að margir íbúar svæðisins starfa á Akureyri og eru nán tengsl milli þessara sveitarfélaga. Arnarneshreppur var eitt þeirra sveitarfélaga sem samþykkti sameiningu alls Eyjafjarðar árið 1993.

Sem kosti þess fyrir íbúana að sameina sveitarfélagið öðrum sveitarfélögum svæðisins má nefna eftirfarandi:

Tími og fjármunir sparast, en nú fer tími og fé í samninga um rekstur þjónustu sem tekur til fleiri en eins sveitarfélags.

Íbúar munu eiga beinni aðgang að öflugri og sérhæfðri þjónustu í flestum málaflokkum.

Sameinað sveitarfélag hefur meiri hlutfallslegan slagkraft til að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir í grunngerð s.s. gatnagerð, fráveitu og mannvirkjagerð þar sem þess kann að vera þörf.

Ein mikilvæg áhrif fyrir íbúa Arnarneshrepps eru að valkostum í leikskólamálum fjölgar.

Sum áhrif sameiningar eru bæði jákvæð og neikvæð eftir því hvaða lífs-gildi fólk hefur og má nefna að ef stóriðja rís í Eyjafirði er í mörgum tilvikum gert ráð fyrir að hún verði staðsett í Arnarneshreppi, á Dysnesi sunnan Hjalteyrar. Að sjálfsögðu má þá búast við mikilli uppbyggingu á svæði Arnarneshrepps. Rödd Eyjafjarðar út á við verður sterkari og samstilltari ef sameining nær fram að ganga og þannig aukast líkur á að stóriðja rísi. Í atvinnulegu tilliti er þetta kostur fyrir þá sem næst búa og eru hlynntir stóriðju, en fyrir þá sem eru á móti stóriðju verður þetta að teljast ókostur.

Almennt má segja að ákvarðanataka um viðkvæm mál s.s. skólamál sé viðráðanlegri þegar stjórnsýslueiningin er stærri. Draga má þá ályktun að líkur aukist á endurskipulagningu skólamála við stækkun sveitarfélaga. Þannig eru ákveðnar líkur á að staða þelamerkurskóla gæti komið til endurskoðunar eins og nánar er rakið í umfjöllun um Hörgárbyggð. Slíkt er þó ekki hægt að fullyrða, en bent skal á að ýmsar ástæður geta verið að baki slíkri endurskipulagningu aðrar en sameining sveitarfélaga ein og sér.

Líklegt er að sameining sveitarfélaganna verði, eins og að ofan er rakið, til þess að einfalda ákvarðanatöku um ýmsa þætti. Hér er því einnig um að ræða sorpförgun og í raun alla skipulagsvinnu í þeim málaflokki. Þar sem svæðið sunnan Hjalteyrar hefur oft verið í umræðunni sem mögulegur staður fyrir sorpurðun vegna landfræðilegrar staðsetningar og jarðfræðilegra aðstæðna eru auknar líkur á að þetta staðarval yrði ofan á. Þetta getur bæði talist kostur og galli eftir því hvaða viðhorf menn hafa.

4.3.3 *Dalvíkurbyggð*

Dalvíkurbyggð er stærsta sveitarfélagið utan Akureyrar. Þar er, líkt og á Siglufirði og Ólafsfirði, rekin umtalsverð þjónusta – enda um kaupstaði að ræða. Breytingar á stöðu sveitarfélagsins við að sameinast verður því afar mikil í sumu tilliti. Stjórnsýslan í núverandi mynd verður t.d. alveg skorin af. Hvað þjónustu við hinn almenna borgara varðar er þó líklegt að lítið breytist. Telja má víst að sveitarfélagið muni hafa þjónustu á ýmsum sviðum staðsetta á Dalvík og/eða í nágrennbæjunum sem muni sinna íbúum þar. Breytingin mun helst verða sú að þessi þjónusta verður hluti af stærri heild og starfsmenn hluti af stærra teymi en nú er. Störfum fækkar á Dalvík þegar núverandi yfirstjórn er skorin burtu.

Eins og í öðrum sveitarfélögum sparast sá tími og fjármunir sem fara nú í samninga um rekstur þjónustu sem tekur til fleiri en eins sveitarfélags.

Í atvinnulegu tilliti má gera ráð fyrir að sameining sveitarfélaganna hafi einhver jákvæð áhrif. Þetta má rökstyðja m.a. með því að út á við verður rödd Eyjafjarðar sterkari og stefnumótun samstilltari ef sameining nær fram að ganga og þannig aukast líkur á að atvinnufyrirtæki setji sig þar niður. Dalvíkurbyggð hefur hagstæða legu hvað varðar atvinnusókn á allri vesturströnd Eyjafjarðar.

Þróun hafnamála ræðst líklega mest af viðskiptalegum ákvörðunum flutningaaðila. Í sameinuðu sveitarfélagi, þar sem allar hafnir verða reknar undir sama hatti, er líklegt að vægi Dalvíkurhafnar muni aukast. Tilkoma stóriðju og hafnar í tengslum við hana mun þó líklega breyta meiru í þessu tilliti.

Ef veitur verða sameinaðar og tekin ákvörðun um að samræma gjaldskrár má gera ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitu muni hækka talsvert fyrir þá sem búa nú í Dalvíkurbyggð. Ákveðna fyrirvara má þó setja um hver heildaráhrifin verða þegar tekið er tillit til hitastigs vatns og breytinga á gjaldtöku af húsnæði s.s. fasteignaskatti sem er í hærri kantinum í

Dalvíkurbyggð. Ekki er óeðlilegt að gjaldskrárbreyting sem þessi gangi yfir á lengri tíma.

Sameinað sveitarfélag hefur meiri hlutfallslegan slagkraft til að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir í grunngerð s.s. gatnagerð, fráveitu og mannvirkjagerð þar sem þess kann að vera þörf.

Þær breytingar sem verða á sveitarfélagamörkum umfram þær sem urðu við sameininguna árið 1998 breyta ekki mikið forsendum í skipulagi skólamála. Þar sem Hrísey og Árskógsströnd yrðu í sama sveitarfélaginu yrði samvinna um skólamál þó líklega frekar til umræðu en nú. Þó er vert að velta fyrir sér hvort rétt sé að sigla með yngstu nemendurna frá Hrísey til lands í skóla. Almennt má segja að ákvarðanatöku um viðkvæm mál s.s. skólamál sé viðráðanlegri þegar stjórnsýslueiningin er stærri. Sameining í eitt sveitarfélag gæti því haft áhrif á ákvarðanatöku um framtíð Húsabakkaskóla. Að vera ekki lengur sjálfstæð stjórnsýslueining er örugglega ókostur í huga margra íbúa. Þetta hefur komið fram í rannsóknum þegar hlutfallslega stór sveitarfélög hafa ekki orðið í kjarnahlutverki í sameinuðu sveitarfélagi.

4.3.4 *Eyjafjarðarsveit*

Eyjafjarðarsveit er víðfeðmasta sveitarfélagið í Eyjafirði. Nyrst í sveitarfélaginu liggur það þétt upp að Akureyri en innsti bærinn (Hólsgerði) er í 45 km fjarlægð frá Akureyri. Það er lengri vegalengd en frá Akureyri til Grenivíkur. Nyrsti hluti sveitarfélagsins er í svipaðri stöðu og Svalbarðsstrandarhreppur. Helstu kostir þess fyrir íbúa Eyjafjarðarsveitar að sameinast öðrum íbúum Eyjafjarðar eru eftirfarandi:

Einhver tími og peningar sem nú fara í samningagerð við Akureyri og önnur sveitarfélög sparast og því getur það fé nýst í annað.

Íbúarnir munu hafa beinni aðgang að öflugri og sérhæfðari þjónustu í flestum málaflokkum.

Íbúarnir sækja núna nánast alla sína almennu þjónustu, verslun og þjónustu ríkisvaldsins í annað sveitarfélag, til Akureyrar, auk þess sem margir íbúarnir sækja vinnu þangað. Á vissan hátt er nyrsti hluti sveitarinnar eins og úthverfi frá Akureyri. Í könnun RHA kom fram að íbúar Eyjafjarðarsveitar telja sig eiga mesta samleið með Akureyringum.¹⁶ Það

¹⁶ Þær niðurstöður eru kynntar frekar í 7. kafla.

er viss kostur fyrir þessa íbúa að vera fullgildir meðlimir í sama sveitarfélagi og Akureyringar. Þannig munu þeir eiga sama aðgang að allri þjónustu þar til jafns við þá sem inni í þéttbýlinu búa.

Engar líkur eru á öðru en Hrafnagilsskóli verið rekinn áfram í sömu mynd og nú er. Ef íbúum Eyjafjarðarsveitar fjölgar, sem er líklegt ef Akureyri heldur áfram að vaxa, kann Hrafnagilsskóli að verða of lítill. Að óbreyttum sveitarfélagamörkum þyrfti Eyjafjarðarsveit að fara út í miklar fjárfestingar vegna viðbyggingar við Hrafnagilsskóla. Í sameinuðu sveitarfélagi er ekki víst að nauðsynlegt yrði að byggja við skólann því auðvelt kynni að vera að láta umframnemendur í aðra skóla sem hugsanlega væru vannýttir.

Meiri festa og fagmennska yrði í skipulagsmálum. Sérstaklega á það við um byggðina nálægt Akureyri. Skipulag vegna flugvallarins og væntanlegrar lengingar hans yrði auðveldara.

Sameinað sveitarfélag hefur meiri hlutfallslegan slagkraft til að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir í grunngerð s.s. gatnagerð, fráveitu og mannvirkjagerð þar sem þess kann að vera þörf.

Helstu annmarkar fyrir íbúa Eyjafjarðarsveitar við að sameinast gætu verið eftirfarandi:

Störfum fækkar í Eyjafjarðarsveit þegar yfirstjórnin á núverandi sveitarfélagi er skorin burtu.

Fasteignagjöld myndu líklega hækka eitthvað.

Höfundum þykir líklegt að sameinað sveitarfélag myndi halda áfram á sömu braut varðandi ýmsa menningarstarfsemi svo sem rekstur tónlistarhússins Laugaborgar, handverkshátíð og smámunasafn.

4.3.5 *Grímseyjarhreppur*

Grímsey hefur algera sérstöðu vegna landfræðilegrar stöðu sinnar og einkenna byggðarinnar. Beinustu tengsl íbúanna eru annars vegar við Akureyri og hins vegar við Dalvík. Mælt í ferðatíma með flugi er Grímsey ekki lengra frá Akureyri en t.d. akstur frá Dalvík eða Grenivík. Þetta kemur m.a. fram í því að Grímseyingar telja sig eiga langmesta samleið með íbúum Akureyrar og Dalvíkurbyggðar samkvæmt könnun RHA (sjá umfjöllum í 7. kafla).

Gera verður ráð fyrir að sinna verði þjónustu við íbúa Grímseyjar á svipaðan hátt og nú er gert. Íbúarnir ættu því ekki að finna fyrir neinni skerðingu þar. Hins vegar munu íbúar hafa beinan aðgang að öflugri og sérhæfðri þjónustu í flestum málaflokkum.

Stjórnsýsla er sífellt að verða flóknari og tímafrekari, en hreppurinn er ekki með starfsmann til að sinna henni nema oddvita í litlu hlutastarfi. Það er stór spurning hvort stjórnsýslueining af þeirri stærð sem Grímseyjarhreppur er, geti nú þegar ráðið við allar þær kröfur sem settar eru á herðar sveitarfélaga. Við sameiningu flyst þessi umsýsla til sameinaða sveitarfélagsins. Það er þó einboðið, vegna fjarlægðar byggðarinnar og sérstöðu, að í Grímsey verði til staðar þjónustufulltrúi frá sveitarfélaginu, einskonar milliliður milli þess og íbúanna. Reynslan yrði síðan að skera úr um hvort þetta yrði mikið notað. Í 5. kafla þessarar skýrslu er fjallað nánar um mögulega útfærslu stjórnkerfisins. Samkvæmt könnun RHA á ánægju með þjónustu eru Grímseyingar alls ekki ánægðir með stöðu allra málaflokka eins og hún er.

Eins og í öðrum sveitarfélögum við fjörðinn mun sparast sá tími og fjármunir sem nú fer í samninga um rekstur þjónustu sem tekur til fleiri en eins sveitarfélags.

Sameinað sveitarfélag hefur meiri hlutfallslegan slagkraft til að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir í grunngerð s.s. gatnagerð, fráveitu og mannvirkjagerð þar sem þess kann að vera þörf.

Í málefnum sem varða hagsmuni byggðarinnar mun sameinað sveitarfélag verða sterkur málsvari en í þessu sambandi má minna á að hreppurinn á nú ekki aðild að Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar.

Vegna sérstöðunnar er líklegt að ferðaþjónusta með áherslu á Grímsey muni eflast. Sameinað sveitarfélag mun örugglega nýta sér þetta. Það má t.d. hugsa sér að í tengslum við opinberar heimsóknir, vinabæjatengsl o.þ.h. verði Grímseyjarferðir ofarlega á vinsældalistanum.

Sorpmál Grímseyinga gætu batnað verulega við sameiningu ef hún yrði t.d. til þess að sorp þeirra yrði flutt í land og urðað.

Án þess að afstaða sé tekin til mikilvægis þess, verður örugglega tilfinningalega mikil breyting fyrir Grímseyinga að verða ekki lengur sjálfstæð stjórnsýslueining. Hvað sem stjórnsýslueiningunni Grímseyjarhreppur líður verður á Grímsey áfram til sérstakt samfélag, skýrt afmarkað landfræðilega.

4.3.6 Grýtubakkahreppur

Í Grýtubakkahreppi eru um 400 íbúar og um 300 þeirra búa á Grenivík sem er samgönguleg endastöð, 41 km frá Akureyri. Helstu kostir þess fyrir íbúa Grýtubakkahrepps að sameinast öðrum íbúum Eyjafjarðar eru eftirfarandi:

Kostnaður við yfirstjórn sem íbúarnir þurfa nú að standa undir einir mun verða lægri í stóru sveitarfélagi. Tími og peningar sem nú fara í samningagerð við Akureyri og önnur sveitarfélög sparast.

Íbúarnir munu hafa beinni aðgang að öflugri og sérhæfðari þjónustu í flestum málaflokkum.

Líklegt er að sameinað sveitarfélag vilji hlúa að og efla sínar helstu perlur sem dregið geta að ferðamenn. Af þeim eru nokkrar í Grýtubakkahreppi svo sem eyðibýggðin í Fjörðum og Laufás. Með hlýnandi veðurfari er heldur ekki óhugsandi að hið sameinaða sveitarfélag skoði alvarlega hvort koma eigi upp skíðaaðstöðu í Kaldbaki. Það ætti að efla þjónustu næst fjallinu.

Líklegt er að íbúar hreppsins geti sótt það fastar að fá hitaveitu. Grenivík verður að óbreyttu eina þéttbýlið (fyrir utan Grímsey) sem ekki verður með hitaveitu í hinu sameinaða sveitarfélagi.

Sameinað sveitarfélag hefur meiri hlutfallslegan slagkraft til að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir í grunngerð s.s. gatnagerð, fráveitu og mannvirkjagerð þar sem þess kann að vera þörf.

Helstu annmarkar þess að sameinast fyrir íbúa Grýtubakkahrepps eru líklega eftirfarandi:

Sveitarfélagið á nú mikla eign sem er bundin í kvóta. Hún er því bæði framseljanleg og leigjanleg. Þessari eign geta íbúarnir núna ráðstafað til uppbyggingar algerlega í eigin þágu. Eftir sameiningu yrði þessi eign eins og aðrar sameign allra íbúa sameinaðs sveitarfélags og því á forræði sameiginlegrar sveitarstjórnar.

Störfum fækkar á Grenivík þegar yfirstjórnin á núverandi sveitarfélagi er skorin burtu. Grenivík er það lítil að ekki er líklegt að grundvöllur verði fyrir þjónustufulltrúa frá sameinuðu sveitarfélagi þegar til lengri tíma er

litið.¹⁷ Ekki verður þó fækkun í þeim störfum sem vinna þarf svo sem slökkvilið, sláttur, kennsla og fleira.

Höfundar telja ekki líklegt að nokkuð verði hreyft við grunnskóla né leikskóla á Grenivík, en þessar stofnanir gætu orðið hluti af stærri einingu sem lyti sameiginlegri yfirstjórn. Hugsanlegt er t.d. að Valsárskóli og grunnskólinn á Grenivík yrðu undir sama skólastjóra þar sem skólarnir eru keimlíkir að uppbyggingu. Það má nefna að í mynd um kostnað grunnskóla pr. nemanda í kafla 4.2. sést að Grenivíkurskóli er ódýrastur af þeim skólum á svæðinu þar sem skólaakstur er stundaður. Eins verður sama þörf á slökkviliði en slökkviliðið á Grenivík verður jafnframt slökkvilið fyrir allan Eyjafjörð. Það er að segja að það gæti verið kallað til aðstoðar ef þurfa þætti á Akureyri eða nágrenni. Höfundar telja litlar líkur á að starfsemi dvalarheimilis aldraðra verði dregin saman. Jafnvel er hugsanlegt að þar sem vísirinn er kominn að þessari starfsemi geti það orðið til þess að halda áfram á sömu braut ef aldrað fólk kys að búa á staðnum. Líklegt er að íbúar vilji að íþróttahéradamörkum á svæðinu verði breytt í kjölfar sameiningar. Þá yrði svæðið í íþróttahéradinu sem tilheyrir UMSE en ekki HSP. Það hefði lítil áhrif á íbúa Grýtubakkahrepps en drægi eina tönn úr HSP. Vaxandi fjöldi sækir nú vinnu til Akureyrar úr hreppnum og öfugt. Líklegt er að sú þróun haldi áfram hvað sem sveitarfélagamörkum líður. Ekki er líklegt að grundvöllur verði fyrir almenningssamgöngur milli Akureyrar og Grenivíkur þó af sameiningu yrði.

4.3.7 Hörgárbyggð

Hörgárbyggð er næsta nágrannasveitarfélag norðan Akureyrar og var nýlega sameinað úr þremur sveitarfélögum. Ókunnugir gera sér líklega ekki vel grein fyrir hvar Akureyri endar og Hörgárbyggð tekur við. Þannig er t.d. verslunarrekstur, iðnaður og nokkurt þéttbýli þeim megin sveitarfélagamarkanna sem Hörgárbyggð er. Íbúar Hörgárbyggðar sækja í talsverðum mæli vinnu og þjónustu til Akureyrar. Þá sækja Akureyringar t.d. talsvert í sundlaug og íþróttahús á Þelamörk auk fyrrgreindrar verslunar. Líta má á þetta sem eitt og sama samfélagið á margan hátt.

Kostir sameiningar fyrir þá sem nú byggja Hörgárbyggð er m.a. sá tími og fjármunir sparast sem fara nú í samninga um rekstur þjónustu sem tekur til

¹⁷ Hér má benda á reynslu frá t.d. sameiningum í Skagafirði og í Árborg. Sjá Grétar Þór Eyþórsson og Hjalti Jóhannesson 2002.

fleiri en eins sveitarfélags. Þá hafa íbúar beinan aðgang að öflugri og sérhæfðri þjónustu í flestum málaflokkum.

Svigrúm Akureyrar til vaxtar til norðurs eykst og sá þröngi stakkur sem sveitarfélagamörk sníða bænum og skipulagi hans nú verða ekki hindrandi á þróun hans til framtíðar. Þetta kann að vera álitid bæði kostur og galli fyrir íbúa Hörgárbyggðar. Galli vegna þess að a.m.k. að hluta gæti landbúnaðarland farið undir byggð en kostur þar sem landverð mun hækka vegna aukinnar eftirspurnar.

Líklegt er að sameining sveitarfélaganna verði til þess að liðka fyrir ákvarðanatöku um sorpförgun og í raun allri skipulagsvinnu í þeim málaflokki. Svæði í Hörgárbyggð hafa verið í umræðunni sem mögulegur staður fyrir sorpurðun vegna landfræðilegrar staðsetningar og jarðfræðilegra aðstæðna.

Eitt til tvö störf legðust niður í Hörgárbyggð þegar yfirstjórnin í núverandi sveitarfélagi yrði skorin burtu. Hins vegar er þelamörk á sama vinnu- markaði og Akureyri og er því ekki víst að starfsmissir leiddi til brottflutnings úr Hörgárbyggð.

Sameinað sveitarfélag hefur meiri hlutfallslegan slagkraft til að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir í grunngerð s.s. gatnagerð, fráveitu og mannvirkjagerð þar sem þess kann að vera þörf.

Það hefur verið nefnt sérstaklega sem annmarki við sameiningu frá sjónarhóli Hörgárbyggðar að skólamál komi til endurskoðunar. Margt hefur áhrif á það hvar skóli er staðsettur og hefur þróun og dreifing byggðar þar líklega mest áhrif. Uppbygging íbúðarhúsnæðis, hvort heldur er við núverandi bæjarmörk Akureyrar eða norðar á skólasvæðinu getur t.d. breytt forsendum. Almennt má þó segja að ákvarðanatöku um viðkvæm mál s.s. skólamál sé viðráðanlegri þegar stjórnsýslueiningin er stærri þrátt fyrir að aðrar ástæður en sameining sveitarfélaga liggi að baki.

4.3.8 Ólafsfjörður

Ólafsfjörður er í rúmlega 60 km fjarlægð frá kjarna byggðarinnar á Eyjafjarðarsvæðinu. Þannig er bærinn í raun utan atvinnusóknar þaðan en hins vegar í afar þægilegri fjarlægð fyrir atvinnusókn til Dalvíkur og Siglufjarðar enda er í allri umfjöllun hér miðað við að Héðinsfjarðargöng séu til staðar. Í raun bendir allt til þess að Siglufjörður og Ólafsfjörður verði eitt og sama samfélagið þegar fram líða stundir. Fyrir þessa tvo bæi er líklegt

að áhrifin af göngunum verði mun meiri en sameiningar Eyjafjarðar í eitt sveitarfélag. Þannig verði breytingar í einkarekstri og verkefnum ríkisins síst minni en í rekstri sveitarfélaganna¹⁸.

Breytingar á stöðu sveitarfélagsins við að sameinast verður afar mikil. Hvað þjónustu við hinn almenna borgara varðar er líklegt að lítið breytist. Stjórnsýsla í núverandi mynd mun þó verða skorin burtu. Telja má víst að sveitarfélagið muni hafa þjónustu á nokkrum sviðum staðsetta á Ólafsfirði og/eða í nágrennabæjunum sem muni sinna íbúum þar. Breytingin mun helst verða sú að þessi þjónusta verður hluti af stærri heild og starfsmenn hluti af stærra teymi en nú er. Störfum fækkar á Ólafsfirði þegar yfirstjórnin á núverandi sveitarfélagi er skorin burtu.

Eins og gildir um önnur sveitarfélög á svæðinu er kosturinn við sameiningu þeirra m.a. sá tími og fjármunir sem sparast sem fer nú í samninga um rekstur þjónustu sem tekur til fleiri en eins sveitarfélags. Þá hafa íbúar beinni aðgang að öflugri og sérhæfðri þjónustu í flestum málaflokkum.

Sjá má fyrir sér hagræðingu í skólamálum vegna sameiningar við Siglufjörð. Samanlagður nemendafjöldi á báðum þessum stöðum gæti t.d. gert hagstæða rekstrareiningu þar sem tvær bekkjardeildir væru í árgangi. Þetta er þó sagt með miklum fyrirvara, sérstaklega þeim að áhættumat vegna snjóflóða heimili akstur skólabarna þarna á milli.

Hafnamál koma til með að breytast en þróun þeirra ræðst líklega mest af viðskiptalegum ákvörðunum flutningaaðila og breyttum landsamgöngum. Í sameinuðu sveitarfélagi þar sem allar hafnir verða reknar undir sama hatti er líklegt að vægi Ólafsfjarðarhafnar muni minnka. Þar er þó fyrst og fremst um áhrif Héðinsfjarðarganga að ræða, en aðeins 15 km verða til Siglufjarðar þar sem hafnarskilyrði eru mun betri. Einnig er mögulegt að vægi Dalvíkurhafnar aukist.

Ef veitur verða sameinaðar og ákvörðun tekin um að samræma gjaldskrár má gera ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitu muni hækka talsvert enda er hún hagstæð nú. Ákveðna fyrirvara má þó setja um hver heildaráhrifin verða þegar tekið er tillit til breytinga á gjaldtöku af húsnæði s.s. fasteignaskatti sem er hæstur á Ólafsfirði af öllum sveitarfélögum á svæðinu. Ekki er óeðlilegt að gera ráð fyrir nokkrum aðlögunartíma í þessum efnum.

¹⁸ Sjá umfjöllun í skýrslu Hjalta Jóhannessonar o.fl. (2001) um mat á samfélagsáhrifum jarðganganna.

Möguleikar skapast á að samnýta ýmis mannvirki og starfsemi sem sveitarfélögin eru að reka í báðum þessum bæjum. Margt væri nægjanlegt að framkvæma eða gera á einum stað eftir að aðeins 15 km verða þarna á milli. Í raun má segja að þarna sé frekar um að ræða áhrif þessarar nýju vegtengingar heldur en sameiningar sveitarfélaga í öllum Eyjafirði.

Í atvinnulegu tilliti má gera ráð fyrir að sameining sveitarfélaganna hafi jákvæð áhrif. Þetta má rökstyðja m.a. með því að út á við verður rödd Eyjafjarðar sterkari og samstilltari ef sameining nær fram að ganga og þannig aukast líkur á að atvinnufyrirtæki setji sig þar niður.

Sameinað sveitarfélag hefur meiri hlutfallslegan slagkraft til að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir í grunngerð s.s. gatnagerð, fráveitu og mannvirkjagerð þar sem þess kann að vera þörf.

4.3.9 Siglufjörður

Staða Siglufirðinga breytist líklega mest af öllum íbúum sveitarfélaganna. Breytingarnar munu þó ekki síður stafa af samgöngubótunum með Héðinsfjarðargöngum og verða ekki síður á sviði einka- eða ríkisrekstrar en í rekstri sveitarfélaganna. Ítarlegri umfjöllun um þau áhrif er að finna í matsskýrslu RHA um samfélagsáhrif þessarar framkvæmdar (Hjalti Jóhannesson o.fl., 2001).

Í atvinnulegu tilliti má gera ráð fyrir að sameining sveitarfélaganna hafi jákvæð áhrif á Siglufirði. Þetta má rökstyðja m.a. með því að út á við verður rödd Eyjafjarðar út á við sterkari og samstilltari ef sameining nær fram að ganga og þannig aukast líkur á að atvinnufyrirtæki setji sig þar niður. Slíkt kemur Siglufirðingum vel, eins og öðrum íbúum Eyjafjarðarsvæðisins.

Hvað þjónustu við hinn almenna borgara varðar er ekki líklegt að mikið breytist í innihaldi og umfangi. Telja má víst að sameinað sveitarfélag muni halda úti þjónustu á ýmsum sviðum með staðsetningu á Siglufirði og/eða í nágrennbæjunum við utanverðan fjörðinn til að sinna íbúum þar. Breytingin mun helst verða sú að þessi þjónusta verður hluti af stærri heild og starfsmenn hennar hluti af stærra teymi en nú er á Siglufirði. Þannig eykst sérhæfing m.a. Störfum fækkar þó klárlega á Siglufirði þegar yfirstjórnin á núverandi sveitarfélagi hverfur.

Sjá má fyrir sér hagræðingu í skólamálum vegna sameiningar við Ólafsfjörð. Samanlagður nemendafjöldi á báðum þessum stöðum gæti myndað

hagstæða rekstrareiningu þar sem tvær bekkjardeildir væru í hverjum árgangi. Þetta er þó sagt með miklum fyrirvara, sérstaklega þeim að áhættumat vegna snjóflóða heimili akstur skólabarna þarna á milli.

Hitaveitan á Siglufirði er í eigu RARIK en ef veitur verða sameinaðar og ákvörðun tekin um að samræma gjaldskrár má gera ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitu muni hækka lítillega. Ákveðna fyrirvara má þó setja um hver heildaráhrifin verða þegar tekið er tillit til breytinga á gjaldtöku af húsnæði s.s. fasteignaskatti sem er hlutfallslega hár á Siglufirði.

Möguleikar skapast á að samnýta ýmis mannvirki og starfsemi sem sveitarfélögin eru að reka í báðum þessum bæjum er væri nægjanlegt að gera á einum stað eftir að aðeins 15 km verða þarna á milli. Í raun má segja að þarna sé frekar um að ræða áhrif þessarar nýju vegtengingar heldur en sameiningar sveitarfélaga í öllum Eyjafirði.

Vægi hafnarinnar á Siglufirði mun örugglega aukast en þar er fyrst og fremst um að ræða áhrif vegna samgöngubóta á landi.

Sameinað sveitarfélag hefur meiri hlutfallslegan slagkraft til að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir í grunngerð s.s. gatnagerð, fráveitu og mannvirkjagerð þar sem þess kann að vera þörf.

4.3.10 *Svalbarðsstrandarhreppur*

Sveitarfélagið liggur í næsta nágrenni Akureyrar. Vegalengdin til Akureyrar frá þeim íbúunum sem fjærst búa frá Akureyri er um 18 km, en frá þeim syðstu aðeins örfáir. Samkvæmt könnun RHA á því með hverjum íbúar einstakra sveitarfélaga telja sig eiga samleið kom fram að hvorki meira né minna en 95% íbúa Svalbarðsstrandarhrepps telja sig eiga mikla eða nokkra samleið með Akureyringum. Á vissan hátt má líta þannig á að íbúarnir líti nú þegar á þessi svæði sem eitt og það sama. Helstu kostir þess fyrir íbúa Svalbarðsstrandarhrepps að sameinast öðrum íbúum Eyjafjarðar eru eftirfarandi:

Tími og peningar sem nú fara í samningagerð við Akureyri og önnur sveitarfélög sparast.

Íbúarnir munu hafa beinni aðgang að öflugri og sérhæfðari þjónustu í flestum málaflokkum.

Íbúarnir sækja núna nánast alla sína þjónustu ríkisvalds, sem og verslun til annars sveitarfélags – Akureyrar, auk þess sem margir íbúarnir sækja

vinnu þangað. Á vissan hátt er stór hluti hreppsins eins og úthverfi frá Akureyri.

Meiri festa og heildarsýn yrði í skipulagsmálum.

Helstu annmarkar þess fyrir íbúa Svalbarðsstrandarhrepps að sameinast eru:

Fasteignagjöld myndu líklega hækka eitthvað við sameiningu.

Eitt til tvö störf leggjast niður á Svalbarðsströnd þegar yfirstjórnin á núverandi sveitarfélagi hverfur. Hins vegar er Svalbarðsströnd á sama vinnumarkaði og Akureyri og er því ekki víst að færri störf þar leiði til fólksfækkunar í byggðinni.

Höfundar telja ekki líklegt að staða Valsárskóla yrði í hættu í sameinuðu sveitarfélagi. Hugsanlegt er þó að hann yrði hluti af stærri einingu sem lyti sameiginlegri yfirstjórn. Hugsanlegt er t.d. að Valsárskóli og grunnskólinn á Grenivík yrðu undir sama skólastjóra þar sem skólarnir eru keimlíkir að uppbyggingu. Jafnframt er ekki útilokað að elsti bekkurinn (eða elstu bekkirnir) færi í skóla til Akureyrar eða Hrafnagils þar sem um fleiri valgreinar yrði að ræða.

5. Stjórnkerfi sveitarfélaganna við Eyjafjörð

5.1 Staða

Hér er lýst stöðu stjórnkerfis sveitarfélaganna og samstarfsstofnana þeirra í stórum dráttum. Með stjórnkerfi er hér átt við hið pólitíska kerfi, þ.e. kjörnar sveitarstjórnir og nefndir, og svo stjórnarsýsluna og embættismenn hennar.

5.1.1. Sveitarstjórnir og nefndir

Kjörnir fulltrúar. Í sveitarfélögunum tíu eru í dag alls 68 kjörnir fulltrúar, allt frá þremur í Grímseyjarhreppi, sem er fámennastur, upp í 11 á Akureyri. Fjöldann í einstökum sveitarfélögum má sjá í töflunni að neðan:

Tafla 4 Fjöldi kjörinna sveitarstjórnarmanna í sveitarfélögunum við Eyjafjörð

SVEITARFÉLAG	N
Akureyri	11
Arnarneshreppur	5
Dalvíkurbyggð	9
Eyjafjarðarsveit	7
Grímseyjarhreppur	3
Grýtubakkahreppur	5
Hörgárbyggð	7
Ólafsfjörður	7
Siglufjörður	9
Svalbarðsstrandarhreppur	5
Alls	68

Það eru því að meðaltali 6,8 kjörnir aðalmenn í sveitarstjórnnum í sveitarfélögunum tíu.

Í töflunni að neðan er yfirlit yfir samanlagðan heildarfjölda kjörinna fulltrúa eftir sveitarfélögum og flokkum/framboðum.

Tafla 5 Kjörnir fulltrúar í sveitarfélögunum við Eyjafjörð eftir sveitarfélögum og flokkum.

	Framsóknarf.	Sjálfstæðisfl.	Samf./Vg	Annað
Akureyri	3	4	2	2
Arnarneshreppur				5
Dalvíkurbyggð	4	3	2	
Eyjafjarðarsveit				7
Grimseyjarhreppur				3
Grýtubakkahreppur				5
Hörgárbyggð				7
Ólafsfjörður		3	4	
Siglufjörður	1	3	5	
Svalbarðsstrandarhreppur				5
Alls	8	13	13	34

Hinir hefðbundnu stjórnmalaflokkar hafa einungis helming kjörinn fulltrúa á svæðinu. Önnur sæti fulltrúa eru frá öðrum framboðum eða vegna þess að kosningar hafa verið óhlutbundnar.

Atkvæðafjöldi Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs er slegið saman, en færa má fyrir því rök að þessir flokkar vinni saman bæði í Dalvíkurbyggð og á Ólafsfirði. Erfitt er því að slíta þá sundur þegar svona skipting er gerð.

Nefndir. Nefndakerfi sveitarfélaganna á svæðinu og samstarfsstofnana þeirra er allviðamikil. Samtals eru á svæðinu 457 nefndasæti í 123 nefndum og ráðum¹⁹. Á vegum sveitarfélaganna eru 369 nefndasæti í 105 nefndum og á vegum Héraðsnefndar Eyjafjarðar og byggðasamlaga á Eyjafjarðarsvæðinu eru 88 nefndarsæti í 15 nefndum og stjórnnum. Að meðaltali eru 3,5 fulltrúar í hverri nefnd sveitarfélaganna.

Á Akureyri eru starfandi þrjár fimm manna hverfisnefndir sem eru hluti af verkefni bæjarins í Staðardagskrá 21. Fyrsta nefndin var stofnuð haustið 2002. Þær eru ólaunaðar og til umsagnar um ákveðin málefni sem varða viðkomandi hverfi auk þess að geta haft frumkvæði í ýmsum málum hverfisins²⁰. Flest bendir til þess að þessum nefndum komi til með að fjölga.

¹⁹ Taldar voru allar nefndir sveitarfélaganna og samstarfsstofnana sem starfa reglubundið og þau nefndarsæti þar sem tilnefnt er í aðrar nefndir.

²⁰ Sjá <http://www3.akureyri.is/stjornkerfid/hverfisnefndir/>

5.2. Stjórnkerfið í nýju sveitarfélagi

5.2.1. Sveitarstjórnir og nefndir

Hér er lagt til að í sameinuðu sveitarfélagi verði 15 manna bæjarstjórn – að minnsta kosti fyrstu tvö kjörtímabilin. Á Akureyri er í dag 11 manna bæjarstjórn, en þar eru fulltrúar flestir, eins og komið hefur fram. Í sameiningum annarra sveitarfélaga á landinu á seinni árum hefur það verið tíðkað að mynda stórar sveitarstjórnir til þess að leitast við að auka líkur á því að fleiri „gömlu sveitarfélaganna“ eigi sinn kjörna fulltrúa. Með þessari stækkun er slíkt þó engan veginn tryggt og hlýtur slíkt hverju sinni að vera í höndum þeirra flokka og framboða sem bjóða fram. Bættar forsendur eru þó gefnar með þessari skipan. Skipan framboðslista er þó hverju sinni í höndum stjórnarálflokka og framboða og það eru þessir aðilar sem raða á sína framboðslista út frá þáttum eins og kyni, stétt og væntanlega búsetu.

Kjörnir fulltrúar eru alls 68 og þeim fækkar því um 53 miðað við ofangreinda tillögu um 15 kjörna fulltrúa.

En hvaða afleiðingar hefur þetta fyrir bæði einstök svæði (sveitarfélög) eða þá stjórnarálflokka eða framboðslista?

Til fróðleiks er hér reynt út frá gefnum forsendum að glöggva sig á hinu sveitarstjórnarpólítíska landslagi sem nú er í sveitarfélögunum og að yfirfæra á það sem heild á eitt sameinað sveitarfélag. Eftirfarandi tafla yrði niðurstaðan úr þeim útreikningum:

Tafla 6 Kjörnir fulltrúar í einu sveitarfélagi við Eyjafjörð.

	Framsóknarf.	Sjálfstæðisfl.	Samf./Vg	Listi Fólksins
Nýtt sveitarfélag	3	6	4	2

Hér skal auðvitað tekið skýrt fram að gengið er út frá úrslitum sveitarstjórnarkosninganna 2002 og að í þessu felst engin spádómur um það hver úrslit yrðu í kosningum í sameinuðu sveitarfélagi.²¹

²¹ Hér má t.d. benda á að eftir sameiningu Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðarhrepps í Fjarðarbyggð urðu kosninganiðurstöður nokkuð aðrar en gert hafði verið ráð fyrir. Þannig var t.d. ekki talið líklegt að vinstri menn lentu í meirihluta, þó svo þeir hefðu verið sterkir í Neskaupstað. Þetta varða alls ekki raunin og þeir unnu hreinan meirihluta í fyrstu sveitarstjórn Fjarðarbyggðar.

Að samarlögðum öllum atkvæðum í sveitarfélögunum 10 yrði þetta þó niðurstaðan. Þannig yrði Sjálfstæðisflokkur stærstur, rétt eins og á Akureyri, en hér gæti hann myndað meirihluta með hverjum sem er hinna, einum. Skiptingin er mjög ámóta þeirri skiptingu sem nú er í bæjarstjórn Akureyrar, enda vegur bærinn langþyngst í atkvæðamagninu – stærðar sinnar vegna.

Eins og áður sagði, er atkvæðafjölda Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs er slegið saman, en færa má fyrir því rök að þessir flokkar vinni saman bæði í Dalvíkurbyggð og á Ólafsfirði. Gert er ráð fyrir því að Listi fólksins á Akureyri myndi bjóða fram og að hann fengi sama atkvæðamagn og 2002. Þar sem ekki voru listakosningar og þar sem sjálfkjörið var í hreppsnefndir 2002 er atkvæðum safnað saman í pott og honum skipt í sömu hlutföllum á milli landsmáaflokkanna fjögurra. Rétt er að geta þess hér að þegar heildar atkvæðamagn úr bæjunum er yfirfært á landbúnaðarhreppana er ekki ólíklegt að fylgi Framsóknarflokksins sé að einhverju leyti vanmetið. Ekki er þó auðvelt að benda á aðferð til að taka mið af því. Verður því að skoða niðurstöður töflunnar að ofan með þessum fyrirvara. Ekki er þó líklegt að þetta gæti haft áhrif á skiptingu sæta milli flokka og framboða, þar sem viðkomandi hreppar eru hlutfallslega lítill hluti svæðisins í íbúum talið.

Eins og áður segir er niðurstaða þessa engu að síður sú að fylgi flokka og framboða í bæjarstjórn Akureyrar virðist hafa gott spágildi fyrir heildarúrslitin – enda hefur Akureyri lungann úr mannaflanum. Pólitískt landslag í nýju sveitarfélagi yrði því eins og sést í töflunni að ofan – að fyrrgreindum forsendum gefnum.

Nefndir.

Ljóst er að nefndum og nefndarsætum mun fækka mjög mikið. Þannig munu flestar nefndir og stjórnir sem eru á vegum Héraðsnefndar Eyjafjarðar og byggðasamlaga í Eyjafirði falla niður. Nokkrar nefndir eru þess eðlis að þær þurfa líklega að starfa áfram þar sem fjallað er um málefni alls fjarðarins, s.s. gróður- og náttúruverndarmál. Þá eru nokkrar nefndir og stjórnir sem tilnefnt er í og er líklegt að það muni halda áfram, en e.t.v. mun fulltrúum fækka þegar fram líða stundir.

Almennt séð er talið nægjanlegt að í nýju sveitarfélagi verði nefndir skipaðar 5 einstaklingum. Í einhverjum tilfellum kunna aðstæður að kalla á víðtækari svæðislega spönnun með 7 manna nefnd – eins og t.d. í skipulagsmálum.

Svo virðist sem leggja megi til grundvallar í stórum dráttum það nefndakerfi sem er á Akureyri. Þar hefur nefndum fækkað heldur á undanförunum árum og verksvið þeirra víkkað. Það er ljóst að nokkrar nefndir eru ekki starfandi í kerfi sveitarfélagsins sem þyrftu að vera starfandi í kerfi sameinaðs sveitarfélags. Þetta eru t.d. nefndir sem varða landbúnaðarmálefni og nefndir og stjórnir sem þarf að „innlima“ í sveitarfélagið úr samstarfsverkefnum, s.s. stjórn Atvinnuþróunarfélags (atvinnumálanefnd) og líklega stjórn sorpmála. Þá fækkar fulltrúum talsvert í stjórnnum B-hluta fyrirtækja, s.s. veitum og höfnum. Miðað við þessar forsendur virðast nefndasæti verða rúmlega 100 talsins og því myndi nefndarsætum fækka um ca. 350 við sameininguna. Þegar reiknað er með að greitt sé fyrir nefndarsetu á svipaðan hátt og á Akureyri og aukinn akstur nefndarmanna á fundi bendir margt til þess að heildarkostnaður gæti orðið eitthvað hærri en nú er.

Hverfalyðræði – hverfanefndir.

Á Akureyri hafa verið stofnaðar svokallaðar Hverfisnefndir. Á heimasíðu bæjarins²² segir svo frá nefndunum:

Hverfisnefndir eru vettvangur íbúanna til að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi. Málefni sem nefndirnar geta til að mynda látið til sín taka eru málefni barna og ungmenna, skipulagsmál, umhverfismál og umferðarmál.

Nefndirnar sem eru fimm manna eru ekki pólitískt kjörnar, né hafa þær neitt formlegt vald. Í raun hafa nefndirnar aðeins umsagnarrétt um ákveðin málefni.

Í nágrannalöndunum hefur það verið tíðkað á seinni árum að koma á fót hverfastjórnnum, en þær eru misjafnar að umfangi og eins er staða þeirra innan stjórnkerfa bæja og borga misjöfn.

Röksemdir fyrir því að koma á fót hverfastjórnnum hafa snúist um eftirtalin meginatriði: í fyrsta lagi að efla lýðræði með því að lágmarka fækkun kjörinna fulltrúa og að halda uppi möguleikum á fleiri snertipunktum milli borgara og kjörinna fulltrúa. Í öðru lagi til þess að auka skilvirkni í rekstri með samræmingu staðbundinna bjarga og bættri aðlögun stjórnkerfis að staðbundnum kröfum og þörfum. Í þriðja lagi myndi þetta stuðla að auknu trausti milli borgara og stjórnmalamanna og því gefa störfum kjörinna fulltrúa aukið lögmæti (Montin 1998:22 og Fimreite & Aars 2002).

²² Sjá <http://www3.akureyri.is/stjornkerfid/hverfisnefndir/>


Í öllum tilfellum sem hér er átt við er um að ræða mun stærri sveitarfélög en sameinaður Eyjafjörður samanstæði af. Því er álitamál að hve miklu leyti röksemdir sem þessar geta átt við. Ljóst er þó að í kaupstöðunum Ólafsfirði, Siglufirði og í Dalvíkurbyggð er til staðar hefð fyrir allnokkru stjórnkerfi og sjálfstjórn sem að baki því hefur verið. Það er því spurning sem vert er að velta fyrir sér hvort eitthvert form af staðbundnu valdi þar sé eitt af því sem yrði hluti af sameinuðu sveitarfélagi við Eyjafjörð. Vegalengdir eru þó ekki slíkar, né fjölmenni slíkt að ástæða sé til að leggja hér til kerfi kjörinna hverfastjórna að hætti nágrennalandanna. Raunhæfara verður að telja að koma upp hverfisnefndum í bæjunum þremur – auk Grenivíkur í Grýtubakkahreppi – og Grímseyjar, vegna fjarlægðar. Slíkar nefndir ættu þó að hafa víðtækara umfjöllunarsvið en þær hverfisnefndir sem nú eru til á Akureyri, þ.e. að umsagnar og umfjöllunarréttur þeirra næði til fleiri málaflokka en skipulagsmála – má nefna fræðslumál í því sambandi. Þeir þjónustufulltrúar sem lagt er til að verði á sömu stöðum gætu hæglega virkað sem starfsmenn slíkra nefnda og unnið fyrir þær ýmis gögn.

5.2.2. *Stjórnsýsla*


Þær tillögur eða hugmyndir sem hér verða settar fram um skipan stjórnsýslu byggjast í meginatriðum á því að staðsetning hennar verði á Akureyri. Eðlilegast þykir einnig að uppbygging stjórnkerfis á Akureyri verði lögð í meginatriðum til grundvallar að stjórnkerfi nýs sveitarfélags. Ljóst er þó að stjórnsýsla sveitarfélaga er í sífældri þróun.

Sýnt þykir þó að á þéttbýlisstöðunum við utanverðan Eyjafjörð þurfi að staðsetja einhvern hluta stjórnsýslunnar.

Í könnun RHA kemur í ljós að þolmörk íbúa varðandi ferðatíma til heimsóknar á skrifstofu sveitarfélags eru nokkuð há og í nær öllum tilfellum er fólk tilbúið að leggja á sig lengra ferðalag en við núverandi aðstæður. Þetta sést t.d. á eftirfarandi myndum:



Mynd 24 Núverandi meðalferðatími til skrifstofu sveitarfélags, eftir sveitarfélögum.



Mynd 25 Áætlanlegur meðalferðatími til skrifstofu sveitarfélags, eftir sveitarfélögum

Greinilegt er að allsstaðar er fólk tilbúið til að auka þennan ferðatíma. Meðal annars í ljósi þessa þykir okkur hér vera viss grundvöllur lagður að því að leggja til ákveðna samþjöppun stjórnarsýslu og þ.a.l. aukningu ferðatíma vegna hennar. Enda þótt fleiri þættir geti vegið þarna inn leggjum við til þá breyttu skipan sem getur að neðan:

Lagt er til að sérstakir þjónustufulltrúar verði staðsettir á Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Grímsey og Grenivík. Hlutverk þeirra yrði að vera milliliðir íbúanna við stjórnarsýsluna og leiðbeina þeim um hvernig þeir geta fengið úrlausnir sinna mála. Þá má sjá fyrir sér að bókhald og launaúrvinnslu nýs sveitarfélags mætti staðsetja t.d. á Dalvík.

Félagsþjónusta.

Hluti fjölskyldudeildar yrði með starfsstöð í bæjunum við utanverðan Eyjafjörð að vestan með sérfræðinga í félagsráðgjöf, þroskajálfun, sérkennslu og fleiru. Þetta yrði svipaður fjöldi og er nú af þessum sérfræðingum á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði samanlagt. Hinn hluti deildarinnar yrði staðsettur á Akureyri og þar yrði yfirmaðurinn 4 daga vikunnar en einn dag vikunnar í starfsstöð við utanverðan Eyjafjörð. Búsetudeild yrði áfram staðsett á Akureyri en einn starfsmaður í starfsstöð við utanverðan Eyjafjörð sem skipulegði mál þar (ferliþjónustu fatlaðra, sambýli ef einhver verða og fl.) í samráði við sinn yfirmann og kollega á Akureyri.

Áfram verði einungis einn jafnréttisfulltrúi fyrir allt sveitarfélagið staðsettur á Akureyri.

Fræðslu og uppeldismál.

Skóladeild verði að hluta til í starfsstöð við utanverðan Eyjafjörð að vestan, og gæti yfirmaður deildarinnar haft viðveru í starfsstöðinni t.d. einn dag vikunnar.

Yfirstjórn tónlistarnáms verði á Akureyri. Hluti kennara kenni nær eingöngu á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði og annar hluti nær eingöngu á Akureyri og nágrenni. Allir kennarar yrðu þó mjög hreyfanlegir eftir þörfum og sérhæfingu hvers og eins.

Meningarmál.

Meningardeild yrði á Akureyri. Hugsanlega yrði grundvöllur fyrir einum starfsmanni sem staðsettur yrði við utanverðan Eyjafjörð að vestan og gæti Síldarminjasafnið og önnur söfn á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði orðið í hans verkahring.

Æskulýðs- og Íþróttamál.

Nú er Íþrótt- og tómskundadeild á Akureyri og starfa hjá henni deildarstjóri, starfsmaður sem sér um tómskundastarf í skólum og starfsmaður sem sér um aðstöðuna í Hlíðarfjalli. Við sameiningu lægi nokkuð beint við að deildarstjórinn yrði áfram á Akureyri en 1-2 starfsmenn í bæjunum við utanverðan fjörðinn, annar sem væri m.a. með skíðasvæðin á sinni könnu en hinn með m.a. tómskundastarf í skólum á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði.

Brunamál og almannavarnir.

Miðstöð almannavarna yrði á Akureyri. Öll slökkvilið á svæðinu yrðu sameinuð. Yfirstjórn þeirra yrði á Akureyri en slökkvibúnaður á Grenivík, Akureyri, Hrísey, Dalvík, Ólafsfirði, Siglufirði og Grímsey. Líklega mætti minnka viðbúnað í Ólafsfirði niður í einn bíl því slökkviliðið á Siglufirði yrði ekki nema í 12-15 mínútna fjarlægð og slökkviliðið á Dalvík ekki nema í 13-20 mínútna fjarlægð.

Hreinlætismál.

Stjórnsýsla breytist lítið í þessum flokki og er m.a. kveðið á í lögum um hvernig skipan heilbrigðiseftirlits skuli vera. Sinna þarf ýmsum störfum að þessum málum staðbundið svo sem sorphirðingu, heilbrigðiseftirliti, rottu- og vargfuglaeyðingu. Yfirstjórnin yrði þó frá Akureyri.

Skipulags- og byggingarmál.

Þessi mál yrðu öll samræmd í einni deild, umhverfiseild. Yfirstjórn deildarinnar yrði staðsett á Akureyri. Byggingaefirlit mætti staðsetja að hluta utan Akureyrar.

Umferðar- og samgöngumál.

Mörg þessara verkefna eru nú boðin út og verða það hugsanlega í enn meiri mæli í framtíðinni. Framkvæmdadeild yrði sjáanlega áfram á Akureyri og ekki er séð að þörf sé fyrir starfsemi hennar annarsstaðar. Fyrirtæki sem myndi leysa af hólmi Strætisvagna Akureyrar yrði áfram með höfuðstöðvar á Akureyri, jafnvel þó starfsemin kynni að breikka út yfir mun stærra svæði.

Umhverfismál.

Verk eins og hreinsun gatna, hirðing grænna svæða og refa og minkaeyðing yrðu líklega boðin út eins og nú er gert að stórum hluta. Ekki er líklegt að til þyrfti neina yfirstjórn þessara mála annarsstaðar en á Akureyri nema ef vera skyldi einhverskonar eftirlitsmann þessara þátta á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði.

Atvinnumál.

Landbúnaðarfulltrúi yrði ráðinn til að sinna upprekstrarmálum og öðru tengdu landbúnaði. Hér er varpað fram þeirri hugmynd að slíkur starfsmaður gæti t.d. verið staðsettur í Eyjafjarðarsveit.

Veitur.

Norðurorka sem tæki við yfirstjórn veitna myndi væntanlega eftir sem áður hafa höfuðstöðvar á Akureyri, en hugsanlega hafa einn starfsmann í


bæjunum utanvert við fjörðinn til að sinna veitukerfum á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði. Þá er gert ráð fyrir einum hafnarsjóði. Hugmynd er að hann gæti jafnvel haft höfuðstöðvar sínar á Siglufirði.

6. Rekstur og fjármál

6.1 Tekjur

Helstu tekjur sveitarfélaganna eru: Útsvar, fasteignaskattur, framlög úr jöfnunarsjóði og skattaígildi. Þessar tekjur eru ekki eyrnamerktaðar neinum sérstökum kostnaði. Þær samanlagðar eru sýndar á næstu mynd. Fyrir utan þessar tekjur eru þjónustutekjur sveitarfélaganna þar sem íbúarnir eru látnir borga hluta af þjónustunni sem sveitarfélagið veitir. Sem dæmi borga íbúarnir leikskólagjöld, skíðamenn borga í lyfturnar, íþróttahús eru leigð út og svo frv. Þessar tekjur eru ekki útlistaðar hér þar sem málaflökkarnir, svo sem fræðslustarfsemi, eru skoðaðir út frá kostnaði umfram tekjur í kafla 6.2. Sveitarfélögin geta síðan fengið einhverjar enn aðrar tekjur en hér verða þær ekki sérstaklega greindar.

Til að draga upp mynd af tekjum sveitarfélaganna í Eyjafirði er árið 2003 skoðað sem fyrr auk ársins 2002.



Mynd 26 Tekjur sveitarfélaganna árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga


6.1.1 Útsvar

Útsvarsprósenta sveitarfélaganna á Eyjafjarðarsvæðinu verður sú sama árið 2005 með einni undantekningu. Öll sveitarfélögin nýta heimildina til fulls og verða með útsvarsprósentuna 13,03 nema Arnarneshreppur sem mun nota útsvarsprósentuna 13,00. Í næstu töflu má sjá hver hún var árið 2003.

Tafla 7 Útsvarsprósenta sveitarfélaga árið 2003

Sveitarfélag	Útsvarsprósenta 2003
Grýtubakkahreppur	13,03
Svalbarðsstrandahreppur	12,85
Eyjafjarðarsveit	12,70
Akureyrarbær	13,03
Hörgárbyggð	12,80
Arnarneshreppur	12,70
Dalvíkurbyggð	13,03
Ólafsfjarðarbær	13,03
Siglufjarðarkaupstaður	13,03
Grímsey	13,03

Tekjur af útsvari á íbúa árin 2003 og 2002 má sjá á næstu mynd.



Mynd 27 Útsvarstekjur árin 2002 og 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Súlan sem er merkt með Eyjafjörður er meðalútsvar á íbúa á öllu svæðinu. Heildarútsvarstekjur árið 2003 voru 4.306 milljónir (ef útsvar í Grímsey var samsvarandi meðaltalinu).


6.1.2. Fasteignaskattur

Álagningarprósenta fasteignarskatts er mjög mismunandi í Eyjafirði. Gildir það bæði um íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Á næstu töflu má sjá álagningarprósenta hjá sveitarfélögunum árið 2003. Höfundar vita ekki til að henni hafi verið breytt.

Tafla 8 Álagningarprósenta fasteignaskatts árið 2003

Sveitarfélag	Álagningarprósenta 2003 Íbúðarhúsnæði (A-fl)	Álagningarprósenta 2003 Atvinnuhúsnæði (B-fl)
Grýtubakkahreppur	0,360	1,500
Svalbarðsstrandarhreppur	0,310	1,000
Eyjafjarðarsveit	0,390	0,390
Akureyrarbær	0,350	1,550
Hörgárbyggð	0,380	1,320
Arnameshreppur	0,400	1,600
Dalvíkurbyggð	0,375	1,650
Ólafsfjarðarbær	0,475	1,650
Siglufjarðarkaupstaður	0,420	1,650
Grímsey	0,400	1,000

Fasteignaskatt á íbúa árin 2003 og 2002 má sjá á næstu mynd.




Mynd 28 Fasteignaskattur árin 2002 og 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Heildartekjur af fasteignaskatti árið 2003 voru 551 milljón. (ef fasteignaskattur í Grímsey var samsvarandi meðaltali).

6.1.3 Framlög úr jöfnunarsjóði

Framlög úr Jöfnunarsjóði eru ákvörðuð eftir flóknum reglum. Úthlutun úr sjóðnum á íbúa árin 2003 og 2002 má sjá á næstu mynd.




Mynd 29 Framlög Jöfnunarsjóðs árin 2002 og 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Síðasta súlan á myndinni sýnir meðal jöfnunarsjóðsframlag á íbúa í öllum Eyjafirði. Samtals var framlagið 1.068 milljónir árið 2003 (ef jöfnunarsjóðsframlag til Grímseyjar var meðaltal) samkvæmt Árbók sveitarfélaga. Í viðauka 3 má sjá heildarúthlutun úr jöfnunarsjóði árið 2003 til sveitarfélaganna sem hér eru til skoðunar. Þar er niðurstaðan 1.141 milljón. Mismunurinn felst í því að í tölum Árbókarinnar er stofnkostnaðarframlögum og framlögum húsaleigubóta sleppt og framlögum v/sérþarfa fatlaðra nemenda er stundum sleppt. Í sameinuðu sveitarfélagi yrði jöfnunarframlagið þó allt annað en þetta því sameinað sveitarfélag þyrfti að meta sérstaklega. Það er gert í viðauka 3 fyrir árið 2003. Hins vegar fær sameinað sveitarfélag að halda óbreyttum framlögum á sameiningarári og fjögur ár þar á eftir.

6.1.4 Skattaígildi

Sum sveitarfélaganna fengu tekjur vegna gjalda sem kalla má skattaígildi. Það eru gjöld svo sem framleiðslugjald og lóðarleiga. Á næstu mynd má sjá þessar tekjur árin 2003 og 2002.




Mynd 30 Skattaígildi árin 2002 og 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Heildartekjur vegna skattaígildis árið 2003 voru 141 milljón.

6.2 Útgjöld

Hér verða útgjöld umfram tekjur skoðuð eftir helstu málaflokkum hjá sveitarfélögunum 10 í Eyjafirði. Ennfremur verður kostnaður málaflokka skoðaður milli stórra og lítilla sveitarfélaga sem og kostnaður við nefndir. Sumir málaflokkar eru stórir en aðrir eru minni. Þetta sést vel á næstu mynd.



Mynd 31 Rekstur málaflokka árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Á mynd 31 sjást fjórir stærstu málaflokkarnir. Allir aðrir málaflokkar eru ekki nema brot af heildarútgjöldunum.

6.2.1 Sameiginlegur kostnaður

Stærstu útgjaldaþættirnir í þessum málaflokki eru tveir. Annars vegar meðferð sveitarstjórnarmála og hins vegar skrifstofuhald sveitarfélags. Meðferð sveitarstjórnarmála inniheldur kostnað vegna kjörinna fulltrúa og endurskoðun ársreikninga. Í næstu töflu má sjá þennan kostnað sveitarfélaganna árið 2003. Tölurnar í svigum eru áætlaðar.

Tafla 9 Kostnaður sveitarfélaga vegna meðferðar sveitarstjórnarmála árið 2003.

	Sveitarstjórn	Bæjarráð	Endurskoðun
Grýtubakkahreppur	2.640.941	0	997.659
Svalbarðsstrandarhreppur	1.265.441	0	871.798
Eyjafjarðarsveit	5.372.954	0	1.145.006
Akureyrarbær	14.388.121	9.735.289	7.042.518
Hörgárbyggð	(4.000.000)	0	(400.000)
Arnarneshreppur	2.233.917	0	119.625
Dalvíkurbyggð	7.651.000	2.243.000	1.618.000
Ólafsfjarðarbær	2.437.931	3.120.630	2.244.720
Siglufjarðarkaupstaður	2.971.453	2.243.591	1.685.457
Grímsey	(2.000.000)	0	(1.200.000)
Samtals	44.961.758	17.342.510	17.324.783

Við þetta má bæta að endurskoðun hjá Héraðsnefndinni kostaði 257.920.

Skrifstofuhald sveitarfélagsins inniheldur kostnað við starfsmenn sveitarfélagsins sem ekki er hægt að setja undir einstaka málaflokka. Það eru svo sem bæjarstjórar, bókarar, fjármálastjórar, ritarar og fleiri. Ennfremur er kostnaður við skrifstofu falinn í aðföngum slíkrar starfsemi og húsnæðiskostnaði. Í næstu töflu má sjá kostnað við skrifstofu hjá sveitarfélögum árið 2003 eins og hann birtist í ársreikningum. Kostnaðurinn er þó ekki að öllu leyti samanburðarhæfur þar sem sveitarfélögin láta stofnanir sínar og málaflokka greiða misjafnlega háa hlutdeild í yfirstjórn. Tölur í svigum eru áætlaðar.


Tafla 10 Kostnaður við skrifstofuhald sveitarfélaganna árið 2003

	Kostnaður við skrifstofu	Þar af kostnaður vegna bæjarstjóra		
		Laun	Launat. gjöld	Akstur
Grýtubakkahreppur	5.043.395 ²³	4.441.336	493.194	660.000
Svalbarðsstrandarhreppur	9.008.052	4.255.626	543.578	415.350
Eyjafjarðarsveit	20.939.139	6.053.181	1.092.519	384.300
Akureyrarbær	232.040.223 ²⁴	9.935.360	1.815.207	661.000
Hörgárbyggð	13.504.462	(4.300.000)	(500.000)	(400.000)
Arnarneshreppur	4.581.049	2.488.552	377.123	490.934
Dalvíkurbyggð	30.363.000	8.129.880	1.728.966	793.200
Ólafsfjarðarbær	15.998.248	7.445.335	1.339.636	135.440
Siglufjarðarkaupstaður	34.481.529	8.736.000	(1.200.000)	601.680
Grímsey	(2.000.000)	(900.000)	(100.000)	(0)
Samtals	367.959.097	56.685.270	9.190.223	4.541.904

²³ Kostnaður vegna skrifstofu Grýtubakkahrepps er lægri en kostnaður vegna sveitarstjóra. Ástæðan er sú að stofnanir sveitarfélagsins kaupa þjónustu af skrifstofunni.

²⁴ Skrifstofa fjármálasviðs + Skrifstofa þjónustusviðs + Rekstur tölvukerfa + Ný fjárhagsupplýsingakerfi + Bæjarlögmaður + Útgáfa ársskýrslu og tölfr.rit.

Á næstu mynd má sjá allan sameiginlegan kostnað sveitarfélaganna á íbúa 2003.



Mynd 32 Sameiginlegur kostnaður á íbúa árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Eins og sjá má er kostnaðurinn minnstur á íbúa í stærsta sveitarfélaginu. Minnstu hrepparnir eru hins vegar með nokkuð háan sameiginlegan kostnað. Stærðarhagkvæmni er þar ekki eina skýringin. Einnig kemur til að í litlum sveitarfélögum sér hreppsnefndin um marga málaflokka sem hafa yfir sé sér nefnd í stóru sveitarfélögunum.


6.2.2 Brunamál og almannavarnir

Í sveitarfélögunum 10 eru rekin 7 slökkvilið. Rekstur þeirra kostar sitt. Það má sjá á næstu töflu.

Tafla 11 Fjármagn til reksturs slökkviliða árið 2003.

	Slökkvistöð	Slökkvibílar og tæki
Grenivík	1.669.356	260.163
Akureyri	53.970.426	9.979.813
Dalvík	7.501.000	innifalið
Ólafsfjörður	3.436.026	910.592
Siglufjörður	7.192.147	1.533.641
Hrísey	567.649	226.790
Grímsey	(400.000)	(100.000)
Samtals	74.736.604	13.010.999

Þó slökkviliðin séu dýrust í þessum málaflokki er samt ýmis annar kostnaður svo sem almannavarnarnefnd og styrkir til björgunarsveita. Á næstu mynd má sjá kostnað vegna málaflokksins á íbúa árið 2003.



Mynd 33 Kostnaður vegna brunamála og almannavarna árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga


6.2.3 Umferðar- og samgöngumál

Auk útgjalda til gatna, hálkueyðingar, snjómoksturs og fleiri þátta styrkja sum sveitarfélögin samgöngur með beinum hætti. Í næstu töflu má sjá útgjöld til samgöngumála hjá sveitarfélögunum árið 2003.

Tafla 12 Framlög til samgöngumála árið 2003

	Vöruflutningar	Fólksflutningar	Kostnaður á íbúa
Grýtubakkahreppur	384.000		970
Akureyrarbær		42.050.604	2.620
Dalvíkurbyggð		850.000	420
Ólafsfjörður		440.000	443
Hrísey		128.000	711
Samtals	384.000	43.468.604	2.232

Kostnað vegna alls málaflokksins á íbúa árið 2003 má sjá á næstu mynd.




Mynd 34 Kostnaður vegna umferðar- og samgöngumála árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

6.2.4 Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslu- og uppeldismál eru langfjárfrekasti málaflokkur sveitarfélaganna. Grunnskólinn er þar umfangsmestur en einnig fer mikið framlag til leikskóla og tónlistarskóla þó þar komi þjónustutekjur á móti. Gjöld umfram tekjur til fræðslu- og uppeldismála á íbúa árið 2003 má sjá á næstu mynd.




Mynd 35 Kostnaður vegna fræðslu- og uppeldismála á íbúa árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Eins og sjá má á myndinni eru mestu útgjöldin í þessum málaflokki hjá Arnarneshreppi, Hörgárbyggð, Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandarhreppi. Fróðlegt er að skoða hvort ánægjan með þessi mál hjá íbúunum endurspeglar þetta. Ef mynd 12 er skoðuð sést að ánægja með grunnskóla er í nokkru samræmi við fjárútlátin. Ánægja er mest í þessum sveitarfélögum auk Grýtubakkahrepps. Sama er þó ekki hægt að segja um ánægju með leikskóla sem sést á mynd 9.

6.2.5. Aðrir málaflokkar

Á næstu gröfum má sjá gjöld umfram tekjur á íbúa í ýmsum málaflokkum árið 2003.




Mynd 36 Kostnaður vegna æskulýðs- og íþróttamála og félagsþjónustu árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Eins og sjá má á myndinni er mestu varið til æskulýðs- og íþróttamála á Ólafsfirði og í Dalvíkurbyggð. Það er hins vegar athyglisvert að það virðist ekki endurspeglast í ánægju með málaflokkinn í sveitarfélögunum. Á mynd 14 sést að íbúar í öllum öðrum sveitarfélögum eru ánægðari með þessi mál nema Grímseyingar.


Varðandi félagsþjónustuna er eftirtektarvert að skoða sveitarfélögin sem eru með minnst útgjöldin til málaflokksins. Það eru einmitt næstu nágarnar Akureyrar. Þetta gæti bent til þess að þeir sem þurfa félagsþjónustu flytji burt úr þessum sveitarfélögum og þá hugsanlega til Akureyrar sem er með næst hæsta kostnaðinn. Grýtubakkahreppur er með hæstan kostnað og er það í samræmi við ánægjuna sem kemur fram á mynd 6.



Mynd 37 Kostnaður vegna menningarmála og umhverfismála árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Eyjafjarðarsveit er með hæstu útgjöldin til menningarmála og skilar það sér í því að íbúarnir eru ánægðastir af öllum í þeim málum eins og sjá má á mynd 13. Mikil útgjöld Hörgárbyggðar viðast hins vegar ekki skila sér í meiri ánægju en gegnum og gerist í öðrum sveitarfélögum.




Mynd 38 Kostnaður vegna hreinlætismála og vegna skipulags- og byggingarmála árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Siglufjörður virðist ekki uppskera sérstaka ánægju þrátt fyrir sín miklu útgjöld til skipulags- og byggingarmála. Á mynd 16 sem sýnir ánægju með byggingareftirlit er Siglufjörður neðstur og í miðjum hópi á mynd 17 sem sýnir ánægju með skipulagsmál. Hins vegar virðast lítil útgjöld Ólafsfjarðarbæjar á þessu sviði skila sér í lítilli ánægju. Íbúar Grýtu-


bakkahrepps eru ánægðastir með þessi mál og eru útgjöld þeirra einnig þau næst hæstu.



Mynd 39 Kostnaður vegna atvinnumála og heilbrigðismála árið 2003


Heimild: Árbók sveitarfélaga

Á næstu myndum má sjá fjármagnskostnað sveitarfélaganna auk ýmissa þátta sem ekki eru eins sjálfgefnir og útgjöld til ákveðinna málaflokka. Þegar súlurnar eru neikvæðar og snúa niður þýðir það að um tekjur var að ræða en ekki útgjöld.



Mynd 40 Fjármagnskostnaður sveitarfélaganna árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga



Mynd 41 Framlög til B-hluta fyrirtækja og kostnaður vegna óvenjulegra liða árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga


Í næstu töflu má sjá í tölum þær upplýsingar sem hér að framan eru settar fram með súlurítum. Allur Eyjafjörður stendur fyrir vegið meðaltal úr öllum hinum sveitarfélögum. Grímseyjarhreppi er sleppt í þessari töflu því engar upplýsingar voru tiltækar þaðan.

Tafla 13 Útgjöld umfram tekjur á íbúa í málaflokkum árið 2003

	Siglu- fjarðar- kaup- staður	Ólafs- fjarðar- bær	Dalvík- ur- byggð	Hrísey- jar- hreppur	Arnar- nes- hreppur	Hörg- ár- byggð	Akur- eyrar- bær	Eyja- fjarðar- sveit	Sval- barðs- strand- arhr.	Grýtu- bakka- hreppur	Allur Eyja- fjörður
Félagsþjónusta	14.778	25.773	20.540	15.883	11.107	13.506	28.741	12.392	9.633	33.737	25.616
Heilbrigðismál	1.606	555	824	344	601	-415	687	-414	662	402	678
Fræðslu og uppeldismál	147.894	167.208	177.180	180.161	224.628	211.442	131.284	225.814	208.614	148.995	145.877
Meningarmál	15.887	17.084	7.983	10.400	2.101	19.695	13.086	23.369	4.667	11.704	13.247
Æskulýðs- og íþróttamál	42.600	57.313	49.059	27.877	1.824	18.633	30.953	12.110	13.051	32.606	32.907
Brunamál og almanavarnir	6.977	5.295	4.972	4.717	4.064	4.159	3.985	5.157	4.644	4.117	4.387
Hreinlætismál	82.42	4.117	6.210	6.911	13.325	9.401	5.081	5.860	6.277	5.788	5.552
Skipulags- og byggingamál	8.587	2.329	4.017	-995	3.638	6.000	5.710	5.329	4.441	7.806	5.529
Umferðar- og samgöngumál	8.861	2.780	8.391	8.800	3.202	5.361	11.370	2.720	6.971	8.717	9.916
Umhverfismál	15.046	6.770	2.695	8.039	2.995	5.698	7.072	1.768	1.854	6.278	6.804
Atvinnumál	4.409	4.143	6.791	10.478	2.814	5.402	2.713	3.294	1.489	7.030	3.424
Sameiginlegur kostnaður	38.985	49.171	30.370	122.328	69.341	47.283	26.218	31.848	31.131	27.199	30.154

6.2.6 Útgjöld stórra og lítilla sveitarfélaga

Í Eyjafirði eru bæði stór og lítil sveitarfélög. Akureyrarbær er auðvitað langstærsta sveitarfélagið en nokkur önnur eru með um eða yfir 1000 íbúa. Þetta eru sveitarfélögin: Dalvíkurbyggð, Siglufjörður, Ólafsfjarðarbær og Eyjafjarðarsveit. Þessi sveitarfélög eru sett hér í flokk sem er kallaður stóru sveitarfélögin. Akureyrarbær er síðan skoðaður sér en öll hin sveitarfélögin eru með um 400 íbúa eða færri. Þau eru einnig fimm og eru hér sett í flokk sem kallaður er litlu sveitarfélögin. Það er fróðlegt að skoða kostnað á íbúa í mismunandi málaflokkum í litlu sveitarfélögunum og hinum stóru. Slíkan samanburð má sjá á næstu mynd fyrir árið 2003.



Mynd 42 Samanburður á kostnaði við rekstur málaflokka í stórum og litlum sveitarfélögum árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

6.2.7 Útgjöld vegna nefndarsetu

Þeir einstaklingar sem sitja í nefndum sveitarfélaganna fá laun fyrir nefndarsetu. Misjafnt er hversu mikið það er. Í næstu töflu má sjá hversu mikið sveitarfélögin greiddu fyrir nefndarsetu árið 2003. Þetta eru nefndir fyrir utan sveitarstjórn og bæjarráð. Ennfremur eru ekki í þessum tölum stjórnir B-hluta fyrirtækja eins og t.d. orkuveitna. Tölunum verður að taka

með ákveðnum fyrirvara því oft vill gleymast eitt og annað þegar slíkar tölur eru teknar saman innan hvers sveitarfélags. Tölurnar í svigum eru áætlun þar sem ekki hafa fengist tölur frá viðkomandi sveitarfélagi.

Tafla 14 Greiðslur til nefnda árið 2003.

Sveitarfélag	Heildargreiðslur til nefnda með launatengdum gjöldum	Nefndarlaun á íbúa
Grýtubakkahreppur	161.881	409
Svalbarðsstrandarhreppur	436.167	1.160
Eyjafjarðarsveit	2.562.895	2.675
Akureyrarbær	20.781.000	1.281
Hörgárbyggð	(700.000)	1.887
Arnarneshreppur	252.000	1.340
Dalvíkurbyggð	2.617.423	1.293
Ólafsfjarðarbær	1.892.941	1.904
Siglufjarðarkaupstaður	2.800.000	1.947
Grímsey	(150.000)	1.613
Samtals / meðaltal	32.354.307	1.414

Eins og sjá má á töflunni virðast nefndarlaun haldast nokkuð í hendur við stærð sveitarfélagsins. Það er ekki þannig að nefndarlaun á íbúa falli umtalsvert með aukinni stærð heldur virðast nefndarlaun á íbúa vera nokkuð áþekkt þrátt fyrir mismunandi stærð sveitarfélaganna.

Við þetta má bæta nefndarlaunum hjá Héraðsnefnd Eyjafjarðar. Öll sveitarfélögin nema Siglufjörður standa að henni. Sjá næstu töflu.

Tafla 15 Greiðslur fyrir nefndarlaun héraðsnefndar árið 2003.


Héraðsnefnd Eyjafjarðar	780.713
Samtals allar nefndir auk Héraðsnefndar	33.135.020

6.3. Fjárhagsstaða sveitarfélaganna

Til að skoða fjárhagsstöðu sveitarfélaganna er hægt að nota ýmsa mælikvarða. Jafnvel svo marga að það er hægt að rugla fólk auðveldlega í ríminu. Það kannast þeir við sem hafa hlustað á umræður um málefni Reykjavíkurborgar. Hér verða tveir mælikvarðar notaðir. Eignir og skuldir annars vegar og handbært fé frá rekstri hins vegar.

6.3.1. Eignir og skuldir

Á næstu mynd má sjá eignir og skuldir sveitarfélaganna 10 í Eyjafirði. Hér er ekki verið að sýna sveitarsjóð eingöngu heldur hann ásamt öllum eignum í B-hluta fyrirtækjum. Þetta eru svokölluð samantekin reikningskil. Myndin sýnir stöðuna í árslok 2003.




Mynd 43 Eignir og skuldir sveitarfélaganna árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Í sameinuðu sveitarfélagi hefðu heildareignir verið 24.949 milljónir, heildarskuldir 15.716 milljónir og því hrein eign 9.233 milljónir. Tölur sem þessar segja ekki allt. Ýmsar eignir sveitarfélaganna eru bókfærðar á allt öðru verði en hægt væri að fá fyrir eignirnar ef þær yrðu seldar. Líklegt er t.d. að ýmsar húseignir séu minna virði í utanverðum Eyjafirði en í honum innanverðum.

Skuldbindingar eru hluti af skuldum en áhugavert getur verið að sjá hversu miklar þær eru milli sveitarfélaga. Þetta má sjá á næstu mynd.




Mynd 44 Skuldbindingar sveitarfélaganna árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

6.3.2 Handbært fé frá rekstri

Handbært fé frá rekstri segir hversu mikla fjármuni sveitarfélögin hafa til að lækka skuldir (eða auka inneignir) eða fjárfesta. Ef sveitarfélag er með neikvætt handbært frá rekstri þá verður það að auka skuldir sínar eða ganga á eignir. Þessi tala segir því töluvert um hvaða möguleika sveitarfélögin hafa til að starfa. Á næstu mynd má sjá handbært fé frá rekstri á íbúa árið 2003 í sveitarfélögunum 10.



Mynd 45 Handbært fé frá rekstri árið 2003

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Eins og sjá má á Eyjafjarðarsúlunni var handbært fé frá rekstri yfir allan Eyjafjörð um 60.000 á mann. Heidarupphæðin var 1.401 milljónir.

6.4. Rekstur og fjármál í sameinuðu sveitarfélagi

Sameinað sveitarfélag myndi taka við öllum eignum og skuldum gömlu sveitarfélaganna. Eigna- og skuldastaðan yrði því eins og Eyjafjarðarsúlan á mynd 40 að ofan. Hins vegar myndu tekjur og gjöld breytast nokkuð.

6.4.1 Tekjur

Útsvar. Í nýju sveitarfélagi yrði útsvarsprósenta sú sama fyrir alla íbúa. Líklegt er að hún yrði sett í hámark, 13,03%, eins og hún er nú í flestum sveitarfélögum. Íbúar sem búa í Svalbarðsstrandarhreppi, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð og Arnarneshreppi þyrftu því að borga hærra útsvar en nú. Engin breyting yrði hjá öðrum íbúum. Þetta þýddi að útsvarstekjur yrðu örlítið meiri en nú er.

Fasteignaskattur. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum má eftir sameiningu vera með tvennskonar álagningarprósentu fasteignaskatts í sameinuðu sveitarfélagi. Annars vegar fyrir dreifbýli og hins vegar fyrir þéttbýli. Eftir 10 ár verður þó að vera sama álagningarprósenta í öllu sveitarfélaginu. Eitt það fyrsta sem ný sveitarstjórn þyrfti að ákveða væri hver fasteignaskatturinn yrði. Líklegt verður að teljast að hann yrði ákveðinn þannig að hann skilaði svipuðum tekjum og nú. Það myndi þýða lækkun fyrir einhverja en hækkun fyrir aðra.

Framlag úr jöfnunarsjóði. Í viðauka 3 má sjá að árið 2003 hefðu framlög úr jöfnunarsjóði verið 154 milljónum lægri ef sveitarfélögin hefðu verið sameinuð. Það eru minni tekjur sem nemur 6.700 kr á íbúa. Munar þar mestu um að íbúafjöldaframlag hefði ekki verið neitt því samkvæmt núverandi reglum fá sveitarfélög með íbúafjölda yfir 22.000 ekkert slíkt framlag. Sameinað sveitarfélag myndi samt halda óbreyttum framlögum á sameiningarári og í fjögur ár þar á eftir. Núverandi reglur jöfnunarsjóðs hafa verið einhver mestu dragbítur á sameiningar hingað til. Er yfirvöldum vel ljóst að breyta verður úthlutunarreglum ef stefna þeirra um stærri sveitarfélög á fram að ganga. Er því ákaflega líklegt að reglum sjóðsins verði breytt í kjölfar þess sameiningarátaks sem nú stendur yfir. Ef Eyjafjörður sameinast í eitt sveitarfélag er enn líkleggra að reglum verði breytt.

Skattaígildi. Ómögulegt er að segja hvernig þessi tekjustofn verður í sameinuðu sveitarfélagi. Líklegt er að hann yrði á svipuðum nótum og nú er.

6.4.2 Gjöld

Sameiginlegur kostnaður. Ef gert er ráð fyrir að kostnaður við setu í sveitarstjórn og byggðaráði yrði sá sami á íbúa í nýju sveitarfélagi og nú er á Akureyri, þá yrði kostnaðurinn 21 milljón vegna sveitarstjórnar og 14 milljónir vegna byggðaráðs. Samtals 35 milljónir þar sem áður voru 62. Aðeins eitt sveitarfélag yrði endurskoðað í stað 10 áður. Ef gert er ráð fyrir að endurskoðunarkostnaður á íbúa yrði sá sami í nýju sveitarfélagi og á Akureyri 2003 þá yrði hann rétt um 10 milljónir. Þar sem þessi kostnaður fer minnkandi á íbúa með stækkandi sveitarfélögum er þó líklegt að hann verði minni en 10 milljónir. Þetta er því varlega áætlað. Breytinguna má sjá í næstu töflu.

Tafla 16 Breytingar á kostnaði við sveitarstjórn, bæjarráð og endurskoðun

	Sveitarstjórn	Bæjarráð	Endurskoðun
Kostnaður allra 2003	44.961.758	17.342.510	17.324.783
Kostnaður nýs sveitarfélags	21.000.000	14.000.000	10.000.000
Samtals sparnaður (uþb)	24.000.000	3.000.000	7.000.000

Sparnaður 34 milljónir.

Ef gert er ráð fyrir að sveitarstjóri hins nýja sveitarfélags kosti svipað og bæjarstjórnar í sveitarfélögum af svipaðri stærð og hér um ræðir árið 2003 þá gæti kostnaður við sveitarstjóra orðið um 13 milljónir á ári. Kostnaður við sveitarstjóra og oddvita árið 2003 var um 70 milljónir. **Sparnaður 57 milljónir.**

Kostnaður vegna sveitarskrifstofa árið 2003 var um 368 milljónir. Kostnaður vegna skrifstofa fyrir utan sveitarstjóra var því um 298 milljónir árið 2003. Ef gert er ráð fyrir að skrifstofukostnaðurinn verði svipaður á íbúa og á Akureyri verður hann um 315 milljónir í sameinuðu sveitarfélagi. Það er 17 milljónum meira en nú er. Það er ekki óeðlilegt því sveitarstjórnar og oddvitar vinna stóran hluta af verkunum í litlum sveitarfélögum. Þegar þeim er öllum sópað burtu þurfa almennir starfsmenn að koma í staðinn. **Kostnaðarauki 17 milljónir.**

Líklegt er talið að kostnaður vegna kosninga, starfsmanna, risnu, og ýmissa styrkja verði svipaður. Líklegt er að kostnaður vegna móttaka vaxi en kostnaður vegna kynningarmála lækki.

Kostnaður vegna samstarfs sveitarfélaga yrði minni. Óvarlegt er að gera ráð fyrir meiri sparnaði en sem nemur yfirstjórnar Héraðsnefndarinnar. Sá kostnaður var um 6 milljónir árið 2003. **Sparnaður 6 milljónir.**

Samtals líklegur sparnaður 80 milljónir.

Skýrt skal þó tekið fram að sameiningin sjálf mun kosta töluvert þannig að ekki er víst að þessi sparnaður komi fram strax.

Í öllum málaflokkum ætti að verða einhver sparnaður og hagræði vegna einnar yfirstjórnar. Hins vegar segir reynslan að slíkur sparnaður fer oft í betri þjónustu.

Félagsþjónusta. Ekki er gert ráð fyrir neinum sparnaði í þessum málaflokki.

Heilbrigðismál. Enginn sparnaður.

Fræðslu- og uppeldismál. Ekki er gert ráð fyrir nema óverulegum sparnaði í þessum málaflokki til að byrja með. Helst er hægt að ná hagræðingu með samræmingu grunnskólanna á Siglufirði og Ólafsfirði og með einum tónlistarskóla í öllu sveitarfélaginu.

Meningarmál. Ekki er gert ráð fyrir neinum sparnaði í þessum málaflokki.

Æskulýðs- og íþróttamál. Ekki er gert ráð fyrir neinum sparnaði í þessum málaflokki. Helst yrði sparnaður varðandi skíðasvæði.

Brunamál og almannavarnir. Ef nóg verður að hafa einn góðan slökkvibíl á Ólafsfirði þá mun það draga úr kostnaði við slökkviliðið þar. Ekki er gott að segja hve mikill sparnaðurinn yrði. Ef slökkviliðið á Ólafsfirði yrði dregið saman niður í svipað lið og nú er á Grenivík þá gæti sparnaður orðið um 2 milljónir. Einnig ætti að sparast vegna sameinginlegrar yfirstjórnar.

Hreinlætismál. Ekki er gert ráð fyrir neinum sparnaði í þessum málaflokki.

Skipulags- og byggingarmál. Ekki er sýnilegt að mikið sparist í þessum málaflokki en meiri verkefni bíða sveitarfélaganna á þessu sviði á næstu.

Umferðar- og samgöngumál. Ekki er gert ráð fyrir neinum sparnaði í þessum málaflokki. Ef farið yrði í almenningsamgöngur á milli bæja í nýja sveitarfélaginu myndi kostnaður þvert á móti aukast.

Umhverfismál. Ekki er gert ráð fyrir neinum sparnaði í þessum málaflokki.

Atvinnumál. Ekki er gert ráð fyrir neinum sparnaði í þessum málaflokki.

Hafnir og veitur (B-hluta fyrirtæk)i. Líklega yrði hægt að spara í hafnarmálum í sameinuðu sveitarfélagi. Sérstaklega ef áhersla yrði lögð á starfsemi í bestu höfnunum en dregin saman starfsemi í hinum verri. Eitthvað hagræði yrði í orkuveitumálum einnig vegna sameiginlegrar yfirstjórnar.

7. Helstu niðurstöður og nokkrar hugleiðingar

7.1 Þjónusta

Þjónusta yrði samræmd í félagsþjónustu að því marki sem hún er það ekki nú þegar á svæði sveitarfélaganna tíu.

Þjónusta í leikskólamálum yrði aðgengileg fyrir íbúa án tillits til lögheimilis eins og nú er, þetta getur t.d. komið sér vel fyrir þá foreldra sem sækja vinnu eða skóla um lengri veg.

Ekki eru sjáanlegar neinar breytingar á fyrirkomulagi grunnskóla vegna sameiningarinnar einnar og sér. Hins vegar er ljóst að ákvarðanataka í viðkvæmum málum líkt og skólamálum verður viðráðanlegri – þegar nálægð er ekki til staðar í sama mæli. Hægt er að efla stjórnsýslu skólamála og sérfræðiþjónustu enn frekar. Rekstrarleg yfirsýn eykst.

Allir íbúar svæðisins munu hafa sama rétt til tónlistarnáms eftir sameiningu en eins og staðan er núna er þjónustan nokkuð mismunandi eftir sveitarfélögum.

Með sameiningu sveitarfélaganna í Eyjafirði er einsýnt að öll slökkvilið svæðisins yrðu sameinuð undir eina stjórn.

Að mati þeirra sem starfa að heilbrigðiseftirliti mun starf þeirra einfaldast eitthvað við sameiningu allra þessara sveitarfélaga þar sem þeir myndu heyra undir færri vinnuveitendur. Þá verða öll samskipti einfaldari.

Í sorphreinsun og sorpeyðingu hafa öll sveitarfélögin að undanskildum Siglufirði unnið saman í Sorpeyðingu Eyjafjarðar BS og yrði stærsta breytingin sú að leggja niður byggðasamlagið og myndi það einfalda mjög alla ákvarðanatöku og stjórnun málaflokksins. Í sorphreinsun og rekstri gámasvæða má búast við einhverri hagræðingu. Eins og í fleiri málum verður ákvarðanataka í viðkvæmum málum líkt og sorpeyðingu, viðráðanlegri – vegna aukinnar fjarlægðar í ákvarðanatöku. Þetta má sjá í senn sem bæði kost og galla.

Í skipulagsmálum mun sú veigamikla breyting eiga sér stað við sameiningu Eyjafjarðar í eitt sveitarfélag að eitt skipulagsstig fellur niður, þ.e. svæðisskipulag. Í stað þess verður aðalskipulagsstigið umfangsmeira. Reynslan hefur sýnt að í svæðisskipulagi hefur ekki tekist að úkljá skipulag í mikilvægum málaflokkum og má búast við að slíkt gangi fremur eftir í aðalskipulagi sameinaðs sveitarfélags. Viðamikil verkefni

eru nú þegar á herðum sveitarfélaganna í þessum málaflokki og enn fleiri að bætast við. Sýnt þykir að stærri sveitarfélög ráða mun betur við að sinna þessum verkefnum.

Í byggingarmálum er það er einkum í landbúnaðarhreppunum sem vænta má breytinga á þessu sviði. Þar hefur verið starfandi sameiginlegur byggingafulltrúi, en með sameiningu sveitarfélaganna myndi hans embætti væntanlega bætast við stærri stofnun á vegum sveitarfélaganna sem annast þessi mál. Skipulags- og byggingarfulltrúinn á Akureyri, sem jafnframt er deildarstjóri umhverfisdeildar, afgreiðir án staðfestingar umhverfisráðs og bæjarstjórnar mál er falla undir IV-kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og mun þessi tilhögun væntanlega einnig gilda um önnur svæði fjarðarins.

Auknir möguleikar skapast á að koma á kerfi almenningsgangna í firðinum. Sem er í anda Staðardagskrár 21 sem sveitarfélögin vinna að og eykur jafnræði íbúanna til að nýta sér margvíslega þjónustu og sækja atvinnu.

Búast má við að rödd svæðisins út á við verði sterkari í atvinnumálum. Hér getur verið um að ræða kynningu svæðisins í markaðslegum tilgangi, samninga við fjárfesta, nágrannasveitarfélög eða -svæði eða samninga við ríkisvaldið. Við þessa breytingu má gera ráð fyrir að vinnubrögð breytist á þann hátt að búið verði að jafna skoðanamismun innan svæðisins áður en t.d. er birt út á við stefna svæðisins á ýmsum sviðum atvinnulífsins. Nærtækt er hér að nefna stóriðju en dæmi eru að það hafi verið notað gegn Eyfirðingum í þeim slag sem staðið hefur um slíka uppbyggingu að þeir hafi ekki getað talað einum rómi og staðið saman um málið.

Með sameiningu sveitarfélaganna er ljóst að allar hafnir í eigu þeirra færu undir einn hafnarsjóð. Þróun í hafnamálum er reyndar mikið háð viðskiptalegum ákvörðunum þeirra sem stunda siglingar og útgerð.

Í sameinuðu sveitarfélagi yrðu allar hitaveitur sameinaðar sem nú eru í eigu sveitarfélaganna á svæðinu. Líklega yrði það undir merkjum Norðurorku sem yrði orkufyrirtæki alfarið í eigu nýja sveitarfélagsins.

Sameinað sveitarfélag verður betur í stakk búið til að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir í grunngerð s.s. gatnagerð, fráveitu og mannvirkja-gerð.

Fráveitumál og gjaldtaka fyrir þessa þjónustu yrðu samræmd í nýju sveitarfélagi. Almennt séð er kostnaðarsamt að koma fráveitumálum í gott


horf og ef fjárhagsleg hagræðing næst á öðrum sviðum þá aukist líkur á að hægt verði að uppfylla kröfur sem gerðar eru til sveitarfélaga á þessu sviði.

7.2 Stjórnkerfi

Með sameiningu fækkar bæjar- og sveitarstjórum um 7 og oddvitum um 2. Þá mun verða hagræðing í annarri yfirstjórn, eins og t.d. í fjármálum og bókhaldi, ritara og móttökustörfum.

Í nefndakerfi verður umtalsverð fækkun – nefndarsætum fækkar úr um 450 í 100, eða um 350. Lagt er til að 5 manna nefndir verði ráðandi líkan fyrir nefndaskipan, þó með einhverjum undantekningum þar sem 7 skipa nefnd.

Ef marka má töflu sem sýnd er hér að neðan virðast íbúar minni sveitarfélaganna telja sig standa nær fulltrúum og áhrifum á pólitíska ákvarðanatöku en íbúum þeirra stærri. Hafa þeir því úr nokkuð hærri söðli að detta í þessu tilliti. Mikilvægt er þessvegna að við sameiningu sveitarfélagsins verði höfð nokkuð stór sveitarstjórn til að að minnsta kosti auka möguleika þeirra smærri á að „hverfa ekki“ og til að lágmarka fækkun mögulegra snertipunkta kjósenda og fulltrúa þeirra. Slíkt mun án efa hafa áhrif á kosningahegðun þeirra þann 23. apríl 2005.




Mynd 46 Möguleikar svarenda á að hafa áhrif á gang mála í sveitarstjórn

Sýnt má telja að hin pólitísku valdahlutföll í sveitarfélaginu muni verða mjög svipuð og þau verða á Akureyri hverju sinni – enda Akureyri með um 70% af heildarmannfjölda svæðisins.

Forsendur þess að hægt sé að sameina sveitarfélög með árangursríkum hætti liggja, eins og komið hefur fram hér að ofan, í því að sýnt sé að þjónustuumfang og þjónustustig í nýju sveitarfélagi sé talið ásættanlegt af þeim sem byggja það. Önnur forsenda er að þorri íbúa geti sætt sig við þá nýju stöðu sem kann að myndast í stjórnkerfinu og er þá ekki síst átt við skipulag stjórnsýslunnar. Einnig skiptir upplifun fólks af því hver lýðræðisleg staða þess er við nýjar aðstæður afar miklu. Fyrri rannsóknir um viðhorf til sameiningar sveitarfélaga og um áhrif og afleiðingar sameininga hafa klárlega sýnt þetta.

Þannig hafa væntingar fólks um stöðu eigin sveitarfélags í nýju sameinuðu sveitarfélagi mikil áhrif á afstöðu þess til sameiningar – sé eigið sveitarfélag fyrirsjáanlega ekki í lykilhlutverki í þjónustu og stjórnsýslu í því nýja er fólk ekki eins jákvætt til sameiningar. Á sama hátt er það jákvæðara ef fyrirséð er að eigið sveitarfélag verður í kjarnahlutverki (Grétar Þór Eypórssson 1998). Þá hefur athugun á áhrifum og afleiðingum sjö sameininga á Íslandi sýnt að fólk sem býr utan kjarnanna telur almennt heldur hafa hallað á lýðræðislega stöðu sína eftir sameiningu (Grétar Þór Eypórssson og Hjalti Jóhannesson 2002). Þetta virðist alls ekki gilda í sama mæli um íbúa kjarnanna sem virðast alls ekki upplifa neinn lýðræðishalla af sameiningum samkvæmt fyrri rannsóknum. Í raun fækkar þó kjörnum fulltrúum þeirra, eins og annarra í sameinuðu sveitarfélagi og því um eiginlegan lýðræðishalla að ræða þar líka. Spyrja má hvort verið geti að staðsetning höfuðstöðva sveitarfélagsins hafi svo táknrænt gildi að fólk upplifi ekki þennan meinta halla. Með hliðsjón af þessum fyrri rannsóknum má vart búast við því að Akureyringar muni upplifa neinn verulegan lýðræðishalla vegna sameiningarinnar. Á mótsvarandi hátt má hinsvegar búast við að aðrir íbúar við Eyjafjörð muni upplifa slíkan halla – þetta þó sagt án þess að hann sé ófrávíkjanlegur. Meðal annars með hliðsjón af þessu er það lagt til að hverfisnefndum verði komið á laggirnar í a.m.k. 5 hverfum í nýju sveitarfélagi; Dalvík, Ólafsfirði, Siglufirði, Grenivík og í Grímsey. Slík tillaga byggir ekki síst á stærð þessara þéttbýlisstaða og sjálfsstjórnarhefðar þeirra – auk fjarlægðar frá Akureyri. Ekki má þó gleyma að minnst á að með því er ekki lagt til að horft verði framhjá hinum fámennari og dreifbyggðari hreppum í þessu tilliti. Þvert á móti bendir könnun RHA eindregið til þess að einmitt í þeim hreppum

finnist íbúum nauðsynlegt að geta haft áhrif á ákvarðanatöku. Þetta sést betur á næstu mynd:



Mynd 47 Áherslur íbúa sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu á skatta, þjónustu og lýðræði.

Myndir sýnir glögglega að íbúar Arnarneshrepps, Svalbarðsstrandarhrepps og Eyjafjarðarsveitar leggja nokkru ríkari áherslu en íbúar annarra sveitarfélaga á það að geta haft áhrif á ákvarðanatöku. Á þéttbýlisstöðunum er það hinsvegar ríkjandi viðhorf að sköttum og gjöldum sé stillt í hóf.

Þá hafa rannsóknir enn fremur sýnt að staðsetning og skipulag stjórnsýslu hefur einnig mótandi áhrif á viðhorf fólks og skiptir í sumum tilfellum höfuðmáli í aðdraganda sameininga (Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson 2002; Ulrik Kjær 2001). Hér er gengið út frá því að aðalstöðvar stjórnsýslu nýs sveitarfélags verði á Akureyri, þó með ákveðnum undantekningum þar sem starfsemi er höfð í öðrum þeim hverfum sem fjölmennari eru. Eðlilegt er talið að þjónustufulltrúar verði starfandi á fjórum stöðum; þ.e. Dalvík, Ólafsfirði, Siglufirði og Grenivík.

Þessi ofangreindu atriði hafa að okkar mati lykilþýðingu við þær aðstæður þegar kosið skal um sameiningu í hverju og einu sveitarfélagi og verður það ekki sameinað öðrum nema íbúar hafi samþykkt slíkt í

atkvæðagreiðslu. Ekki er því líklegt að íbúar einstakra sveitarfélaga samþykki sameiningu nema að mat þeirra á áhrifum sameiningar sé jákvætt fyrir eigið sveitarfélag og einnig eigin hag – svo fremi að aðrar og sérstakar aðstæður knýji ekki á um sameiningu.

7.3. Rekstur og fjármál

Greinilegt er að sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu hafa reynt að finna alla þá fleti á samvinnu sem dregið geta úr kostnaði og bætt þjónustu. Það hefur leitt til þess að þræðir sveitarfélaganna liggja nú saman að meira eða minna leyti í flestum málaflokkum. Sérstaklega á þetta við um Akureyrarbæ og landbúnaðarhreppana. Á þennan hátt má segja að sumir málaflokkar virki nú eins og sameining sé löngu um garð gengin. Það hefur skapað nokkuð sérstaka stöðu að sveitarfélögin virka sem sameinuð á sumum sviðum en eru það ekki í raun. Hefur það m.a. leitt af sér að sveitarfélögin hafa búið til nánast sérstakt stjórnsýslustig á milli sín, héraðsnefndina, til að sinna samvinnunni. Það verður því ekki hægt að ná fram miklum sparnaði í flestum málaflokkum vegna þess að sveitarfélögin sjálf hafa leitað logandi ljósi í gegnum tíðina að sparnaðarmöguleikum með samvinnu í þeim. Líklegt er að eitthvað sparist vegna skilvirkari stjórnar en ekki er settur verðmiði á það enda gæti sá sparnaður farið í aukna þjónustu. Hér er þó einn málaflokkur undanskilinn og líka eitt sveitarfélag. Málaflokkurinn er sameiginlegur kostnaður sem aðallega er kostnaður við yfirstjórn og sveitafélagið er Siglufjarðarkaupstaður. Eftir er að ná fram sparnaði og hagræðingu í yfirstjórn sveitarfélaganna í Eyjafirði. Það verður ekki gert nema með formlegri sameiningu þeirra. Líklegt er að sparnaður í yfirstjórn og öðrum sameiginlegum kostnaði yrði um 80 milljónir króna á ári. Það eru einnig miklir hagræðingarmöguleikar við það að fá Siglufjarðarkaupstað inn í hina eyfirsku fjölskyldu með Héðinsfjarðargöngum. Siglufirðingar hafa lítt getað sparað með samvinnu við önnur sveitarfélög vegna einangrunar sinnar. Ekki er reynt að reikna út þennan sparnað því erfitt er að spá um hvernig ýmis mál verða leyst þegar til kastanna kemur. Hins vegar er ljóst að ýmsir þeir möguleikar munu opnast sem nefndir eru framar í skýrslu þessari.

7.4. Lokaorð

Til að geta lagt mat á líkindi þess að sameining allra tíu sveitarfélaganna í Eyjafirði hljóti meirihlutafylgi getur einnig verið gagnlegt að líta til fleiri

Þáttá en að ofan er getið, þó illmælanlegri séu. Þannig hefur virst sem svo að sameiningar hafi hlotið meira brautargengi og gengið betur eftir á þar sem samkennd íbúa á sameiningarsvæðinu er sterk, eða að minnst kosti til staðar að einhverju leyti. Til að reyna að leggja eitthvert mat á samkennd íbúa á Eyjafjarðarsvæðinu var í könnun þeirri sem gerð var vegna verkefnisins spurt hversu mikla eða litla samleið viðkomandi teldi sig eiga með íbúum hinna sveitarfélaganna á svæðinu. Niðurstöður úr þessu gefur að líta í neðangreindri töflu:

Tafla 17 Hversu mikla samleið eiga íbúar einstakra sveitarfélaga við íbúa annarra sveitarfélaga í Eyjafirði?

	Arnames- hreppur	Siglu- fjörður	Akur- eyri	Ólafs- fjörður	Dalvíkur- byggð	Grims- ey	Eyjafjarðar- sveit	Hörgár- byggð	Svalbarðs- strandar- hreppur	Grytu- bakka- hreppur	Meðal- gildi
Arnameshreppur		11	36	13	38	0	48	77	33	31	31,9
Siglufrjörður	20		35	56	25	52	22	14	9	27	28,9
Akureyri	87	74		80	67	74	67	82	95	73	77,7
Ólafsfjarðarbær	33	89	40		56	33	27	23	18	36	39,4
Dalvíkurbyggð	67	70	65	80		78	35	32	26	51	56
Grímsey	20	49	28	47	38		22	9	12	7	25,8
Eyjafjarðarsveit	67	55	80	44	42	37		70	81	54	58,9
Hörgárbyggð	77	30	56	24	31	15	54		42	27	39,6
Svalbarðsstrandarh.	37	49	62	29	19	11	63	30		76	41,8
Grytubakkahreppur	33	30	46	33	25	12	52	25	72		36,4
Meðalgildi	49	50,8	49,8	45,1	37,9	34,7	43,3	40,2	43,1	42,4	

Athugasemd: Taflan sýnir það hlutfall íbúa í einstökum sveitarfélögum sem segir sig eiga mikið eða nokkuð sameiginlegt með þeim sem búa í hverju og einu hinna sveitarfélaganna. Spurt var: Hvort finnst þér að þú eigir mikið, nokkuð eða lítið sem ekkert sameiginlegt með þeim sem búa í eftirtöldum sveitarfélögum? Lesið er úr töflunni á eftirfarandi hátt: Þegar lesið er lóðrétt niður dálkana er þar að finna þá prósentu íbúa þess sveitarfélags sem stendur efst í dálkinum sem segir sig eiga mikla eða nokkra samleið með íbúum þess sveitarfélags sem stendur lengst til vinstri í viðkomandi röð. Þannig segja t.d. 48% svarenda í Eyjafjarðarsveit að þeir eigi mikla eða nokkra samleið með íbúum Arnarneshrepps. Sé röðin sem Arnarneshreppur er í lesin út til hægri má sjá að lengst til hægri er að finna meðalgildið 31,9. Það segir okkur að tæp 32% íbúa hinna sveitarfélaganna 9 hafa að meðaltali sagt sig eiga mikla eða nokkra samleið með íbúum Arnarneshrepps.

Ef mið er tekið af þeim niðurstöðum sem koma fram í töflunni að ofan stendur nokkuð uppúr að grannar virðast standa grönnum næst. Fólk á mesta samleið með því fólki sem býr því nær. Ekki þarf heldur að koma á óvart að þau sveitarfélög sem eru mest afskekkt eða einangruð í Eyfirsku samhengi virðast hafa samkennd fæstra. Hér er átt við Siglufjörð og Grímsey. Það hlýtur hinsvegar að vekja athygli að umtalsvert hátt hlutfall íbúa allra sveitarfélaganna í Eyjafirði segir sig eiga mikla eða nokkra samleið með Akureyringum, eða á bilinu 67 – 95 prósent. Meðalgildi Akureyrar er langhæst í þessu tilliti eða 77,7%. Þetta má túlka á þann veg að í augum íbúa á svæðinu fái hlutverk Akureyrar sem miðstöðvar þjónustu og stjórnsýslu lögmætingu. Til þess ber einnig að líta að löng hefð er að sjálfsögðu fyrir þjónustu og (ríkis) stjórnsýslusókn til Akureyrar fyrir flesta.

Með sameiningu í eitt sveitarfélag næst ekki einungis ákveðin fjárhagsleg hagræðing og jöfnun þjónustustigs með því að gera svæðið eitt heildstætt þjónustusvæði. Einnig gæti myndast heildstætt þróunarsvæði í málum er lúta að framþróun byggðar. Má þar nefna heildræna stefnu í skipulagsmálum, heildræna atvinnustefnu, heildrænt þróunarstarf og nýsköpun og heildræna sýn í umhverfismálum. Allt þetta styrkir svæðið sem það sem við viljum kalla þróunarsvæði, auk þess að efla það sem þjónustu- og atvinnusvæði. Með slíku fyrirkomulagi má ná fram meiri árangri í uppbyggingu Eyjafjarðarsvæðisins – með samræmdu átaki eins sveitarfélags.

Heimildir

Prentaðar heimildir:

- Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar (2004): *Staðsetning starfa á vegum ríkisvaldsins Höfuðborgarsvæðið og Eyjafjörður*. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar. Akureyri.
- Benedikt Björnsson (2001): *Eyjafjarðarsvæðið, tillaga að svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 unnin fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag, greinargerð*. Samvinnunefnd um svæðisskipulag, Akureyri.
- Brynjólfur Sveinsson (2001): *Svæðislýsing í Bragi Guðmundsson (ritstj.) Líf í Eyjafirði*. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri. Akureyri.
- Eyþing (2004): *Sameining sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Skýrsla til nefndar félagsmálaráðuneytisins um sameiningu sveitarfélaga*. Eyþing, Akureyri.
- Fimreite, Anne-Lise & Aars, Jakob (2002): *Makt, avmakt, motmakt. Samspil og konflikt mellom bydeler og sentralt nivå i Bergen kommune*. Fyrirlestur á norrænni ráðstefnu um rannsóknir á sveitarstjórnarmálum í Óðinsvéum í Danmörku, 29. nóvember – 1. desember 2002.
- Grétar Þór Eypórsson (1998): *Kommunindelningsspolitik i Island. Staten, kommunerna och folket om kommunsammanslagningar*. CEFOS, Göteborg.
- Grétar Þór Eypórsson (2003): *Af smáum sveitahreppum og stöndugum kaupstöðum. Um þróun sveitarstjórnarstigsins á Íslandi. Í Afmæliskeðja til Háskóla Íslands*. Hólar, Akureyri.
- Grétar Þór Eypórsson og Hjalti Jóhannesson (2002): *Sameining sveitarfélaga. Áhrif og afleiðingar. Rannsókn á sjö sveitarfélögum*. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, Akureyri.
- Gunnar Helgi Kristinsson (2001): *Staðbundin stjórnarmál*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Hjalti Jóhannesson (2002): *Byggð og atvinnulíf í Eyjafirði. Samantekt vegna byggðaáætlunar Eyjafjarðar*. Byggðarannsóknastofnun Íslands, Akureyri.
- Hjalti Jóhannesson, Grétar Þór Eypórsson og Kjartan Ólafsson (2001): *Jarðgöng og vegagerð á norðanverðum Tröllaskaga, mat á samfélagsáhrifum*. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, Akureyri.
- Hjördís Sigursteinsdóttir (2002): *Stoðgreinar útgerðar- og fiskvinnslu – skipting starfa milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis*. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, Akureyri.
- Kaupang (2004): *Ekteskap – Eller bare gode venner? Frei og Kristiansund – En eller to kommuner? En vurdering av fordeler og ulemper ved en kommunesammenslåing*.

- Kjær, Ulrik (2001): *Kommunesammenlæggninger. Hvor skal rådhuset så ligge?* Fyrirlestur á norrænni ráðstefnu um rannsóknir á sveitarstjórnarmálum í Turku, Finnlandi, 23. – 25. nóvember 2001.
- Lýður Björnsson (2001): Breytingar á skipun sveitarfélaga 1700-2001. *Sveitarstjórnarmál 3. tbl. 2001.*
- Montin, Stig (1998): *Lokala demokratiexperiment – exempel och analyser.* SOU 1998:155.
- Nefnd um skiptingu landsins í sveitarfélög (1991): *Skipting landsins í sveitarfélög 2. Skýrsla um einstaka landshluta.* Félagsmálaráðuneytið, Reykjavík.
- Sigurbjörn Hallsson (1987): *Svæðisskipulag Eyjafjarðar, forsendur – horfur – markmið.* Samvinnunefnd um skipulagsmál Eyjafjarðar, Akureyri.
- Skipulagsdeild Akureyrarbæjar (1998): *Aðalskipulag Akureyrar 1998-2018, greinargerð, staðfestur hluti.* Skipulagsdeild Akureyrarbæjar, Akureyri.

Heimsóttar vefsíður:

- Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, sjá www.afe.is, heimsótt í nóvember 2004.
- Heimasíða Akureyrarbæjar, sjá www.akureyri.is, heimsótt í október-desember 2004.
- Heimasíða Dalvíkurbyggðar, sjá www.dalvik.is, heimsótt í október-desember 2004.
- Heimasíða Eyjafjardarsveitar, sjá www.eyjafjardarsveit.is, heimsótt í október-desember 2004
- Heimasíða Félagsmálaráðuneytisins, sjá www.stjr.is, heimsótt í október-desember 2004.
- Heimasíða Flugfélags Íslands, sjá www.flugfelag.is, heimsótt í nóvember 2004.
- Heimasíða Grýtubakkahrepps, sjá www.grenivik.is, heimsótt í október-desember 2004
- Heimasíða Hagstofu Íslands, sjá www.hagstofa.is, heimsótt í október-desember 2004.
- Heimasíða Hörgárbyggðar, sjá www.horgarbyggd.is, heimsótt í október-desember 2004
- Heimasíða Ólafsfjarðarbæjar, sjá www.olafsfjordur.is, heimsótt í október-desember 2004.
- Heimasíða Sambands íslenskra sveitarfélaga, sjá www.samband.is, heimsótt í október-desember 2004.
- Heimasíða Siglufjarðarkaupstaðar, sjá www.siglo.is, heimsótt í október-desember 2004

Heimasíða Vegagerðarinnar, sjá www.vegag.is, heimsótt í nóvember 2004.

Siglingastofnun, sjá www.sigling.is, heimsótt í desember 2004

Skipulagsstofnun, sjá www.skipulag.is, heimsótt í desember 2004

Umhverfisstofnun, sjá www.ust.is, heimsótt í desember 2004.

Vinnumálastofnun, sjá www.vinnumalastofnun.is, heimsótt í nóvember 2004.

Eftirfarandi aðilar veittu upplýsingar:

Alfreð Schiöth, heilbrigðisfulltrúi umhverfissviðs Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Andri Stefánsson sviðsstjóri fræðslusviðs Íþróttasambands Íslands.

Ármann Jóhannesson, sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akureyrarbæjar.

Árni K. Bjarnason, sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps.

Árni Ólafsson, arkitekt og fyrrverandi skipulagsstjóri Akureyrarbæjar.

Bjarni Kristjánsson, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar.

Björn Karlsson brunamálastjóri.

Dan Jens Brynjarsson, sviðsstjóri stjórnáslusviðs Akureyrarbæjar.

Franz Árnason, framkvæmdastjóri Norðurorku hf.

Guðjón Bragason, skrifstofustjóri í Félagsmálaráðuneytinu

Guðmundur Guðlaugsson, deildarstjóri Framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar.

Guðmundur Sigvaldason, verkefnisstjóri Staðardagskrár 21 hjá Akureyrarbæ

Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps.

Gunnar Gíslason deildarstjóri skóladeildar Akureyrarbæjar.

Halldór Guðmundsson, fyrrverandi félagsmálastjóri Dalvíkurbyggðar.

Helga Erlingsdóttir, sveitarstjóri Hörgárbyggðar.

Hjördís Sigursteinsdóttir, oddviti Arnarneshrepps.

Hólmfríður Sigurðardóttir skólastjóri Valsárskóla.

Hólmgeir Karlsson, oddviti Eyjafjarðarsveitar.

Jakob Björnsson, formaður bæjarráðs Akureyrar og formaður Eyþings.

Karl Guðmundsson, sviðsstjóri félagssviðs Akureyrarbæjar.

Karl Frímansson skólastjóri Hrafnagilsskóla.

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Akureyrar.

Marínó Þorsteinsson, bæjarfulltrúi í Dalvíkurbyggð.

Ólafur Kárason, formaður bæjarráðs Siglufjarðarkaupstaðar.

Óskar Þór Sigurbjörnsson, forstöðumaður Úteyjar.

Óttar Jóhannesson, oddviti Gríseyjarhrepps.

Pétur Þór Jónasson, framkvæmdastjóri Eyþings.

Runólfur Birgisson, bæjarstjóri Siglufjarðarkaupstaðar.

Sigríður Hjaltadóttir, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri hollustuhátta- og mengunarvarnadeildar Umhverfissráðuneytisins.

Sigurður Óli Kolbeinsson, lögfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Stefanía Traustadóttir, bæjarstjóri Ólafsfjarðarbæjar.

Trausti Þorsteinsson, forstöðumaður kennsluþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri.

Unnar Már Pétursson, bæjarfulltrúi á Siglufirði.

Valdimar Bragason, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar.

Valdimar Brynjólfsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

Valgerður Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri.

Valtýr Sigurbjarnarson, framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Eyjafjarðar.

Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir, forseti bæjarstjórnar Ólafsfjarðarbæjar.

Þórður Stefánsson, oddviti Grýtubakkahrepps.

Þórir Hákonarson, skrifstofustjóri Siglufjarðarkaupstaðar.



Viðauki 1

Niðurstaða almennra kosninga um sameiningu 15 sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu 20. nóvember 1993:

Sveitarfélag	Já-atkvæði %	Kosningapátttaka
Akureyri	75,9	35,9
Dalvík	23,4	71,1
Ólafsfjörður	8,4	76,4
Eyjafjarðarsveit	26,5	65,6
Grýtubakkahreppur	34,6	70,7
Árskógshreppur	83,2	72,6
Svalbarðsstrandarhreppur	42,2	69,8
Svarfaðardalshreppur	25,5	81,6
Hríseyjarhreppur	51,9	70,4
Glæsibæjarhreppur	16,1	73,8
Arnarneshreppur	54,4	65,6
Hálshreppur	9,3	77,9
Grímseyjarhreppur	34,0	71,6
Skriðuhreppur	27,3	72,4
Öxnadalshreppur	20,7	78,4

Viðauki 2

Mannfjöldatré fyrir landið allt og höfuðborgarsvæðið 1. desember 2003:



Viðauki 3

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu árið 2003:

	Reglugerð nr. 113/2003					Reglur nr. 968/2003	Reglugerð nr. 80/2001
	Sameining sveitarfél. Reglur 295/2003	Stofnkostn.- framlög	Framlög til sérstakra verkefna	Tekjujöfn.- framlög	Útgjaldajöfn.- framlög	Framlög v/íbúa- fækkunar	Jöfnun vegna fasteignask.
Akureyrarbær				102.705.258	59.769.920		113.290.057
Ólafsfjarðarbær		973.000			13.824.616	3.798.587	13.843.319
Dalvíkurbyggð				21.806.803	49.504.859	795.053	26.899.306
Grimseyjarhreppur		1.600.000			77.973		1.749.347
Hríseyjarhreppur			750.000	300.409	3.942.474	706.714	4.910.176
Arnarneshreppur					8.323.864	1.413.428	1.922.442
Eyjafjarðarsveit				41.948.095	36.836.611	2.826.855	6.696.808
Hörgárbyggð	2.953.000			4.595.005	12.142.434	795.053	7.926.842
Svalbarðsstrandarhr.		13.959.000		9.262.345	8.840.858		4.608.330
Grýtubakkahreppur					10.160.453		4.989.752
Siglufjarðarkaupstaður					29.921.169	10.777.385	33.271.079
	2.953.000	16.532.000	750.000	180.617.915	233.345.231	21.113.075	220.107.458

	Reglugerð nr. 351/2002					Rgl. nr. 122/2003	Rgl. nr. 303/2003	Samtals
	Almenn framlög vegna grunnskóla	Framlög v/ sérþarfa fatl- aðra nemenda	Framlög v/ nýbúa- fræðslu	Skólabúðir að Reykjum	Önnur framl. v/yfirfærslu grunnsk.	Framlög vegna húsaleigubóta	Stofnkostn. framlög	
Akureyrarbær	140.108.510	56.344.892	1.440.000			37.699.795		511.358.432
Ólafsfjarðarbær	23.420.432	2.510.004				1.849.681		60.219.639
Dalvíkurbyggð	51.900.847	2.580.000	1.620.000			5.282.006		160.388.874
Grimseyjarhreppur	4.496.250							7.923.570
Hríseyjarhreppur	9.663.316	1.760.004	270.000			204.757		22.507.850
Arnarneshreppur	9.096.189					108.573		20.864.496
Eyjafjarðarsveit	31.672.592	2.580.000	270.000			750.414		123.581.375
Hörgárbyggð	14.331.403	879.996				174.916		43.798.649
Svalbarðsstrandarhr.	19.408.804		180.000			200.711		56.460.048
Grýtubakkahreppur	16.726.213					901.836		32.778.254
Siglufjarðarkaupstaður	18.574.265	4.400.004				3.996.834		100.940.736
	339.398.821	71.054.900	3.780.000	0	0	51.169.523	0	1.140.821.923

Tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlög árið 2003, ósameinað/sameinað svæði

Svf.nr.	Sveitarfélag	A						F	Tekjujöfnunar framlög**	
		Íbúafjöldi	Íbúafj. framl.	Fjar. framl.	Péttb. framl.	Skólaakstur	Fækkun íbúa			Snjóm.
6000	Akureyrarbær	15.838	43.864.315	0	0	0	0	8.955.616	52.819.931	102.705.259
6200	Ólafsfjarðarbær	1.041	11.448.325	0	0	0	0	768.777	12.217.102	0
6400	Dalvíkurbyggð	2.040	32.294.050	3.533.176	3.231.004	3.446.998	0	1.243.250	43.748.478	21.806.803
6501	Grimseyjarhreppur	89	68.908	0	0	0	0	0	68.908	0
6504	Hríseyjarhreppur	186	2.531.071	0	0	0	615.825	337.153	3.484.049	300.409
6506	Arnarneshreppur	183	2.512.433	496.755	0	4.183.475	0	163.308	7.355.971	0
6513	Eyjafjarðarsveit	974	13.777.053	1.083.941	1.196.470	16.232.421	0	263.400	32.553.286	41.948.095
6514	Hörgárbyggð	370	4.356.068	275.547	0	6.098.907	0	0	10.730.522	9.262.345
6601	Svalbarðsstrandahreppur	379	4.932.593	670.814	0	1.977.648	0	231.792	7.812.848	0
6602	Grytubakkahreppur	392	6.352.360	1.202.430	0	1.097.599	0	326.617	8.979.005	0
5000	Siglufjarðarkaupstaður	1.455	21.337.203	0	0	0	3.513.823	1.590.939	26.441.965	0
		22.947	143.474.378	7.262.664	4.427.475	33.037.048	4.129.647	13.880.853	206.212.064	180.617.915
	Eftir sameiningu	22.947	0	10.073.740	20.019.097	33.032.215	0	14.001.384	77.126.437	156.097.775
	Mismunur		-143.474.378	2.811.077	15.591.623	-4.833	-4.129.647	120.531	-129.085.627	-24.520.140
	Samtals breyting									-153.605.767

Skerðing vegna
staarðar: Sveitarfélög
með fleiri en 22.000
íbúa fá
skerðingarstuðulinn 0
sem þýðir að
sameinað sv.fél. fengi
ekki framlag tengt
íbúafjölda.

Við sameiningu koma
inn þéttb. kjarnar sem
ekki töldu fyrir
sameiningu:
Siglufjörður,
Ólafsfjörður, Grimsey,
Hrísey, Svalbarðseyri og
Grenivík.

Fyrirvarar:

Útreikningar miðaðir við forsendur 2003 og úthlutanir tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlaga það ár.

Ef um miklar sameiningar verður að ræða þá munu þær hafa í för með sér að tekjujöfnunarbörfin í heild sinni mun minnka en fjármagníð mun þá renna til úthlutunar útgjaldajöfnunarframlaga.

Niðurstaða úr átaki til eflingar sveitarstjórastigsins getur kallað á breytingar á úthlutanarreglum Jöfnunarsjóðs bæði vegna fækkunar sveitarfélaga og verkefnaflutninga frá ríki til sveitarfélaga.

Fjárhagsleg áhrif sameiningar sveitarfélaga við Eyjafjörð á framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Eins og fram kemur á hjálögðu yfirliti yfir fjárhagsleg áhrif sameiningar sveitarfélaga við Eyjafjörð á jöfnunarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga yrði um skerðingu á framlögum að ræða m.v. þær reglur sem gilda um útreikning framlaganna í dag. Tekið er mið af forsendum ársins 2003. Sjá þó fyrirvara og niðurstöðu hér að neðan.

Tekjujöfnunarframlög

Sameining sveitarfélaga við Eyjafjörð hefði í för með sér minni tekjujöfnunarþörf viðkomandi sveitarfélaga.

Rétt er að geta þess að verði um miklar sameiningar sveitarfélaga að ræða þá munu þær hafa í för með sér að tekjujöfnunarþörfin í heild sinni mun minnka en fjármagnið mun þá renna til hækkunar á útgjaldajöfnunarframlögum og framlögum vegna sameiningar sveitarfélaga.

Útgjaldajöfnunarframlög

Útgjaldajöfnunarframlög eru reiknuð út á grundvelli eftirfarandi viðmiðunarþátta:

1. Íbúatengd viðmið (samtals 62,3%)
2. Fjarlægðir innan sveitarfélaga (8,8%)
3. Fjöldi þéttbýlisstaða umfram einn (2,9%)
4. Skólaakstur úr dreifbýli (21,5%)
5. Fækkun íbúa (2,0%)
6. Snjómokstur (2,5%)

Við útreikning framlaganna eru íbúatengd viðmið þeirra umreiknuð að teknu tilliti til stærðar hvers sveitarfélags. Skerðing vegna stærðarhagkvæmni er hlutfallsleg og falla framlög vegna íbúatengdra viðmiða niður þegar íbúafjöldi sveitarfélags nær 22.000.

Lækkun útgjaldajöfnunarframlaga til sameinaðs sveitarfélags við Eyjafjörð stafar af því að sveitarfélagið hefði fleiri en 22.000 íbúa en slíkt þýðir m.v. reglur framlaganna í dag að ekkert framlag fengist vegna íbúatengdra viðmiðana.

Framlög er taka tillit til fjarlægða innan sveitarfélaga og hlutfalls íbúa í þéttbýli og dreifbýli koma hagstæðar út við sameiningu og það sama á við um framlög sem ætlað er að taki tillit til sérstakrar útgjaldaþarfar sveitarfélaga sem halda þurfa úti þjónustu á fleiri en einum þéttbýlisstað innan sveitarfélags. Við sameiningu yrði til sveitarfélag með 12 þéttbýliskjarna sem hefði í för með sér hækkun framlaga til sameinaðs sveitarfélags.

Sameining hefði engin áhrif á framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli og framlög vegna snjómoksturs í þéttbýli.

Reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga nr. 295/2003

Samkvæmt reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga er sjóðnum heimilt að halda tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum óbreyttum á sameiningarári og fjögur ár frá sameiningu.

Að auki veita reglur Jöfnunarsjóðs möguleika á ýmsum frekari stuðningi, m.a. vegna kostnaðar við framkvæmd og undirbúning sameiningar, vegna þarfar fyrir skuldajöfnunarframlag og vegna endurskipulagningar á stjórnsýslu og þjónustu sameinaðs sveitarfélags. Einnig er möguleiki á að óska eftir þátttöku sjóðsins í stofnframkvæmdum við leikskóla og grunnskóla sem þörf er á í kjölfar sameiningar.

Fyrirvarar

Á það skal bent að í apríl 2005 fer fram atkvæðagreiðsla víða um land um tillögur sameiningarnefndar og má gera ráð fyrir því að sveitarfélögum fækki umtalsvert í kjölfar þeirra kosninga. Forsendur útreikninga á jöfnunarframlögum sem nú liggja fyrir taka ekki mið af þeirri fækkun sveitarfélaga. Einnig er starfandi í tengslum við verkefni um eflingu sveitarstjórnarstigsins sérstök tekjustofnanefnd, sem skipuð er fulltrúum ríkis og sveitarfélaga.

Þess má vænta að sú nefnd geri tillögur um aðlögun reglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að nýrri sveitarfélagaskipan og flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Niðurstaða úr átaki til eflingar sveitarstjórnarstigsins kallar á breytingar á úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs bæði vegna fækkunar sveitarfélaga og verkefnaflutnings frá ríki til sveitarfélaga.

Forsendur að útreikningi jöfnunarframlaga að fimm árum liðnum gætu því verið gjörbreyttar og því ber að taka hjálagða útreikninga með miklum fyrirvara.

Almenn framlög til reksturs grunnskóla

Til viðbótar er rétt að benda á heimildarákvæði í 4. tölulið, A-hluta, 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002 er fjallar um almenn jöfnunarframlög. Leggi sveitarfélög niður skóla og nemendur hans eru færðir í annan eða aðra skóla geta sveitarfélög sótt um að skólar séu reiknaðir út eins og gert var fyrir breytingar. Fallist ráðgjafarnefnd sjóðsins á slík erindi skal ákvörðunin gilda í fimm ár.

Niðurstaða

Miðað við núgildandi reglur og þá venju sem skapast hefur um beitingu heimilda í reglum sjóðsins myndu framlög úr honum til sameinaðs sveitarfélags við Eyjafjörð hækka fyrstu fjögur ár frá sameiningu, enda komi ekki til lækkunar á ráðstöfunarfé sjóðsins. Í því sambandi er rétt að benda á að í sameiginlegri viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga frá 17. september sl. kemur fram að aukin þörf kunni að skapast fyrir fjármagn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að aðstoða einstök sveitarfélög við sameiningu í samræmi við reglur sjóðsins. Gert er ráð fyrir að þeirri fjárþörf verði mætt með framlagi úr ríkissjóði ásamt því að Jöfnunarsjóður legði til eigið framlag. Fjárþörf vegna þessa gæti numið allt að 2,4 milljarði króna.

20. desember 2004,

Guðni Geir Einarsson

Félagsmálaráðuneytinu.